

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ 12. janúar 2013 | 10. tölublað 13. árgangur | Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt nýrri máláskönnun Capacent Gallup í maí 2012




Elísabet Margeirsdóttir er þekktust sem veðurfréttamaður á Stöð 2 en hún rekur líka næringarráðgjöf og er ástríðufullur hlaupari sem stefnir á 168 kílómetra fjallahlaup í haust. Hún segir það taka langan tíma að breyta lífsstílnum og að fólk eigi ekki að fara of geyst. Öllu skipti að setja sér raunhæf markmið og hafa gaman af því sem maður velur. ► 24



EGILL
HEIÐAR 38



SÉNTILMAÐUR
Á VEIÐUM 32



ÍSLAND HEFUR
LEIK Á HM 70

2 SÉRBLÖÐ

Fólk | Atvinna



ÚTSALA
ALLT AÐ 55% AFSLÁTTUR

SJÓNVÖRP - ALLAR STÆRÐIR - FRÁBÆR VERÐ

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SPORT HD

HANDBALL 2013

HM Í HANDBOLTA
FYRSTI LEIKUR ÍSLANDS

ÍSLAND RÚSSLAND

I DAG KL. 16.55

#HM2013 vír Arion banki VALITON ICELANDAIR

Fjörug og flott útsala

Opið til 18 í dag

Smáralind

UMHVERFISSLYS BLASIR
VIÐ Í KOLGRAFAFIRÐI 4NAUÐSYNLEGT AÐ
FRÆÐA BÖRNIN UM KYN-
FERÐISLEGT OFBELDI 6

„Þetta er nú ekkert óvenjulega mikið af málum sem bíður af greiðslu.“ 8

Helgi Bernóðsson, skrifstofustjóri Alþingis.

MISNOTAÐI HUNDRUÐ
MANNA Á HÁLFRI ÖLD 10

SKOÐUN 12→18



GILDRAN 12

Porsteinn Pálsson um gildru gjaldeyrishafta.

OLÍULEITARLEYFI Á DREKASVÆÐINU 16

Steingrímur J. Sigfússon um olúvinnslu.

BERRÖSSUÐ BÍRÆFNI – LÍF AÐ LÁNI 18

Guðrún Jónsdóttir um skáldsögu Hallgríms Helgasonar.

HELGIN 22→48

PAKKLÁT FYRIR AÐ VERA LEIKKONA 22

Ilmur Kristjánsdóttir rifjar upp kyninn af Ástríði.

EFTIRMINNILEGSTU SIGRARNIR 26

Ferill Íslendinga á HM í handbolta.

OFBELDI PAGNARINNAR 28

Hvað veldur því að kynferðisbrot hafa verið látin liggja í þagnargildi og hvers vegna stíga síffelt fleiri fram til að segja sögu sína?

FÆRRI TREYSTA STJÓRN MÁLAFLOKKUM 34

Sjálfstæðisflokkur er best treystandi til að hafa forystu í mikilvægum málaflokkum að mati landsmanna.



TÍSKUBÓLUR 2013 42

Nokkur tiskutrend vetrarins halda velli í sumar.

SKÍÐATÍMABILIÐ HAFIÐ 44

KRAKKAR 46

KROSSGÁTA 48

MENNING 58→78

EIN HEILD ÚR MÖRGUM PÁTTUM 58

Björk Viggósdóttir og Ingólfur Arnarsson sýna í Hafnarborg.

SÚPUR Í VETRARKULDANUM 62

Uppskriftir að fjórum góðum súpum.

SPIELBERG OG ÓSKARINN 64

Steven Spielberg er á bak við 122 tilnefningar til Óskarsverðlaunanna.

LÁRA RÚNARSDÓTTIR 66

Með tvo umboðsmenn í London.



SPORT 70→72



STJÖRNURNAR Á HM Á SPÁNI 72

Fréttablaðið skoðar í dag þá leikmenn sem verða í mesta sviðsljósinu á HM í handbolta sem hófst í gærkvöldi. Danskir og franskir leikmenn verða áberandi á mótinu.

FIMM Í FRÉTTUM BARNANIÐ OG BARSMÍÐAR



Hrönn Sveinsdóttir, kvikmyndagerðarmaður og framkvæmdastjóri Bíós Paradísar, greindi frá barnskubrekum þegar hún ruddist við þriðja manninn til barnaníðingsins Karls Vignis Þorsteinssonar á gamlársnótt 1993 og gekk í skrokk á honum og pindi næturlangt.



Erna Agnarsdóttir og María Haraldsdóttir tóku á laun upp samtal við Karl Vigni Þorsteinsson þar sem hann játtaði á sig kynferðisbrot á börnum. Upptökurnar urðu síðan grunnurinn að frekari umfjöllun um málið.



Ásgeir Trausti komst enn á ný í sviðsljós fjölmiðla þegar gerðar voru upp sölutölur síðasta útgáfuárs. Í ljós kom að hljómplata hans, *Dýrð* í dauðaþögn, er söluhæsta frumraun íslensks tónlistarmanns frá upphafi.



Karl Vignir Þorsteinsson barnaníðingur hefur verið þungamiðja fréttaflokkings og umfjöllunar um barnaníðinga í vikunni. Boltinn tók að rúlla með nýrri umfjöllun Kastljóssins um vöðaverk hans og hálftrar aldar brotaferil.



→ **Björn Zoëga**, forstjóri Landspítalans, þurfti í vikunni að svara fyrir ýmis mál tengd spítalanum, þar á meðal vanda vegna myglusvepps í elstu byggingum spítalans og uppsagnir hjúkrunarfræðinga.

„Ófėtið hafnaði mér,“
segir formaður SVFR

Boðið var upp á þá nýbreytni hjá Stangaveiðifélagi Reykjavíkur að hafa opið hús og láta tölvu draga úr miklum fjölda umsókna um morgunvaktir í Elliðaánum í júlí. Formaður félagsins stýrði útdráttinum en varð úti í kuldanum eins og margir.

STANGVEIÐI Formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur var meðal þeirra sem ekki fengu úthlutað veiðileyfi í Elliðaánum næsta sumar þegar dregið var úr umsóknum.

„Óska eftir degi í Elliðaám, tölvu-ófėtið hafnaði mér,“ skrifaði Bjarni Júlíusson, tölvunarfræðingur og formaður Stangaveiðifélagsins, inn á Facebook-síðu SVFR eftir dráttinn sem hann sjálfur stýrði á fimmtudaginn. „Ég ætla að gera það að tilögu minni á næsta stjórnarfundum að þessi asni sem forritaði þennan útdrátt verði rekinn,“ bætti hann við síðar á létum nótum.

Hópur félagsmanna SVFR fylgdi með þegar Bjarni lét tölvu velja úr umsóknum þeirra sem sóttu um veiði fyrir hádegi í júlí næsta sumar í Elliðaánum. Langmesti umsóknarþunginn var á þessar morgunvaktir. Á sumar vaktirnar voru umsóknirnar fimmfalt fleiri en stangirnar sem voru í boði. Fengu því færri en vildu.

Hlutir æxluðust þannig að af þeim sem þáðu boð stjórnar SVFR og voru viðstaddir dráttinn fengu fæstir úthlutun. Þótt stemningin að því leyti hefði getað verið betri voru menn þó almennt ánægðir með að þessari aðferð var beitt. Þess utan er ekki öll nótt úti enn fyrir þennan tiltekna júlímorgna-hóp því nú mun árnefnd Elliðaána taka við að úthluta öllum öðrum vöktum sumarsins. Talsvert mun vera laust á þær vaktir.

Þess má geta að tæknileg útfærsla tölvudráttarinnar var útskýrd fyrir þeim sem voru í salnum að því er segir á vef Stangaveiðifélagsins. „Var það sem hebreska í eyrum flestra,“ segir á svfr.is.



SPENNA Í SALNUM Nokkrir félagsmenn þáðu boð um að vera viðstaddir drátt um veiðileyfi í Elliðaánum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



BJARNI JÚLIUSSON Tölvun hafnaði Bjarna Júlíussoni, formanni SVFR.

Óska eftir
degi í Elliðaám.

Bjarni Júlíusson
formaður Stangaveiðifélags
Reykjavíkur.

Fimm kærur frá fullorðnum einstaklingum vegna ófyrndra brota Karls Vignis:
Athuga tengsl við aðra níðinga

LÖGREGLUMÁL Meðal þess sem lögreglan rannsakar í tengslum við mál Karls Vignis Þorsteinssonar er hvort hann hafi átt í samskiptum við aðra barnaníðinga í gegnum tíðina í þeim tilgangi að skiptast á upplýsingum eða efni. Lögreglan lagði hald á ýmis gögn í húsleit hjá Karli Vigni fyrr í vikunni, en þau eru nú til rannsóknar.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar, segir lögregluna ekki hafa haft neinar spurnir af Karli Vigni síðan árið 2007, fyrr en Kastljós lét upptökur af honum þeim í té.

Tveir til viðbótar lögðu fram kærur gegn Karli Vigni í gær og eru þá formlegar kærur gegn honum vegna ófyrndra brota orðnar fimm talsins. Um er að ræða einstaklinga yfir átján ára aldri af

báðum kynjum. Ljóst er að brotin eru greinilega ekki fyrnd og frekar nýleg, eins og Björgvin orðar það.

Hann segir Karl hafa verið samvinnuþýðan í skýrslutökum, en hann hefur ekki verið yfirheyrður síðan hann var úrskurðaður í tveggja vikna gæsluvarðhald á þriðjudag. Nú vinnur lögregla að því að yfirheyrja vitni og þolendur. Fleiri þolendur brota Karls Vignis hafa haft samband við lögreglu undanfarna daga en talið er að mál þeirra séu fyrnd.

„Við eigum eftir að skoða þau mál. Svo það er margt í farvatninu,“ segir Björgvin. „Rannsókninni miðar ágætlega. Þetta er umfangsmikið mál og við verðum að stíga varlega til jarðar og gaumgæfa alla þætti málsins.“ -sv



ÚRSKURÐAÐUR Í GÆSLUVARÐHALD Lögregla segir Karl Vigni hafa verið samvinnuþýðan í yfirheyrslum undanfarna daga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jóga Golf

Andlegi hluti golfsins er ekki síður mikilvægur en sá líkamlegi til þess að sem bestur árangur náist.

Guðjón Sveinsson jógakennari verður með námskeið í golf jóga sem hefst 17. janúar næstkomandi, kl 19:15 og verður haldið í Fram-heimilinu, Safamýri

Ég get af eigin reynslu heilshugar mælt með þessu námskeiði Sveinn Jónsson

Ég náði upp meiri styrk og jafnvægi, lærði árangurs ríkari öndun, réttara hugarfar og betri einbeitingu eftir námskeiðið. Það að stunda GOLF-YOGA tel ég að hafi bætt mig í golfi. Ragnar Gíslason

Þetta námskeið gaf mér mjög mikið, bæði hvað varðar styrkingu líkamans og slökun. Það gaf mér líka nýja sýn á markmiðasetningu og aukna ánægju af golfleik sem síðan leiddi til lækkandi forgjafar. Mæli hiklaust með því.

Kolbrún Stefánsdóttir

Skráning í síma 772 4950 eða gudjon@sveinsson.is
www.sveinsson.is



Álvöru ÚTSALA

RÝMINGARSALA Í SKÚTUVOGI

PARKET • FLÍSAM • KLÓSETT
INNIHURÐIR • BAÐKÖR
HANDKLÆÐAOFNAR
VEGGJA- OG LOFTAPILJUR

MIKIL VERÐLÆKKUN!

HEFST
Í DAG



Verkfæri

15-30%
afsláttur



Heimilistæki

20-40%
afsláttur



Búsáhöld

30-70%
afsláttur



Smárattæki

20-40%
afsláttur



Málning

20%
afsláttur



Parket og flísar

10-30%
afsláttur



Blöndunar- og
hreinlætistöki

20-25%
afsláttur



Fatnaður

30-70%
afsláttur



Handverkfæri
og verkfæratöskur

20-30%
afsláttur

Jólavörur

30-70%
afsláttur

Túlípanar
10 stk.
1.490 kr.



blómaval



HÚSASMIÐJAN


HLUTI AF BYGMA

LEGSTA
LÁGA
VERÐ

*Afsláttur gildir af útsöluvörum.
Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“.
Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslana

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

05.01.2013 → 11.01.2013



1.200
kannabisplöntur fundust við leit í iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði.


127

ALMENNINGSSÍMAR
voru á Íslandi í fyrra. Allt stefnir í að þeim fækki nokkuð næstu ár.

25 ár þurfa að líða þangað til Íþróttafélagið Haukar má aftur stofna til skulda.

19 MILLJÓNIR

er sú upphæð sem Páli Heimissyni er gefið að sök að hafa dregið sér með kreditkorti íhaldshóps Norðurlandaráðs.



2
af hverjum tíu stjórnarmönnum í íslenskum fyrirtækjum eru konur.

2.000.000

gistinátta voru seldar á hótélum og gistiheimilum landsins árið 2011.



8 BÖRN hafa fengið meðferð vegna kynáttunarvanda á Íslandi síðustu tvö ár.

Dæmdir í fimm og fjögurra og hálfis árs fangelsi: Skeljagrandabróðir fær nauðgunardóm

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt Stefán Loga Sívarsson og Þorstein Birgisson í fimm ára og fjögurra og hálfis árs fangelsi fyrir að nauðga nítján ára stúlku í nóvember 2011.

Stefán var viðskiptavinur myndbandaleigu sem stúlkan vann á, krafðist þess að fá símanúmerið hennar og tók í kjölfarið að áreita hana linnulítið. Þeir Þorsteinn sóttu hana síðan á vinnustað hennar, fóru með hana heim til Þorsteins og þröngvuðu henni báðir í einu til samræðis og munnmaka og hættu ekki þótt hún bæði um það og gréti. Tvímenningarnir neituðu sök og báru að hún hefði verið samþykkt öllu saman. Dómarar meta þá ótrúverðuga og segja framburð þeirra bera þess merki að þeir hafi samræmt hann. Framburður stúlkunnar er aftur á móti metinn trúverðugur.

Stúlkan hefur glímt við mikla áfallastreituröskun eftir atburðinn og er óvíst um batahorfur hennar. Þeir eru dæmdir til að greiða henni tvær milljónir í miskabætur.

Mennirnir eiga báðir nokkurn sakaferil að baki. Stefán er annar svokallaðra Skeljagrandabræðra sem voru mikið í fjölmiðlum fyrir um áratug vegna hrottalegra ofbeldisverka. Brotaferill þeirra hófst strax á barnsaldri.

Grunaður um þrjú brot: Barnaníðingur í viku varðhald

LÖGREGLUMÁL Gunnar Jakobs-son, sem áður hét Roy Svanur Shannon, sem handtekinn var á fimmtudag vegna gruns um kynferðisbrot gagnvart þremur börnum, hefur verið úrskurðaður í vikulangt gæsluvarðhald.

RÚV greindi frá þessu í gær en úrskurður þess efnis var kveðinn upp í Héraðsdómi Suðurlands.

Við húisleit á heimili Gunnars í gær fannst myndefni sem Gunnar hefur viðurkennt að sé af barnaníði.

Gunnar skipti um nafn eftir að hann afplánaði dóm fyrir rúmum áratug fyrir kynferðisbrot gegn börnum en hann var áður þekktur undir nafninu Roy Shannon.

Hann var yfirheyrður í gærmorgun og leiddur fyrir dómara í hádegjun.

- shá

Hátíð Þjóðræknifélagsins: Menning í Vesturheimi krufin

MENNING Menningararfarur Íslendinga í Vesturheimi er viðfangsefni kynningarhátíðar í boði Þjóðræknifélagsins, sem haldin verður á Hótel Loftleidum í dag. Á hátíðinni verða krufnar spurningar um ástæður þess að fólk yfirgaf föðurland sitt og hélt vestur um haf, og hvort ungrir Íslendingar láti sér Vestur-Íslendinga einhverju skipta.

Svavar Gestsson, fyrrverandi sendiherra og ráðherra, segir frá hugleiðingum sínum tengdum Vestur-Íslendingum og menningu þeirra, og umræður verða að dag-skrá lokinni.



SVAVAR GESTSSON

Umhverfisslys blasir við telja heimamenn

Bæjarstjórn Grundarfjarðar hefur þungar áhyggjur af rotnandi síld í Kolgrafafirði. Hafró var við rannsóknir í vikunni. Magnið er slíkt að hreinsun er talin ómöguleg. Fræðilega getur rotnunin valdið eitrun í firðinum ef allt fer á versta veg.

UMHVERFISMÁL Bæjarstjórn Grundarfjarðar telur að umhverfisslys blasi við vegna rotnandi síldar í Kolgrafafirði og kallar eftir samstarfi við umhverfisvöld. Hafrannsóknastofnun hefur verið við upplýsingaöflun í firðinum undanfarna daga. Rotnun síldar á fjöllum er þegar farin að valda íbúum í firðinum ama vegna ólyktar.

Eins og greint hefur verið frá sýndu mælingar Hafrannsóknastofnunar í desember að mikið magn síldar drapst þar á stuttum tíma; á botni fjarðarins liggja allt að þrjátíu þúsund tonn af síld sem er tekin að rotna. Súrefnismettun í firðinum mældist þá mjög lág, lægri en áður hefur mælst í sjó við landið, og er hún talin meginorsök síldardauðans.

Bæjarstjórn Grundarfjarðar ályktaði á fimmtudag vegna málsins og segir að umhverfisslys blasi þar við. Þar er kallað eftir viðbragðsáætlun sem fyrst og samstarfi við Hafrannsóknastofnun, Umhverfisstofnun og umhverfisráðuneyti. Þar segir: „Ábyrgð og kostnaður vegna mögulegrar hreinsunar telur bæjarstjórn útilokað að geti legið hjá landeigendum eða sveitarfélaginu.“ Það er hins vegar skilningur Umhverfisstofnunar að sveitarfélagið og landeigendur séu aðgerðar- og ábyrgðaraðilar í málinu.

Sólveig Rósa Ólafsdóttir, sviðstjóri sjó- og vistfræðisviðs Hafró, segir erfitt eða ómögulegt að meta hvernig mál muni þróast í Kolgrafafirði. Hún getur þess þó að



Í KOLGRAFAFIRÐI Magnið af síld, sérstaklega á botni fjarðarinnar, er slíkt að kunnugir telja að hreinsunarstarf myndi litlu skila.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

mikil rotnun á hafsbotni geti valdið súrefnisþurrð. Slíkt veldur því að aðrar lífverur en þær sem nýta súrefni drífa rotnunina áfram. Þær nota sulfat í stað súrefnis en „hliðarafurðin“ af slíkri rotnun er eitrun.

Sólveig tekur fram að Hafrannsóknastofnun hafi ekki séð þess nein merki að slíkt sé hafði í Kolgrafafirði eða að hætta sé á slíkri eitrun.

Þeir sérfræðingar, og staðkunnugir, sem Fréttablaðið hafði samband við draga ekki úr því að vandi geti skapast vegna rotnandi síldar í firðinum, en margt

geti haft áhrif þar á. Þó er það einróma mat þeirra að hreinsun myndi litlu skila eða vera verkfræðilega ómöguleg; magnið sé einfaldlega slíkt. Er þá kostnaður við slíkt hreinsunarstarf tekinn út fyrir sviga.

Hafrannsóknastofnun var við mælingar í firðinum á fimmtudag og í gær. Gerðar eru áþekkar mælingar og fyrr; ástand sjávarinnar kannað (hiti, selta, súrefni), mælingar gerðar á magni síldar í firðinum auk þess sem botn fjarðarinnar var skoðaður með neðansjárvarmyndavélum. Niðurstöður liggja fyrir eftir helgi. svavar@frettabladid.is

3. SKREF

TALAUÐU UM ÞAÐ

BÖRN HALDA OFT MISNOTKUNINNI LEYNDRI. ÞAÐ ER HÆGT AÐ FÁ ÞAU TIL AÐ RJÚFA ÞÖGNINA MED ÞVÍ AÐ TALA OPINSKÁTT UM ÞESSI MÁLEFNI.

Kynntu þér nánar bæklinginn 7 skref til varnar börnum okkar á vefnum www.blattafram.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

STÖKU ÉL Í dag verður yfirleitt hægur vindur og breytileg átt. Dálftil él sunnan til og suðaustan til síðdegis. Hæg suðvestlæg átt á morgun en gengur í vaxandi norðanátt norðanlands annað kvöld með snjókómu. Kólnandi veður.

| | | | | | |
|--------------|--------------------|-------------------|--------------|-------------|-------------------|
| Alicante 18° | Billund 0° | Gautaborg -1° | London 5° | Orlando 27° | San Francisco 10° |
| Basel 5° | Frankfurt 1° | Kaupmannahöfn -1° | Mallorca 18° | Ósló -9° | Stokkhólmur -4° |
| Berlín 5° | Friedrichshafen 1° | Las Palmas 21° | New York 12° | París 6° | |

Á morgun
Hæg SV-átt, vaxandi N-átt um kvöldið.

Mánudagur
Norðan 10-15 NA- og A-til, annars hægari.

Elísabet Margeirsdóttir
veðurfréttamaður



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



Sportlegur að framan
með 100 hjóðlát hestöfl
undir húddinu.

Og borgin varð orðlaus. Nýr Yaris Hybrid.



Mig langar í
svona.

ahh ... útblásturinn
aðeins 79g/km

Nýr Yaris Hybrid. Sjáðu borgina þagna.

Umferðarljósinn stoppa og stara á hann renna hjóðlaust hjá. Stöðumælarnir kyngja klínki af aðdáun meðan bensíndælnar stinga fingrum í eyrun og láta sem hann sé ekki til. Fimmtán ára þróun Toyota á hybrid-tækninni hefur skilað sér í þessum hjóðláta snillingi, nýjum Yaris Hybrid sem með lágmarksútbæstri (79g/km) og aðeins 3,5 lítrum á hundraðið líður hávaðalaust um stræti og torg.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

Verð: 3.480.000 kr.

3,5l
/100km
SPARAR BENSÍN

Notar aðeins frá 3,5 lítrum
á 100 km í blönduðum akstri.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

B|L

BÍLAKAFFI

NÝIR SPARNEYTNIR BÍLAR



FER 1.428 KM
Á EINUM TANKI
M.v. blandaðan akstur

RENAULT MEGANE II SPORT TOURER

1.5 dísil, sjálfskiptur. Verð 3.890 þús. kr.

Eyðsla:

4,2 l/100 km*



VINSÆLASTI
SPORTJEPPINN
Samkv. Umferðarstofu 2012



NISSAN QASHQAI – 4x4

Dísil, beinskíptur. Verð 5.090 þús. kr.

Eyðsla:

4,6 l/100 km*



SPARNEYTINN
SUBARU

Ný vsk. aukinn bensinsparnaður



SUBARU XV – 4x4

Bensín, sjálfskiptur. Verð 5.590 þús. kr.

Eyðsla:

6,6 l/100 km*



Velkomin í laugardagskaffi!
Reynsluakstur í dag frá kl. 12–16.

Á laugardögum er skemmtilegt að kíkja í heimsókn, skoða bíla og fá að reynsluaka þeim nýjustu úr salnum. **Allt að 80% fjármögnun til 84 mánaða frá Ergo.**

Verið velkomin til okkar, við tökum vel á móti ykkur með kaffi og meðlæti.



Bílaúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílasala Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

BL Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000

B|L

Oddviti Bjartrar framtíðar sakaður um smölun og lygar í starfi hjá Geðhjálp: „Blöndum okkur ekki í þetta“

STJÓRN MÁL „Við í Bjartri framtíð blöndum okkur ekki í þetta, en hvetjum alla til þess að kynna sér hlið Bjartrar,“ segir Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, um umfjöllun DV um missætti innan stjórnar Geðhjálpar. Þar er Björt Ólafsdóttir, oddviti flokksins í Reykjavíkurborgardæmi og fyrrverandi formaður Geðhjálpar, borin þungum sökum af tveimur stjórnarmeðlimum Geðhjálpar. Vantrauststillaga var samþykkt á hendur Björtu áður en hún sagði af

sér formennsku í félaginu í desember. Hún var meðal annars sökuð um að hafa falsað gögn, reynt að ráða vinkonu sína til félagsins og smalað fólk í samtökin sem var algjörlega ótengt geðheilbrigðismálum.

Björt vísar öllum ásökunum á



BJÖRT ÓLAFSDÓTTIR

bug í DV og segir þetta sprottið frá þremur stjórnarmönnum af tíu innan Geðhjálpar.

Guðmundur segir flokkinn ekki ætla að aðhafast vegna málsins.

„Okkur var kunnugt um þetta en Björt hefur farið vandlega yfir þetta með okkur og við sjáum nú ekki að í þessu felist mjög þungar ásakanir,“ segir Guðmundur. „Hún hefur farið fram á að þetta sé allt tekið út skynsamlega og mér finnst öll svör hennar mjög sannfærandi.“

-sv

Nauðsynlegt að fræða börnin um ofbeldið

Óupplýst börn eiga frekar á hættu að vera misnotuð kynferðislega og greina síður frá ofbeldinu. Fræðsla er öflugasta forvörn gegn kynferðisbrotum. Foreldrar eiga að fræða börn sín um leið og þau treysta sér til, segir sálfræðingur.

SAMFÉLAGSMÁL Fræðsla barna um kynferðislegt ofbeldi er langbesta forvörn gegn því. Best er ef fræðslan kemur frá foreldrum barnanna en einnig er hægt að leita til skóla eða félagsamtaka ef foreldrar geta ekki eða treysta sér ekki til að ræða málið við börnin sín.

Þetta segir Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur sem hefur haldið námskeið í fræðslu fyrir foreldra, skóla, félaga- og íþróttasamtök í fjölda ára um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í samfélaginu. Kolbrún á sjálf tvær dætur og hafði rætt við þær um þessi viðkvæmu mál þegar þær voru fimm ára gamlar. Hún bendir þó á að foreldrar þekki börnin sín best og finni sjálfir hvenær það hentar.

„Umræðan er best á heimilinu, þegar það er hægt. Það eru ákveðnar reglur sem nauðsynlegt er að ræða, en einnig verður að gæta þess að hræða börnin ekki og segja hluti eins og að það séu vondir menn þarna úti. Frekar að það séu ekki allir jafn góðir,“ segir Kolbrún. „Ef einhver ókunnugur biður mann um að koma, gefur manni eitthvað eða annað slíkt, á maður að segja skýrt nei, fara í burtu og segja svo frá.“

Kolbrún segir nauðsynlegt að brýna fyrir börnum að enginn eigi að eiga „vond leyndarmál“, eða leyndarmál sem láta barninu líða illa. „Þegar við erum búin að ræða þetta við ung börn, verða þau svo mikið hæfari, afslappaðri og öruggari í umhverfi sínu.“

Kolbrún segist hafa skynjað breytingar á umræðunni í samfélaginu eftir umfjöllun Kastljóss í vikunni og bendir á að börn verða einnig fyrir áhrifum af henni án þess að foreldrar geri sér endilega grein fyrir því.

„Ég vil því hvetja foreldra að gæta að líðan barna sinna í þessu sambandi, útskýra, svara spurningum sem vakna og ræða þetta allt eftir því sem aldur og þroski leyfir,“ segir hún. sunna@frettabladid.is

Níðingar sækja í sundlaugar



SUNDLAUG Kolbrún segir þekkt að menn með barnagirnd sækja í sundlaugar þar sem erfitt er að fylgjast með þeim og návígi við börnin er oft mikið og náð.

NORDICPHOTOS/GETTY

Staðir sem laða að kynferðisafbrotamenn eru til dæmis:

- Sundlaugar
- Skemmtigarðar
- Ýmis opin svæði
- Götur (aka um á bílum og reyna að laða barn upp í með lygum eða tilbodum um gjafir og góðgæti)

Samkvæmt Kolbrúnu sækja gerendur gjarnan í sundlaugar, meðal annars vegna þess að þar eru mörg tækifæri til að áreita kynferðislega, til dæmis með því að klípa og káfa undir yfirborði vatnsins. Þar geta þeir einnig hagað sér eins og börn og eiga auðvelt með að komast í líkamlega snertingu við börn. Þá er erfitt að hafa eftirlit og yfirsýn yfir atferli þeirra og erfitt er fyrir eftirlitsmann að vita hver tenglin eru við barnið. Gerandi getur þar falið sig bak við nafnleysi og nekt.

Alltaf að trúá orðum barnsins

Hvað á að gera ef barn greinir frá einhverju sem kann að vera vafasamt; upplifun, skynjun, atburði, áreitni eða misnotkun af einhverju tagi?

- Leggja ávallt trúnað á orð og upplifanir barnsins.
- Tilkynna mál til barnaverndar og/eða lögreglu.
- Láta barnið vita að það var rétt að segja frá.
- Hrósa því og róa það.

Hafi barnið orðið fyrir áreitni eða misnotkun af einhverjum toga þarf fyrst og fremst að tryggja öryggi þess og fullvissa það um að ofbeldið sé ekki því að kenna. Nauðsynlegt er að hlusta á barnið og varast yfirheyrslur. Loks þarf að tilkynna málið til viðeigandi aðila.



KOLBRÚN BALDURSDÓTTIR

Sextugur framhaldsskólakennari dæmdur í fangelsi í annarri atrennu:

Borgaði 14 ára dreng fyrir mök

→ Byrjaði ellefu ára að selja sig

Í dómnum kemur fram að drengurinn hafi „byrjað að stunda vændi 11 ára gamall til þess að fjármagna neyslu á grasi og morfíntöflum“. Þrjú önnur mál séu í rannsókn sem varða brot manna gegn honum.

ekki hafa vitað hversu ungur hann hefði verið.

„Ákærði sagðist gera sér grein fyrir því að hann hefði verið að kaupa vændi. En það að kaupa vændi barns hefði stungið sig í hjartað vegna þess að hann hefði í rauninni ekki verið að því,“ eins og það er orðað í dómnum.

Dómurinn kemst að þeirri niður-

stöðu að í ljósi stöðu mannsins sem framhaldsskólakennari hafi reynsla hans átt að leiða til þess að hann gáði sérstaklega að aldri drengsins. Hann hafi því sýnt af sér refsivert gáleysi. Ekki þykir til efni til að skilorðsbinda refsinguna jafnvel þótt maðurinn hafi stundað meðferðir og sé í dag gjörbreyttur maður, að mati geðlæknis.

-sh



Frumskýndur í dag kl. 12-16
í HEKLU og hjá umboðsmönnum
um land allt

Nýr Volkswagen Golf

Nýr Volkswagen Golf er kominn til landsins en það er sjöunda kynslóð þessa vinsæla bíls sem tæplega 30 milljónir eintaka hafa selst af síðan hann kom fyrst á markað árið 1974. Þessi mikla sigurför í tæp 40 ár er ekki síst því að þakka að Golf hefur ávallt verið áreiðanlegur og sá bíll sem stendur fólki næst.

Nýr Golf er enn betur búinn en áður. Meðal staðalbúnaðar má nefna: ESP-stöðugleikastýringu, hita í sætum, rafmagnshitaða og stillanlega hliðarspegla, Bluetooth-búnað fyrir síma, fjölrofa sportstýri með fjarsýringu fyrir hljómtæki og síma, útvarp „Compose“ með 8 hátölurum, 5,8“ snertiskjá, AUX-tengi og SD-kortarauð, loftkælingu, þokuljós með beygjulýsingu í framstuðrum, Start/Stop búnað o.fl.

Nýr Volkswagen Golf verður frumsýndur í HEKLU og hjá umboðsmönnum um land allt **í dag kl. 12-16**. Þar verður hægt að reynsluaka nýjum Golf og kynna kostum hans nánar.

Volkswagen Golf kostar frá
3.390.000 kr.*

*Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskiptur, 122 hestöfl.



42.009 kr. á mánuði

Nýr umhverfisvænn Volkswagen Golf með 9,65% óverðtrygðum breytilegum vöxtum á bílasamningi frá Lykli til 84 mánaða og 25% útborgun. Hlutfallstala kostnaðar 10,31%.

LYKILL

Söluaðilar: HEKLA Reykjavík · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss
Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

FJÖLDI MÁLA BÍÐUR AFGREIÐSLU Á ALÞINGI

Fiskveiði og stjórnarskrá stóru málin

Alls bíða 65 mál ríkisstjórnarinnar afgreiðslu Alþingis. Tiltölulega eðlilegt ástand, segir skrifstofustjóri Alþingis. Stærstu málin eru stjórnun fiskveiða og ný stjórnarskrá. Tókst að afgreiða mörg stór mál fyrir jól. Greidd verða atkvæði um Rammaáætlun á mánudaginn.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



Alþingi kemur saman á ný eftir jólafrí á mánudaginn. Þingmenn ráðast ekki á garðinn þar sem hann er lægstur varðandi þingmál, en fyrsta mál á dagskrá er atkvæðagreiðsla um rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða.

Þeim er heldur ekki til setunnar boðið, en aðeins eru 27 þingfundir eftir fram að þingfrestun, samkvæmt starfsáætlun. Störfum Alþingis lýkur 15. mars og þá tekur kosninga-baráttan við.

66 stjórnarmál

Fyrir Alþingi liggja 65 mál frá ríkisstjórninni; 56 frumvörp til laga og 9 þingsályktunartillögur. Ein þeirra verður afgreidd strax á mánudaginn, eins og áður segir, þegar atkvæðagreiðsla fer fram um rammaáætlun.

Við þetta má bæta einu nefndarfrumvarpi; frumvarpi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar um nýja stjórnarskrá.

Þegar litið er til stöðu mála á þinginu verður að beina sjónum fyrst og fremst að málum ríkisstjórnarflokkanna. Afgreiðsla þeirra segir til um hvernig viðkomandi ríkisstjórn hefur tekið til með að koma stefnumálum sínum áfram.

Auk stjórnarmálanna liggur fjöldi þingmannamála fyrir; 84 lagafrumvörp og 86 þingsályktunartillögur. Samanlagður málfjöldi er því yfir 200 mál, en stjórnarmálin eru 66.

Tiltölulega normalt

Þó 66 mál virðist mikið, sérstaklega þegar



HELGI BERNÓÐUSSON

litið er til þess að aðeins eru 27 þingfundir eftir, er ástandið hvorki verra né betra en oft áður.

„Þetta er nú ekkert óvenjulega mikið af málum sem bíður afgreiðslu. Ástandið er bara tiltölulega normalt,“ segir Helgi Bernóðsson, skrifstofustjóri Alþingis.

Hann segir að mörg af mest aðkallandi málum yfirstandandi þings hafi verið afgreidd fyrir jól og önnur hafi einnig komið úr nefndum fyrir jól. Allnokkur mál liggja fyrir sem ekki hafi komist á dagskrá og reynt verði í vikunni að koma þeim áfram. En á hann von á að það náist að klára megnið af málunum fyrir þinglok?

„Já, ég held það. Auðvitað ræðst það af því hvaða önnur mál koma inn í þingið, það er ekki mikill tími til stefnu.“

Tvö stór mál

Tvö mál standa upp úr og munu að öllu óbreyttu taka mestan tíma þingsins.

Þingsályktunartillaga um stjórnarskrá er í umfjöllun stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar. Stjórnarmeirihlutinn hyggur á að ljúka því máli svo kjósa megi um nýja stjórnarskrá samhliða alþingiskosningum í vor. Liggja þingmönnum jafn mikið á hjarta um málið og fyrir áramót verður það trauðla. Framtíð þess máls veltur því á samningum á milli flokka.

Frumvarp um fiskveiðistjórnun var lagt fram á síðasta þingi. Það var dregið til baka gegn því að frumvarp um veiðigjald yrði samþykkt. Síðan hafa ótal fundir verið haldnir þar sem reynt er að ná saman um málið. Það hefur ekki enn tekist og því er óvíst um afdrif þess.



ALÞINGI Samkvæmt starfsáætlun Alþingis eru 27 fundardagar fram að þinglokum, sem verða 15. mars. Alls liggja 56 stjórnarmál fyrir, auk aragrúa þingmannamála. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

65 STJÓRNARMÁL

56 stjórnarfrumvörp liggja fyrir Alþingi.

18 bíða fyrstu umræðu í þinginu,

32 eru til umræðu í nefnd,

5 bíða 2. umræðu í þinginu og

1 er í nefnd.

9 eru stjórnartillögur.

4 bíða fyrri eða einnar umræðu,

4 eru í nefnd og

1 bíður atkvæðagreiðslu.

Láttu hjartað ráða



„Himneskir lífrænir gosdrykkir úr fyrsta flokks hráefni og allir í fjölskyldunni finna eitthvað við sitt hæfi.“

Sella

BONUS

HAGKAUP



HIMNESKT

Golf í Portúgal í vor

Fjórir spennandi áfangastaðir á Algarve

14. - 24. apríl – 10 nætur
24. apríl - 4. maí – 10 nætur



TURISMO DE PORTUGAL Algarve

Beint leiguflug með Icelandair
Golfsettið ferðast frítt

PENINA GOLF RESORT



Golf Resort í lúxusflokki á yndislegum stað, valið **besta Golf Resort í Portúgal árið 2012!**
Við hótelið eru þrjú golfvöllir: keppnisvöllurinn Sir Henry Cotton, 18 holur; Academy, 9 holu völlum og Resort, 9 holu völlum.

Verð frá **259.900 kr.***
og 15.000 Vildarpunktur

á mann í tvíbýli í tíu nætur.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, akstur milli flugvallar og hótels, gisting í 10 nætur, morgun- og kvöldverðarhlaðborð, golf með golfkerru alla daga (háð brottfarar- og komutíma) á aðalvöllinum og síðdegisgolf á 9 holu völlum (ef rástími er laus), ein karfa af æfingaboltum á dag. Íslensk fararstjórn.

* Verð án Vildarpunkta 269.900 kr.



NÝTT!

Spennandi golfferðapakkar fyrir einstaklinga og hópa til Portúgals, án fararstjóra.



ALTURA

Altura er í austurhluta Algarve, örstutt frá landamærum Spánar og Portúgals. Gist er á Eurotel Altura, leiknir verða 8 golfhringir á fjórum glæsilegum golfvöllum í u.þ.b. 15 mín. akstursfjarlægð frá hótelinu.

Verð frá **233.700 kr.***
og 15.000 Vildarpunktur

á mann í tvíbýli í 10 nætur.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, akstur milli flugvallar og hótels og á milli hótels og golfvalla, gisting í 10 nætur, morgun- og kvöldverðarhlaðborð, 8 golfhringir, 3 x Benamor, 1 x Quinta de Cima, 1 x á Quinta da Ria og 3 x Quinta do Vale.

*Verð án Vildarpunkta 243.700 kr.



VILAMOURA

Dom Pedro Golf Resort Hotel er í hjarta Vilamoura í Algarve og fjölmargir golfvöllir allt í kring. Í þessari ferð er leikið á fjórum glæsilegum völlum: Old Course, Pinhal, Laguna og Millennium.

Verð frá **282.600 kr.***
og 15.000 Vildarpunktur

á mann í tvíbýli í 10 nætur.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, akstur milli flugvallar og hótels og á milli hótels og golfvalla, gisting í 10 nætur, morgunverður, 10 golfhringir, 2 x Old Course, 2 x Millennium, 2 x Pinhal og 4 x Laguna.

* Verð án Vildarpunkta 292.600 kr.



Allt innifalið!

ALVOR

Vinsæll strandbær á Algarve, fjórir spennandi golfvöllir, ótakmarkað golf og allt innifalið á Pestana Delfim Beach & Golf Resort.

Verð frá **274.100 kr.***
og 15.000 Vildarpunktur

á mann í tvíbýli í 10 nætur.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, akstur milli flugvallar og hótels og milli hótels og golfvalla, gisting í 10 nætur; morgun-, hádegis-, og kvöldverðarhlaðborð, allir innlendir drykkir; 9 bókaðir golfhringir, 3 x Alto, 2 x Gramacho, 2 x Vale de Pinta og 2 x Silvers. (ATH.: hægt er að spila ótakmarkað golf á framangreindum völlum ef rástímar eru lausir.)

*Verð án Vildarpunkta 284.100 kr.



HAFRÉTTARSTOFNUN
ÍSLANDS

Styrkir til náms í hafrétti

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa Háskóli Íslands, utanríkisráðuneytið og atvinnu- og nýsköpunar-ráðuneytið.

Hafréttarstofnun auglýsir hér með eftirfarandi styrki til náms í hafrétti til umsóknar:

1. Styrk til framhaldsnáms í hafrétti á háskólaárinu 2013 - 2014.
2. Styrki til þátttöku í sumarnámskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti 30. júní - 19. júlí 2013.

Umsóknir berist Hafréttarstofnun Íslands, utanríkisráðuneytinu, Rauðarárstíg 25, 150 Reykjavík fyrir 1. febrúar nk.

Nánari upplýsingar veitir Tómas H. Heiðar, forstöðumaður stofnunarinnar, í síma 545 9900.

Boltinn á Xínu 977
- alla virka daga kl. 11 - 12



Misnotaði hundruð manna á hálfri öld

Breska lögreglan segir að sjónvarpsmaðurinn Jimmy Savile hafi brotið gegn meira en 200 manns á árunum 1995 til 2009. Meirihlutinn var á barns- eða unglingsaldri. Ríkissaksóknari biðst afsökunar á að hafa ekki rannsakað málið fyrr.

BRETLAND Breski skemmtikrafturinn Jimmy Savile er talinn hafa misnotað að minnsta kosti 214 manns á árunum 1995 til 2009. Breska lögreglan telur fullvíst að fjöldi þolenda hans sé mun meiri, því brotaferill hans stóð yfir í meira en hálfra öld.

Savile lést árið 2011, þá 84 ára gamall, og fór útför hans fram með viðhöfn enda var hann þekktur í bresku samfélagi, bæði sem skemmtikraftur í útvarpi og sjónvarpi og sem ötull baráttumaður góðgerðarsamtaka.

Í skýrslu, sem birt var í gær og var unnin í sameiningu af bresku lögreglunni og breskum barnaverndarsamtökum, kemur fram að nærri 500 manns hafi haft samband við lögreglu með upplýsingar um kynferðisbrot Saviles.

Meðal kynferðisbrota hans eru 34 nauðganir, en fórnarlömb hans voru á aldrinum átta til 47 ára. 73 prósent þolenda brotanna voru yngri en 18 ára, en 82 prósent voru kvenkyns.

Mörg brotanna voru framin á vinnustað hans hjá breska útvarpinu BBC en fimmtíu kynferðisbrot framdi hann á sjúkrahúsum og fjórtán í skólum.

„Nú er ljóst að Savile var í felum fyrir allra augum og notaði frægðarstöðu sína og fjáröflunarstörf til þess að fá óheftan aðgang að varnarlausum einstaklingum yfir sex áratuga tímabil,“ segir í skýrslunni.

„Hann valdi aðeins þá sem varnar-



ÍTARLEG SKÝRSLA Í nýrri skýrslu frá bresku lögreglunni er dregin upp nokkuð nákvæm mynd af því sem nú er vitað um kynferðisbrot Jimmys Savile.

NORDICPHOTOS/AFP

lausastir voru,“ segir David Gray frá bresku lögreglunni, annar höfundar skýrslunnar: „Hann var nógu klár til að sjá hverjir væru ólíklegastir til að segja eitthvað gegn honum.“

„Allt þetta subbulega mál hefur leitt í ljós hve hryggilegar afleiðingar það hefur þegar varnarleysi mætir valdmennsku,“ segir Peter Spindler, yfirmaður sérfræðideildar lögreglunnar.

Ríkissaksóknari Bretlands sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem beðið er afsökunar á því að kynferðisbrot Saviles hafi ekki verið rannsökuð nægilega vel fyrr en nú, þótt embættinu hafi borist ábendingar og ásakanir á árunum 2007 og 2008.

gudsteinn@frettabladid.is

KYNFERÐISBROT JIMMYS SAVILE

Fjöldi þolenda sem vitað er um:

| Samtals KVENKYN EINSTAKLINGAR | 174 |
|-------------------------------|-----|
| Yngri en 10 ára | 18 |
| 10 til 13 ára | 23 |
| 13 til 16 ára | 63 |
| 16 til 18 ára | 17 |
| Eldri en 18 ára | 52 |
| Aldur óþekktur | 1 |

40 Samtals KARLKYN EINSTAKLINGAR

| | |
|-----------------|----|
| Yngri en 10 ára | 10 |
| 10 til 13 ára | 15 |
| 13 til 16 ára | 10 |
| Eldri en 18 ára | 5 |

ALLS 214

Í sátt og samlyndi við náttúru og menn

The advertisement shows a woman with blonde hair holding a green mug of tea. Below her, several Pukka tea packages are displayed against a background of a beach with waves. The packages include 'detox', 'love', 'green tea', 'relax', and 'three ginger'. A tea bag tag with the Pukka logo and 'detox' text is also visible.



NÆRÐU HUGANN

FJÖLBREYTT NÁMSKEIÐ Í UPPHAFI VORMISSERIS

MENNING

Persnesk Íslendingasaga?
Hið stórkostlega og óþekkt miðaldarit Shahnameh
hefst 17. janúar

Eftir jólabókaflóðið: Yndislestur í góðum hópi
skráningarfrestur til 21. janúar

Norðurljós
hefst 21. janúar

Sturlunga - Fall þjóðveldisins
Þriðjudagskvöld hefst 22. janúar
Miðvikudagsmorgun hefst 23. janúar
Fimmtudagskvöld hefst 24. janúar

Ormstunga í Borgarleikhúsinu
hefst 23. janúar

Sagan af útlaganum Gretti Ásmundarsyni - Námskeið fyrir börn
skráningarfrestur til 1. febrúar

STARFSTENGD HÆFNI

Prívíddarhönnun í Sketchup – fyrir lengra komna
skráningarfrestur til 14. janúar

Gerð ferilskrár
skráningarfrestur til 22. janúar

Grunnatriði í verkefnastjórnun
skráningarfrestur til 29. janúar

WordPress - Vinsælasta vefumsjónarkerfi í heimi
skráningarfrestur til 31. janúar

Samningatækni
skráningarfrestur til 5. febrúar

HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Intensive and effective treatment of specific phobias
hefst 18. janúar

PERSÓNULEG HÆFNI

Átraskanir - Þegar maturinn tekur völdin
Þú getur líka! Fræðsla fyrir aðstandendur
haldið 16. janúar

Photoshop fyrir byrjendur
skráningarfrestur til 29. janúar

Auðna í lífi og starfi - Hagnýt jákvæð sálfræði
skráningarfrestur til 30. janúar

Öflugt sjálfstraust
skráningarfrestur til 4. febrúar

VERK- OG TÆKNIFRÆÐI

ISO 14001 – Umhverfisstjórnun
skráningarfrestur til 29. janúar

STJÓRNUN OG FORYSTA

Jákvæð forysta – hamingja, styrkleikar og markmið
skráningarfrestur til 14. janúar

Mannauðsstjórnun
skráningarfrestur til 25. janúar

Arðsemi í mannauðsstjórnun
skráningarfrestur til 28. janúar

Stjórnun fyrir nýja stjórnendur
skráningarfrestur til 28. janúar

Markviss fundarstjórnun og fundarmenning
skráningarfrestur til 4. febrúar

FJÁRMÁL OG REKSTUR

Verktaki eða launþegi
haldið 14. janúar

Virðisaukaskattur
haldið 15. janúar

Lestur ársreikninga
skráningarfrestur til 21. janúar

Excel I
skráningarfrestur til 4. febrúar

TUNGUMÁL

Danska - Þjálfun í talmáli á léttum nótum
skráningarfrestur til 14. janúar

Spænska I
hefst 15. janúar

Ítalska fyrir byrjendur
hefst 15. janúar

Kínverska fyrir byrjendur
skráningarfrestur til 28. janúar

Hagnýt norska fyrir heilbrigðisstarfsfólk
skráningarfrestur til 29. janúar

Danska II
skráningarfrestur til 4. febrúar

Spænska II
skráningarfrestur til 4. febrúar

UPPELDI OG KENNSLA

Grunnþættir menntunar í grunnskólasterfi – námskeið í fjarfundi
Skráningarfrestur til 4. febrúar

Hagnýt jákvæð sálfræði – Gleði, flæði og styrkleikar
skráningarfrestur til 5. febrúar

UPPLÝSINGATÆKNI

Agile hugbúnaðargerð og Scrum
skráningarfrestur til 22. janúar

SKRÁNINGARFRESTUR ER AÐ ÖLLU JÖFNU VIKU ÁÐUR EN NÁMSKEIÐ HEFST

Framlag frjálsra félagasamtaka til velferðarsamfélagsins er stundum vanmetið:

Reddar ríkið því?

Að minnsta kosti tvær athyglisverðar ranghugmyndir skutu upp kollinum í opinberri umræðu um nýárs-ávarp Agnesar Sigurðardóttur biskups og þá tillögu hennar að þjóðkirkjan hefði forystu um landssöfnun fyrir betri tækjum handa Landspítalanum.

Önnur var sú sem Sigríður I. Ingadóttir þingmaður setti fram í viðtali við Ríkisútvarpið; að það væri fráleitt að ein ríkisstofnun, sem þar að auki hefði verið að biðja um meiri fjárframlög, safnaði peningum fyrir aðra.

Þar gleymdi þingmaðurinn ýmsum grundvallarstaðreyndum málsins, eins og þeirri að þjóðkirkjan er í lögum skilgreind sem sjálfstætt trúfélag. Sömuleiðis að ríkið hefur haldið eftir hluta af sóknargjöldunum, sem það innheimtir bæði fyrir

þjóðkirkjuna og önnur trúfélög. Líka að beint framlag ríkisins til kirkjunnar er byggt á samningi um jarðeignir kirkjunnar, sem á sínum tíma voru 17% af öllum jörðum í landinu. Ríkið fékk jarðirnar en greiðir í staðinn laun presta.

Síðast en ekki sízt gleymdist að þrátt fyrir tengsl sín við ríkið er kirkjan grasrótarsamtök, þar sem þúsundir manna vinna mikið sjálfbodastarf, meðal annars í þágu líknar-, velferðar- og æskulýðsmála. Kirkjan er í raun elzta líknarfélag landsins og hefur í aldanna rás hlúð að sjúkum og öldruðum. Tillaga biskups er, ef eitthvað er, til þess fallin að kirkjan rækti tengslin við þær rætur sínar fremur en að hún líti á sig sem stofnun.

Hin hugmyndin, sem býsna margir settu í orð, er að það sé hneyksli að fjárveitingar úr ríkissjóði dugi ekki fyrir endurnýjun á tækjum Landspítalans og að hann þurfi að reida sig á gjafafé. Ríkið á bara að reida því máli, finnst mörgum. En ef það er hneyksli að spítalinn þurfi gjafir frá félagasamtökum, er þá ekki líka skandall að nokkur annar hluti velferðarkerfisins sé ekki að fullu fjármagnaður með skattpeningunum okkar?

Staðreyndin er að líknar- og hjálparstærðir veita víðtæka velferðarþjónustu og reka talsverðan hluta heilbrigðis- og félagskerfisins. Við getum nefnt SÁÁ, Blindrafélagið, Hjartavernd eða Samtök um kvennaathvarf sem dæmi. Oft er starfsemi fjármögnuð að hluta með framlögum úr ríkissjóði, en samtökin standa sjálf í gríðarlegri fjáröflun og draga inn sjálfbodaliða sem hafa áhuga á málefnum en væru ekki líklegir til að vinna fyrir ekki neitt í þágu ríkisstofnana. Án þessarar starfsemi, sem stunduð er kölluð þriðji geirinn, væri velferðarþjónustan annaðhvort miklu lélegri eða skattarnir okkar miklu hærri.

Hugmyndin um að öll velferðarþjónusta skuli ríkisrekin hefur verið prófuð. Í Sovétríkjunum sálugu var starf líknarféлага að stærstum hluta bannað í sjötíu ár – enda átti ríkið að græja þetta – en lét aftur á sér kræla í lok Sovéttímans. Þá voru til dæmis stofnuð félög sem sinntu munaðarlausum börnum og stuðluðu að ættleiðingum, eftir að það komst í hárnæli hvers konar stofnanir ríkisrekin munaðarleysingjahæli voru í raun.

Í okkar samfélagi er það líka svo að velferðarþjónusta, líknar- og hjálparstarf væri ekki nema svipur hjá sjón án starfs þriðja geirans. Mikið af því starfi fær ekki þá athygli sem það verðskuldar og ætti kannski að halda því meira á lofti, þannig að færri haldi að ríkið reddi þessu bara.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miólar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

ÚTSALA!

Fjöldi loftljósa og lampa á ótrúlega góðu verði!

SPARAÐU 50%

IMPULS GÓLFLAMPI
VERÐ ÁÐUR 29.800,-
NÚ 15.000,-

SPARAÐU 50%

TAK LJÓSAKRÓNA – SVÖRT EÐA HVÍT
VERÐ ÁÐUR 49.900,-
NÚ 25.000,-

Opið í dag, laugardag kl. 11-16.

kíktu inn á www.pfaff.is

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

SPOTTIÐ



AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

Gildran

Ísland er lokað í gildru gjald-eyrishafta. Þjóðarinnar bíður það hlutskipti að hlaupa hring eftir hring; ýmist við að hækka laun eða fella gengi. Hún mun mest nærast á froðu verðbólgunnar því að jarðvegur hennar er nú frjórri en hollari afurða.

Helst má líkja aðstæðum þjóðarinnar við dýr í búri sem bíta í skottið hvert á öðru. Drammur flestra er þó samlíking við fjallgöngumenn á leið á tindinn.

Hugur stjórnámalanna er í ríkari mæli bundinn við skammtímalausnir en framtíðarsýn. Þar af leiðir að fyrirheitin í aðdraganda kosninganna minna fremur á misjafnlega stór búr en búnað



til að ná á tindinn. Allar breytingar lúta síðan tveimur takmörkunum sem styðjast við réttlætiskenn.

Annars vegar er almenn samstaða um að ekkert megi gera sem raskar ríkjandi landbúnaðarkerfi. Það er helst að Samfylkingin kæri sig kollótta í þeim efnum.

Hins vegar er ríkur meirihlutastuðningur við ráðagerðir um að vinda ofan af þeim þjóðhagslega ávinningi sem markaðslausnir í sjávarútvegi hafa skilað. Sagt er

að réttlætið felist í fjölgun starfa og fiskiskipa og að taka arðinn í ríkissjóð til að kosta jarðgöng og styrki til atvinnufyrirtækja. Í staðinn verður almenningur að borga sveiflujöfnunina fyrir útgerðina í gegnum gengislækkunir.

Sjálfstæðisflokkurinn stendur einn fyrir þann málstað að sjávarútvegurinn skili arði og geti ráðið við að jafna sveiflur upp á eigin spýtur án þess að fleyta þeim yfir á almenning. Þetta er minnihlutastjórnarmið. En í sjálfu sér er ekki síður réttlátt að útgerðin haldi arðinum og borgi sjálf sveiflujöfnunina því það bætir kjör launafólks.

Ísland er eftirbátur annarra

Eigi þjóðin að halda á tindinn þarf að koma í veg fyrir að hún festist í gildru verðbólgunnar. Til að það takist þarf að láta sjávarútveginn jafna óhjákvæmilegar sveiflur fyrir eigin reikning. Ella er stöðug mynt óhugsandi. Samhliða verður að sníða launabreytingum stakk í réttu hlutfalli við verðmætasköpun og framleiðni.

Nærri lætur að fjórir fimmtu hlutar útflutnings landsmanna eigi rætur í nýtingu auðlinda. Henni eru hins vegar takmörk sett. Til að bæta kjörin þarf því að

skapa nýja útflutningsstarfsemi á sviði þekkingar í framleiðslu og þjónustu. Það getur því aðeins gerst að Ísland sé samkeppnishæft. Til að svo megi verða þurfa sömu eða betri leikreglur að gilda hér en í viðskiptalöndunum. Ísland kemst því ekki hjá því að vera þátttakandi í alþjóðavæðingunni.

Við verðum að horfast í augu við þá staðreynd að Ísland er eftirbátur annarra í framleiðni. Í nýlegri skýrslu McKinsey kom fram að framleiðni á vinnustund er nálægt því sem er í Grikklandi.

Sjávarútvegurinn er eina atvinnugreinin sem náð hefur framleiðnistigi sem jafna má við það sem best gerist. Nú á að hverfa til baka og fórna þeim árangri fyrir félagsleg markmið.

Af McKinsey-skýrslunni má einnig ráða að flytja þurfi þrettán þúsund störf úr þjónustugreinum í nýja atvinnustarfsemi til að ná framleiðni sem tryggir samkeppnishæfni landsins. Á næstu fimmtán árum þarf ný atvinnustarfsemi að auki að gera tvöföldun útflutningsverðmætanna mögulega.

Á að ráðast á fjallið?

Draumurinn um að ná á tindinn þýðir að ráðast verður á fjallið. En fjallganga er ekki fyrirhafnarlaus. Verkurinn er sá að í kosningum er ekki til vinsælda fallið að lofa nokkru því sem kostar fyrirhöfn eða erfiði. Meðan stjórnámalökkarnir koma sér hjá því að segja satt um fjallgönguna verður heldur engin trúverðug framtíðarsýn af tindinum.

Eigi að takast að tvöfalda útflutning að talsverðum hluta með annars konar starfsemi en auðlindanýtingu þarf margháttaðar kerfisbreytingar. Lækkun

skatta dugar ekki alla leið. Hér þarf gjaldmiðil sem er stöðugur og hlutgengur í viðskiptum. Krónan uppfyllir hvorugt skilyrðið og enginn hefur sýnt fram á að unnt sé að breyta því.

Vel má vera að einhverjir telji að önnur pólitísk markmið séu mikilvægari en að tryggja samþættingu lífskjör við það sem best þekkt. Það er val sem sjálfsgert er að ræða.

En þeir sem útiloka aðra kosti en óskert fullveldi í peningamálum geta ekki með trúverðugum hætti haldið fram málstað

frjálsra óhindraðra viðskipta. Þeir sem velja takmörkun á viðskiptafrelsi geta ekki lofað bestu lífskjörum og norrænni velferð. Þeir sem ákveða félagslegar lausnir í sjávarútvegi í stað markaðslausna fórna sveiflujöfnunarmöguleikanum og geta því ekki boðað upptöku evru.

Hver flokkur boðar nú ósamrýmanleg markmið. Við svo búið er enginn þeirra að bjóðast til að leiða þjóðina á tindinn. Verkefnið fram undan er því að finna meirihluta fyrir samrýmanlegum markmiðum.

Skil á upplýsingum vegna skattframtals 2013



Skilafrestur á eftirtöldum gögnum vegna framtalsgerðar 2013 er til **30. janúar** en þeir sem skila á rafrænu formi hafa þó frest til **10. febrúar 2013**

▶ **Launamiðar og verktakamiðar**

Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa af hendi launagreiðslur, hlunnindi, lífeyri, bætur, styrki, happdrættis- og talnavinninga (skattskylda sem óskattskylda), greiðslur til verktaka fyrir þjónustu (efni og vinnu) eða aðrar greiðslur sem framtalsskyldar eru og/eða skattskyldar.

▶ **Bifreiðahlunnindamiðar**

Skilaskyldir eru allir þeir sem í rekstri sínum eða annarri starfsemi hafa haft kostnað af kaupum, leigu eða rekstri fólksbifreiðar.

▶ **Hlutfjármiðar**

Skilaskyld eru öll hlutfélög, einkahlutfélög, samlagshlutfélög, samvinnuhlutfélög og sparisjóðir.

▶ **Viðskipti með hlutabréf og önnur verðbréf**

Skilaskyldir eru bankar, verðbréfafyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem

annast kaup og sölu, umboðs- viðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf og önnur verðbréf.

▶ **Bankainnstæður**

Skilaskyldar eru allar fjármála- stofnanir og aðrir aðilar sem taka við fjármunum til ávöxtunar.

▶ **Lánaupplýsingar**

Bankalán, fasteignaveðlán, bílalán og önnur lán. Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir (bankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir, tryggingafélög, fjármögnunarleigur o.s.frv.) sem hafa lánað fé til einstaklinga.

▶ **Stofnsjóðsmiðar**

Skilaskyld eru öll samvinnufélög, þ.m.t. kaupfélög.

▶ **Takmörkuð skattskylda - greiðslufirlit**

Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi.

▶ **Greiðslumiðar – leiga eða afnot**

Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum eða öðrum réttindum.

▶ **Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi**

Skilaskyld eru öll hlutfélög sem gert hafa kaupréttarsamninga við starfsmenn sína samkvæmt staðfestri kaupréttaráætlun. Sama á við um söluréttarsamninga.

▶ **Fjármagnstekjumiði**

Þeir aðilar sem innheimt hafa vexti skulu skila þessum miða og tilgreina þar sundurliðun á móttakendum og þá staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts sem haldið hefur verið eftir. Hér er einkum um að ræða smærri innheimtu- aðila, t.d. lögfræðistofur. Þessum miða er eingöngu hægt að skila rafrænt.

Vakin er athygli á **nýjum launamiðareit**, nr. 405, þar sem færa skal **ípróttu- og líkamsræktarstyrki**.

Einnig er vakin athygli á **nýjum launamiðareit**, nr. 410, þar sem færa skal **samgöngustyrki**.

Minnt er á að upplýsingum um **húsnæðishlunnindi** skal skila á launamiða. Húsnæðishlunnindi eru allt að 5% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis 31. des. 2011, sem látið er launþega í té endurgjaldslaust eða með óeðlilega lágu endurgjaldi. Sjá nánar í lið 2.8 í skattmati ríkisskattstjóra vegna tekjuársins 2012.

Riiiiiiiiisa ÚTSALA

Í FULLUM
GANGI



20-60%
AFSLÁTTUR

ÖLL
SMÁVARA



20%
AFSLÁTTUR

LARAMIE sófasett microfiber áklæði.
Stóll: B: 111 H: 95 B: 95, 2 sæta sófi B:170 D:95 H:95 cm.
3 sæta B:220 D:95 H:95 cm.

LARAMIE 3JA SÆTA SÓFI **179.990**
VERÐ: 229.990

LARAMIE 2JA SÆTA SÓFI **159.990**
VERÐ: 199.990



LARAMIE STÓLL **139.990**
VERÐ: 179.990



40%
AFSLÁTTUR

LARAMIE
HÆGINDASTÓLL **119.990**
VERÐ: 199.990



20%
AFSLÁTTUR

LAZBOY
ASPEN La-z-boy stóll.
Svart leður á slitflötum.

HM
LA-Z-BOY
Tilboð á La-z-boy
í tilefni HM í
handbolta



55.990
VERÐ: 79.990

DORHESTER Sófaborð með
gleri. L: 121 B: 71 H: 46 cm.

30%
AFSLÁTTUR



ARLAND
bakborð með gleri.
B: 121 D: 46 H: 71 cm.

69.990
VERÐ: 99.990



30%
AFSLÁTTUR

69.990
FULLT VERÐ 99.990

ARINN ELISE
Mahogany og antik hvítur
B:93 D:28 H:78 cm



ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

SÓFAR | SÓFASETT | HÆGINDASTÓLAR |
SÓFABORÐ | BORÐSTOFUBORÐ |
BORÐSTOFUSTÓLAR | SVEFNSÓFAR |
BORÐSTOFUSKÁPAR |
BAKBORÐ | HORNBORÐ |
PÚÐAR | DÚKAR |
BODUM-SMÁVARA |
O.FL. | O.FL. | O.FL.

IDdesign

LABOY

Broyhill

LAUREN
RALPH LAUREN

bodum

södahl



159.990

FULLT VERÐ 229.990

CELICO tungusófar (hægri og vinstri)
Stærð: 225 x 90 x 160 (tunga) H 85 cm.
Rautt, svart eða ljóst slitsterkt áklæði.
Aukahlutur á mynd CELICO hnakkapúði. Fullt verð 19.900. TILBOÐSVERÐ 13.900.

30%
AFSLÁTTUR



CELICO 2 sæta
Stærð: 180 x 90 x H 85 cm.
Rautt, svart eða ljóst slitsterkt áklæði.

89.990

FULLT VERÐ 129.990

CELICO 3 sæta
Stærð: 220 x 90 x H 85 cm.
Rautt, svart eða ljóst slitsterkt áklæði.

111.990

FULLT VERÐ 159.990

50%
AFSLÁTTUR



CLUB LUX stóll
Stærð: 73 x 74 x H 75 cm
Svart leður

49.990

FULLT VERÐ: 99.990

34%
AFSLÁTTUR



STING tungusófi.
B 257 H 82 Hægri-tunga 152 cm.
Svart leður.

229.990

FULLT VERÐ 349.990

30%
AFSLÁTTUR



20.990

FULLT VERÐ 29.990

PLUMP
stóll
Litur: Fjólublár.
Einnig fáanlegur
svartur og
hvítur

36%
AFSLÁTTUR



BELINA borðstofuborð
stækkanlegt með 2 stækkunum
L 170/270 B 100 H 74 cm.

69.990

VERÐ: 109.900

OPNUNARTÍMI
UM HELGINA
LAU. 10-18
SUN. 13-18
VERTU VELKOMIN/N



HÚSGAGNAHÖLLIN

0% VEXTIR - Húsgagnahöllin býður upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða



ORÐ VIKUNNAR
05.01.2012 → 11.01.2012

saksóknara
almennings mánuði
Alþingi
þjóðin
lögum
konur
Ísland
stjórnarskrá
fyrirtæki
ríkisinskróna
þjóðkirkjunnar
markmið



FAAS, félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma heldur fræðslufund miðvikudaginn 16. janúar nk. Fundurinn sem hefst kl. 20.00 verður haldinn á Droplaugarstöðum – hjúkrunarheimili, Snorrabraut 58, Reykjavík.

Dagskrá:

- Fréttir af starfi FAAS: Fanney Proppé Eiríksdóttir, formaður.

- „Ný þekking í erfðafræði Alzheimer sjúkdóms. Hvert leiðir hún okkur?“

Porlákur Jónsson frá Íslenskri erfðagreiningu og Jón Snædal öldrunarlæknir

- Umræður og fyrirspurnir

Kaffiveitingar í boði Droplaugarstaða.

Félagsmenn og aðrir velunnarar félagsins eru hvattir til að mæta.

Allir eru velkomnir.

Bestu kvæðjur
Stjórn FAAS

UMMÆLI VIKUNNAR

„Þetta eru þrír kvendóm-
arar, femínistar og komm-
únistar sem hafa verið að
ofsækja mig síðan 1994.“

Silvio Berlusconi um dómara sem dæmdu hann til að greiða fyrrverandi konu sinni 36 milljónir evra árlega.

„Þó ég sé skepna inn að
beini vil ég ekki ljúga.“

Barnaniðingurinn Karl Vignir Þorsteinsson segist vilja koma hreint fram.

„Mín tilfinning er sú að það
eigi að knésetja mig, knýja
mig til uppgjafar. En ég ætla
ekki að gefast upp.“

Pingkonunni Vigdís Hauksdóttur finnst umræðan um sig rætin.

„Ég skulda franska ríkinu
ekkert.“

Leikarinn Gérard Depardieu er ósáttur og mótmælti eignaskatti með því að flytja til Rússlands.

Sköðun visir.is

2.304

FIMMTUDAGUR 10. JANÚAR

Ég og frændi minn

Kristófer Sigurðsson unglæknir

569

MÁNUDAGUR 7. JANÚAR

Sakarafskriftir

Guðmundur Andri Thorsson pistlahöfundur

567

PRÍÐJUDAGUR 8. JANÚAR

Okkar eigin ofbeldismenning

Ólafur P. Stephensen ritstjóri

535

MIÐVIKUDAGUR 9. JANÚAR

Viltu koma í sjómann?

Svavar Hávarðsson pistlahöfundur

438

LAUGARDAGUR 5. JANÚAR

Biskup í góðum samhljómi

Einar Karl Haraldsson almannatengill

Olíuleitarleyfi á Drekasvæðinu

Fyrir riflega viku voru veitt tvö sérleyfi til rannsóknna og vinnslu kolvetnis á svokölluðu Drekasvæði. Útgáfa leyfa nú er áfangi á langri leið, hvort sem við lítum til borunar rannsóknarholu í Flatey á Skjálfanda upp úr 1980 eða rekjum upphafið til ályktunar Alþingis frá 1997 um skipun starfshóps um „hvort rétt sé að hefja markvissar rannsóknir á því hvort að olía eða gas finnist á landgrunni Íslands“. Eftir að starfshópurinn skilaði skýrslu sinni í október 1998 var lagt fram frumvarp um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Ríkti pólitísk samstaða um málið á þeim tíma enda voru bæði þingsályktunin og lögin samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Nokkrar breytingar og bætur hafa verið gerðar á lögnum síðan, en á þeim grunni voru sérleyfin veitt eftir útboð. Þó svo að leyfin nú marki vissulega tímamót í þessu ferli er ljóst að langur vegur er frá því að svæðið sé rannsakað og þaulkannað, hvað þá að boranir hefjist. Nú verður svæðið rannsakað um nokkurra ára skeið, fyrst og fremst með hljóðbylgjum og sýnatöku. Í umsögn umhverfisráðuneytisins um leyfin kemur fram að „á fyrri stigum séu rannsóknir umsækjendanna þriggja skv. þeim áætlunum sem þeir hafa lagt fram ekki líklegar til að valda miklu raski á umhverfinu“. Komi til þess í framtíðinni að sótt verði um rannsóknaboranir munu þær fara í gegnum strangt umhverfismat.

Íslensk stjórnvöld hafa í hendi sér að gera ýrtrustu kröfur um allt sem að umhverfi, tækni og öryggi snýr og taka þá sérstaklega tillit til aðstæðna á viðkomandi svæði, norrænnar legu þess í köldum sjó o.s.frv. og það á fortakslaut að gera. Nærtækt er að líta til staðla og reglna sem norsk stjórnvöld hafa sett varðandi umhverfis- og öryggismál, en þau eru almennt talin í farbroddi á heimsvísu í þeim efnum og byggja á mikilli reynslu. Hluti af þessum öryggiskröfum er að þau fyrirtæki sem fengu sérleyfin þurftu að uppfylla hvoru tveggja skilyrði um fjárhagslegan styrk og tæknilega getu. Þá felst aukid öryggi í því að norska ríkisoliúfélagið Petoro skuli hafa nýtt rétt sinn til að vera fjórðungsaðili í hvoru leyfanna fyrir sig.

Víða leitað á norðurslóðum

Það er ljóst að nágrannarþjóðir okkar, Norðmenn, Færeyingar og Grænlandingar, ráðgera allar olíuleit í sínum lögsögum á hafinu í nágrenni Íslands. Olíuleit á svæðinu við og í nágrenni Drekans munu því hefjast jafnvel þótt Íslendingar myndu ekki fara í slíkan leiðangur. Norðmenn hafa gert ítarlegar rannsóknir á sínum hluta Drekasvæðisins og er það mat þeirra að þrátt fyrir að svæðið sé úti á reginhafi séu veðurfræðilegar aðstæður um margt hagstæðar og tæknilegar aðstæður vel leysanlegar. Það ríður hins vegar á að hvergi sé slakað á ströngustu öryggiskröfum og fyllsta ástæða er til að fylgjast vel með þeim málum enda miklir hagsmunir í húfi fyrir alla aðila. Samstarf aðila á þessu sviði er því liður í að tryggja að hvergi verði slakað á.

Umhverfismál

Réttmætar spurningar vegna mögulegrar olíuvinnslu hafa vaknað um ábyrgð Íslands í umhverfis- og loftslagsmálum, sem eru meðal mikilvægustu úrlausnarefna samtímans. Um það er að segja að núverandi ríkisstjórn hefur lagt mikla áherslu á að Ísland standi að Kyoto-samkomulaginu og framlengingu þess án sérstakrar undanþágu. Jafnframt er hafin framkvæmd metnaðarfullrar áætlunar og margvíslegar aðgerðir til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis, auka bindingu

OLÍUVINNSLA



Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvega- og nýsköpunaráðherra

→ Íslensk stjórnvöld hafa í hendi sér að gera ýrtrustu kröfur um allt sem að umhverfi, tækni og öryggi snýr.

kolefnis og stuðla að orkuskiptum í samgöngum ekki síst. Á Íslandi búum við svo vel að nær öll raforka og orka til húshitunar kemur úr endurnýjanlegum orku-

gjöfum. Við verðum hins vegar að gera mun betur í því að minnka notkun jarðefnaeldsneytis og auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa þegar kemur að samgöngutækjum og höfum við sett okkur það markmið að árið 2020 höfum við náð 10% markinu.

Í þessu augnamiði höfum við meðal annars gjörbylt allri hugsun í skattlagningu ökutækja og nú er þeim sem velja sér bíl með lága CO2-losun umbunað með lægri tollum og aðflutningsgjöldum. Þá eru raf-, vetnis- og metanbílur undanþegnar skatti, sem og íblöndunarefni í bensín og olíu. Ísland hefur líka ákveðið að innleiða ETS-reglakerfið um útblástur og tekið upp ýmsa aðra græna skatta til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis eins og kolefnisgjöld. Þeir skattar byggja á þeirri hugmyndafræði umhverfisskatta að þeir sem mengi borgi. Nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar sem fjallaði um möguleg viðbrögð við hækkandi olíuverði tók ekki undir háværar kröfur hagsmunaaðila um skattalækkanir á jarðefnaeldsneyti enda væru þær ósjálfbærar.

Á grunni tillagna frá henni og innanríkisráðuneytinu ýtti ríkisstjórnin úr vör langstærsta átaki í uppbyggingu almenningsamgagna á Íslandi sem litið hefur dagsins ljós og mun yfir milljarður króna á ári renna til þeirra verkefna næstu árin. Nú þegar er til dæmis hægt að taka strætó úr Reykjavík og norður og austur um land. Á næstu vikum verður tilbúið frumvarp þar sem lagt verður til að hlutur eldsneytis af endurnýjanlegum eða umhverfisvænni uppruna verði verulega aukinn í samgöngum með íblöndun.

Ísland ábyrgt í umhverfismálum

Ríkisstjórnin hefur þegar sýnt og sannað að hún vill taka á málum tengdum hlýnun jarðar með ábyrgum hætti. Það er hins vegar staðreynd að þrátt fyrir markmið um að minnka notkun jarðefnaeldsneytis munum við þurfa að reida okkur á það um fyrirsjáanlega framtíð til að knýja bíla, flugvélar og skip, sem og til iðnaðarframleiðslu. Spurningin sem við stöndum nú frammi fyrir er hvort við séum fyrir fram tilbúin að afsala okkur þeim möguleika að brotabrot af þeirri olíu sem væntanlega verður unnin á heimsvísu og notuð í áratugi til viðbótar, þar á meðal af okkur sjálfum, verði hugsanlega unnin hér.

Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að hin alþjóðlega viðleitni snýr að því að draga úr losun, stuðla að auknu hlutfalli endurnýjanlegra orkugjafa o.s.frv., fremur en að takmarka framleiðslu. Á það er þó réttilega bent að aðeins megi vinna um þriðjung þekktra kolefnisbirgða í jörðu næstu fjörutíu árin eða svo ef markmið um að halda hlýnun jarðar innan við tvær gráður eigi að nást. Af þessum birgðum eru hins vegar tæpir tveir þriðju kol og brúnkol og því er ljóst að langmestum sköpum skiptir fyrir loftslagið hvort tekst að draga úr brennslu þeirrar gríðarlegu kolefnissupprettu. Kröfur um að Ísland gefi fyrir fram frá sér hugsanlega olíuvinnslu, sem væntanlega yrði í afar takmörkuðum mæli, í þágu baráttunnar gegn hlýnun jarðar verður að skoða í þessu stóra samhengi öllu. Ekki ætlum við að fórna sjálfbærnum fiskveiðum okkar vegna ofveiði annarra þjóða.

RÝMINGARSALA!

Flísa- og baðmarkaðurinn Bæjarlind 6, flytur!
ALLT Á AÐ SELJAST!

35-70%
verðlækkun

- Upphengd WC
- Margar tegundir af gólfsalernum
- Blöndunartæki
- Handlaugar
- Sturtutæki
- Sturtusett
- Innréttingar (spænskar og þýskar hágæða innréttingar)
- Sturtuhorn
- Sturtuklefar
- WC fylgihlutir
- Sturtubotnar
- Parket, 3 tegundir
- Baðkór og m. fleira

Útlitsgallaðar
flísar og
restar = mikil
verðlækkun

Opið laugardag frá kl.11-16
Allt á að seljast, tilvalið að prútt!

Flísa & Bað
MARKAÐURINN

Bæjarlind 6, Kópavogi

ÚTSALAN ER HAFIN!!! 25 - 50% AFSLÁTTUR



HEIMA HÚSIÐ

ATH. 10% afsl. af kertum og
hreinsivörum.
25 - 50% afsl. af öðrum vörum.

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

Umsóknir um styrkveitingar 2013

Viðlagatrygging Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna rannsókna og/eða framkvæmda sem ætlað er að varna eða draga úr tjóni af völdum náttúruhamfara skv. 21. gr. laga nr. 55/1992.

Fjárhæð til úthlutunar árið 2013 er kr. 10.000.000,- og er heimilt að sækja um alla fjárhæðina sem til úthlutunar er eða skilgreindan hluta hennar.

Heimilt er að veita styrki til eftirfarandi:

1. Rannsókn og/eða framkvæmda sem ætlað er að varna eða draga úr tjóni vegna náttúruhamfara á eignum sem váttryggðar eru hjá Viðlagatryggingu Íslands.
2. Fræðslu og þjálfunarmála landsamtaka sem eru með samstarfssamning við Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra um skipan hjálparliðs.

Styrkumsókn skal skila á umsóknareyðublaði sem er að finna á heimasíðu VTÍ. Umsóknum skal skilað í bréfpósti eða með tölvupósti. Umsóknum skal fylgja ferilskrá umsækjenda, tíma- og kostnaðaráætlun og staðfesting á fjárframlagi frá öðrum styrktaraðilum verkefnisins eða vilyrði um fjárstyrk eða fjárframlagi frá öðrum aðilum eftir því sem við á.

Athygli er vakin á því að styrkveitingar eru aðeins afgreiddar einu sinni á ári. Afgreiðsla styrkveitinga fer fram eigi síðar en í maí ár hvert.

Öll tilskilin fylgigögn þurfa að berast með umsókn, að öðrum kosti eru umsóknir ekki teknar til umfjöllunar.

Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar 2012. Engir frestir eru veittir.

Nánari upplýsingar er að finna í reglum um styrkveitingar sem stjórn Viðlagatryggingar Íslands hefur sett sér. Reglurnar má nálgast á heimasíðu félagsins, www.vidlagatrygging.is undir „Styrkir“.

Umsóknir skulu sendar til: Viðlagatrygging Íslands, v/styrkumsóknar
Borgartúni 6, 105 Reykjavík

eða á tölvupóstfangið: vidlagatrygging@vidlagatrygging.is



Viðlagatrygging Íslands

Borgartún 6 • 105 Reykjavík
Sími 575 3300 • Bréfsími 575 3303
vidlagatrygging.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Ungir einleikarar með Sinfóníunni 15. janúar



UNGIR EINLEIKARAR

Þri. 15. JAN. » 19:30

Á þessum einstöku tónleikum koma fram sigurvegarar í árlegri keppni ungra einleikara sem Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur að í samvinnu við Listaháskóla Íslands. Komdu og upplifðu kraftinn sem býr í ungu og efnilegu tónlistarfólki.

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

Bernharður Wilkinson stjórnandi
Einar Bjartur Egilsson, Geirþrúður Anna Guðmundsdóttir, Sólveig Steinþórsdóttir og Unnsteinn Árnason einleikarar

NÁMSMENN FÁ 50% AFSLÁTT AF MIÐAVERÐI

Berrössuð bíræfni – líf að láni

Í janúar 2012 skrifaði ég grein sem birtist hér í Fréttablaðinu um siðferðismörk í bókmenntum. Greinin hét Tólfta lífið og fjallaði um bókina Konan við 1000 gráður eftir Hallgrím Helgason (Forlagið, 2011). Þar mótmælti ég því hvernig höfundurinn notfærir sér persónu móður minnar, Brynhildar Georgíu Björnsson (1930-2008). Hallgrímur hefur margoft lýst því yfir að Herbjörg aðalpersóna bókarinnar sé byggð á lífi móður minnar, einnig eru nánustu ættingjar hennar margoft nafngreindir í bókinni sem fjölskylda Herbjargar.

Aðalpersóna Hallgríms þykir reyndar frumleg; langveik kona sem býr í bílskúr, sterkur persónuleiki sem býr yfir mikilli færni á tölvu þrátt fyrir háan aldur. Móðir mín, sem átti sér merka sögu, bjó einmitt síðustu ár ævi sinnar rúm-föst í bílskúr innréttuðum sem íbúð. Hún notaði tölvu og var einn fyrsti einstaklingurinn á Íslandi sem kom sér upp gervihnattadiski til að geta horft á erlendar sjónvarpsstöðvar. Þannig braut hún sér aðáunarverða leið út úr einangrun erfiðra veikinda. Þessir þættir sem Hallgrímur fær að láni hjá móður minni eru meðal þeirra sem hann hefur fengið lof fyrir í frumsköpun sögupersónunnar Herbjargar Maríu Björnsson.

Hlífir hvergi

Lífsferill hennar er þannig látinn fylgja fyrirmynd sinni í mörgu, ættarnafnið er hið sama og ég hef bent á að lesandinn eigi ekki möguleika á að sjá hvað af efni bókarinnar er tilbúningur og hvað ekki. Þannig lendir mannorð móður minnar í höndum skáldsins. Látum vera að nýlátin manneskja sé svo sterkur þáttur í bók að fyrirbyggjandi ævisögu (Ellefu líf, útg. 1983) sé nánast fylgt í tíma og rúmi þótt heimilda sé hvergi getið. En þetta verk hlífir hvergi. Bókin er klámfengin, ljót-leikamiðuð og ofbeldisfull, svo ekki sé minnst á mannlegan úrgang sem þar skipar sérstakan sess.

Það er ekki tilgangur minn að ræða bókmenntalegt gildi verksins og því síður muninn á skáldskap og veruleika, hann þekki ég

MENNING



Guðrún Jónsdóttir dóttir Brynhildar Georgíu Björnsson

→ Þannig lendir mannorð móður minnar í höndum skáldsins.

vel. Ég velti hins vegar upp stórum spurningum um siðgæði og trúni því seint að nokkur maður myndi kjósa að fjölskylda sín yrði gerð að féþúfu með þessum hætti. Með fullri virðingu fyrir tjáningarfrelsi og skapandi skrifum hlýtur það alltaf að vera á ábyrgð höfundarins hvernig hann byggir upp bók og hvað hann nýtir sér til þess. Hann á mikilvægt val varðandi friðhelgi einkalífs og hversu langt hann gengur í að særa með texta sínum. Í Konan við þúsund gráður lætur höfundurinn Herbjörgu Björnsson m.a. lýsa íslenska fánanum svo (bls. 318): „Og þannig er vor fáni enn í dag, sem við flöggum framan í aðrar þjóðir af berrassaðri bíræfni, hreint út sagt ein krossríðin sáðsullandi blóðkunta umkringd fjórum bláum marblettum; dönskum, enskum og amerískum.“

Þetta eru gróf og ljót orð um þjóð, sögu hennar og fána og mér til hugarangurs eru þau lögð persónugervingi móður minnar í munn.

Skrumskæling á lífi

Nú hafa þau tífinni borist að bókin Konan við þúsund gráður hafi verið tilnefnd fyrir Íslands hönd til Norrænu bókmenntaverðlaunanna. Hún hlýtur því að vera talin meðal öndvegisverka íslenskra bókmennta. Ég legg ekki dóm á það en bendi af alvörubunga á aðferðafræðina við gerð hennar og þann miska sem hún hefur valdið þeim sem þykir vænt um fyrirmynd hennar. Munurinn á þessari bók og flestum öðrum persónutengdum skáldsögum eru nafngreiningarnar og óræð textatengsl við fyrirbyggjandi ævisögu. Við þetta bætist svo ljótleiki textans. Hér hefur skrumskæling á lífi verið sett á markað og þar með að ósekju gerð atlaða að mannorði einstaklings. Mér myndi aldrei detta í hug að gera nokkrum manni þetta vitandi vits.

Hallgrímur Helgason hefur oft gagnrýnt slæmt siðferði samfélagsins harðlega. Ég er sammála því, við þurfum öll að gæta að því hvar og hvernig við stígum niður.

Jarðskjálftinn á Haítí

Í dag eru liðin þrjú ár frá jarðskjálftanum mikla á Haítí. Ég vil því nota tækifærið til að segja stuttlega frá því hjálparstarfi sem Rauði krossinn á Íslandi stóð að og hvaða árangri það skilaði.

Í jarðskjálftanum er talið að 220 þúsund manns hafi týnt lífi og um 300 þúsund manns slösuðust. Eyðileggingin var gífurleg, einkum í höfuðborginni, Port-au-Prince.

Rauði krossinn á Íslandi tók þátt í hjálparstarfinu á Haítí frá byrjun. Má þar nefna að sendar voru skyndihjálparvörur með flugvél, sem utanríkisráðuneytið leigði til að sækja rústabjörgunarsveit, og var einnig sendur héðan búnaður fyrir tjaldsjúkrahús Rauða krossins. Á fyrsta árinu eftir skjálftann fóru alls 27 íslenskir hjálparstarfsmenn til starfa á Haítí. Starfsfólk héðan vann við hjúkrun og lækningar, að vatnshreinsun og dreifingu hjálpargagna og við skipulagningu á hjálparstarfinu og að uppbyggingu í kjölfarið. Rauði krossinn hefur aldrei áður sent jafn marga sendifulltrúa á einn stað á svo stuttum tíma.

Rauði krossinn á Íslandi ákvað í framhaldinu að beina kröftum sínum að sálrænum stuðningi fyrir fórnarlömb hamfaranna – enda

HJÁLPARSTARF



Kristján Sturluson framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi

→ Rauði krossinn hefur aldrei áður sent jafn marga sendifulltrúa á einn stað á svo stuttum tíma.

mikil þörf fyrir slíkan stuðning eins og gefur að skilja. Á tveimur árum hafa um 60 þúsund manns fengið aðstoð en það jafngildir um helmingi íbúa í Reykjavík. Lögð hefur verið sérstök áhersla á að styðja börn og þau eru um 75% þeirra sem fengu sálrænan stuðning.

Þess má einnig geta að innlendir sjálfbóðaliðar á vegum Rauða krossins á Haítí hafa fengið umfangsmikla þjálfun til að sinna sálrænum stuðningi svo að nú eru yfir 200 sjálfbóðaliðar reidubúnir að veita slíka þjónustu, t.d. í kjölfar fellibylja sem reglulega ríða yfir eyjuna. Þannig hefur tekist að efla eigin viðbúnað heimamanna sem er öflugri núna en fyrir jarðskjálftann. Óhætt er að segja að almenningur á Íslandi hafi brugðist vel við þegar Rauði krossinn leitaði eftir fjárstuðningi til hjálparstarfsins. Samtals söfnuðust yfir 45 milljónir kr. frá almenningi og ríki og sveitarfélög lögðu til tæpar 30 milljónir kr.

Rauði krossinn á Íslandi vill þakka fyrir þennan stuðning.

Jeppadagar



Í dag byrja Jeppadagar hjá Toyota Betri notuðum bílum, þar sem fjölmargir jeppar eru í boði á betri kjörum. Allir jepparnir hafa staðist 125 punkta gæðaeftirlit Toyota og þeir eru allir í ábyrgð, að lágmarki í 12 mánuði. **Komdu og gæddu þér á flatkökum með hangikjöti, kleinum og kókómjólki og jeppaðu þig upp.**




4ár **75%** **8,1** **CO₂**
litrar 213g

Toyota Land Cruiser 150 GX
3000 Dísil, sjálfsk.
Á götuna 02/12 Ekinn: 21.000 km
Verð 9.840.000 kr. Raðnr.: 998923



1ár **75%** **10,2** **CO₂**
litrar 250g

Toyota Land Cruiser 200
4500 Dísil, sjálfsk.
Á götuna 01/08 Ekinn: 96.000 km
Verð 9.690.000 kr. Raðnr.: 998549



4ár **75%** **7,6** **CO₂**
litrar 178g

Toyota Rav4 X
2000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 02/12 Ekinn: 21.000 km
Verð 5.390.000 kr. Raðnr.: 998928



3ár **75%** **7,6** **CO₂**
litrar 178g

Toyota Rav4 GX
2000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 05/11 Ekinn: 24.000 km
Verð: 4.870.000 Raðnr.: 998360
Betra verð: 4.290.000 kr.




1ár **75%** **13,5** **CO₂**
litrar 320g

Toyota Land Cruiser 120 GX
4000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 05/05 Ekinn: 136.000 km
Verð 3.490.000 kr. Raðnr.: 998929
Betra verð: 2.990.000 kr.



1ár **75%** **16,3** **CO₂**
litrar 387g

Toyota Land Cruiser 100
4700 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 03/06 Ekinn: 151.000 km
Verð 4.690.000 kr. Raðnr.: 998945
Betra verð: 3.990.000 kr.



1ár **75%** **9,2** **CO₂**
litrar 243g

Toyota Land Cruiser 120 GX
3000 Dísil, 6 gíra
Á götuna 06/08 Ekinn: 106.000 km
Verð 5.200.000 kr. Raðnr.: 998662
Betra verð: 4.590.000 kr.



1ár **75%** **8,1** **CO₂**
litrar 192g

Lexus RX400H EXE
3300 Bensín
Á götuna: 11.07 Ekinn: 90.000 km
Verð: 5.100.000 Raðnr.: 997713
Betra verð: 4.490.000 kr.

1ár **%** **5,2** **CO₂** **P**
litrar 120g
Lágmarks-ábyrgðartími Lánshlutfall Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri Útblástur CO₂ gr. Umhverfisvænn bíll Frítt í stæði í Rvk.

*Farðu á www.toyotakaupuni.is og fáðu nánari upplýsingar um bílana með því að skrá raðnúmer í leit.

Toyota Kaupúni

Kaupúni 6

Sími: 570-5070


Opið mán-fös kl. 07.45-18.00 - lau kl. 10.00 - 16.00

info@toyota.is

Upplýsingar um eldsneytiseyðslu og útblástur eru miðaðar við blandaðann akstur við bestu mögulegu aðstæður. Birt með fyrirvara um innsláttarvillur

ergo

Reiknaðu með okkur



Betri notaðir bílar **TOYOTA**

SPENNANDI FERÐA MÖGULEIKAR

Nú er um að gera að tryggja sér sæti því margar ferðir eru þegar uppseldar! **Góða ferð!**



Beint flug á Jerez í allt vor

Verð frá
kr. 139.900



Golf

- Arcos Gardens
- Costa Ballena
- Montecastillo
- Novo Sancti Petri



6 sæti laus á golfperluna La Gomera þann 30. janúar (14 náttu ferð).

1.-8. apríl. Golfskóli fyrir börn og unglinga. **NÝTT**
Æfingaferð fyrir keppnisunglinga með skipulagðri dagskrá.

Upplýsingar eru veittar í síma
618 4300 og sport@heimsferdir.is

Sérferðir



Kúba

24. apríl - 7. maí 2013
Netverð kr. 383.300 á mann í tvíbýli

Innifalið: Flug, skattar, gisting í 1 nótt í Brighton, 6 nætur í Havana og 5 nætur í Varadero. Akstur til og frá flugvelli og á milli áfangastaða. Tvær kynnisferðir í Havana. Íslensk fararstjórn miðað við lágmarkspáttöku 20 manns
Ekki innifalið: Ferðamannaáritun til Kúbu 4.900 kr. á mann og brottfararskattur á Kúbu.

Madeira

2.-12. apríl 2013. Beint flug með Icelandair
Netverð kr. 249.900 á mann í tvíbýli

Innifalið: Flug, skattar, gisting á 4* hóteli með hálfu fæði í 10 nætur, 5 kynnisferðir, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn. Miðað við lágmarkspáttöku 20 manns.
Ekki innifalið: Aðgangseyrir á söfn, siglingar, tónleika og aðrar kynnisferðir.

Gönguferðir Cinque Terre

1. júní - 8. júní 2013
26. ágúst - 2. Sept. 2013
Netverð kr. 219.700 á mann í tvíbýli. / júní ferð
kr. 225.500 á mann í tvíbýli / ágúst ferð

Innifalið: Flug, skattar, gisting á 3* hóteli með morgunverðarhlaðborði. Fjórir kvöldverðir. Akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn miðað við lágmarkspáttöku 15 manns.
Ekki innifalið: Bátsferðir, valfrjalsar kynnisferðir, aðgangseyrir að söfnum, kláfum og annað sem ekki er tilgreint að ofan.

Gönguferð á Tenerife

3.-11. apríl 2013
Netverð kr. 194.900 á mann í tvíbýli

Innifalið: Flug, skattar, gisting á 3* hóteli með hálfu fæði. Akstur til og frá flugvelli. Gönguferðir samkvæmt ferðalýsingu og íslensk fararstjórn miðað við lágmarkspáttöku 15 manns.
Ekki innifalið: Bátsferðir, valfrjalsar kynnisferðir, aðgangseyrir að söfnum, kláfum og annað sem ekki er tilgreint að ofan.

Portoroz og Ljubljana

3.-9. júlí 2013 - beint flug
Netverð kr. 169.900 á mann í tvíbýli á 3* hóteli. 179.900 á mann í tvíbýli á 4 eða 5* hóteli

Innifalið: Flug, skattar, gisting í Portoroz í 4 nætur og Ljubljana í 2 nætur með hálfu fæði í Portoroz. Akstur til og frá flugvelli og á milli áfangastaða. Íslensk fararstjórn miðað við lágmarkspáttöku 20 manns.



Siglingar
með Costa Cruises



Heimsferðir eru umboðsaðili Costa Cruises á Íslandi. Costa Cruises býður glæsileg lúxusskip sem sigla vítt og breytt um heiminn. Áfangastaðirnir eru fjölbreyttir og spennandi og það ásamt góðum aðbúnaði á skipunum gerir siglingar með Costa Cruises að sannkölluðu ævintýri.

Nánari upplýsingar á netsíðu okkar
www.heimsferdir.is



Glæsilegt úrval borgarferða



Barcelona

1. maí – 4 nætur
Frá aðeins 109.900

Netverð á mann, m.v. gistingu á Hotel Atlantis *** í tvíbýli með morgunverði.

Sevilla

25. apríl – 4 nætur
Frá aðeins 104.200

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði í 4 nætur á Hotel Catalonia Giralda

Budapest

25. apríl – 4 nætur - uppselt

1. maí – 4 nætur
Frá aðeins 89.700

Netverð á mann, m.v. gistingu á Star INN í tvíbýli 1. maí.

Prag

25. apríl – 4 nætur

1. maí – 4 nætur
Frá aðeins 84.700

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði í 4 nætur á Hotel Ilf, 25. apríl.

Ljubljana

1. maí – 4 nætur – örfá sæti laus
3. júlí – 6 nætur

Frá aðeins 99.000

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði í 4 nætur á Hotel Park, 1. maí.



Róm

1. maí – 4 nætur

Frá aðeins 124.900

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði í 4 nætur á Hotel Galles.

Bratislava

8. maí – 4 nætur, uppselt

Vínarborg

8. maí – 4 nætur, uppselt

Stökktu til Tenerife

16. janúar

Frá aðeins

kr. 109.900

með allt innifalið í 14 nætur

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á allra síðustu sætunum 16. janúar til Tenerife. Þú bókar flugsæti og gistingu og 3 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Kr. 109.900 – með „öllu inniföldu“

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn.
Verð á mann í tvíbýli með allt innifalið kr. 139.900.



Stökktu til Kanarí

15. janúar í 2 vikur

Frá aðeins

kr. 89.900

Nú bjóðum við síðustu sætin í sóliná á Kanaríeyjum þann 15. janúar á frábæru tilboði. Þú bókar flugsæti og þremur dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Kr. 89.900

Netverð á mann, m.v. 2 – 4 í studio / íbúð í 14 nætur.

Páskferð til Costa del Sol

22. mars í 10 nætur

Frábært verð

Aguamarina

Kr. 104.900

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í 10 nætur. Verð m.v. gistingu í tvíbýli kr. 129.900.



Verð frá
kr. 104.900



Alicante

Frá kr. **25.900**

aðra leið með sköttum.
Innifalið 20 kg farangur.

Skráðu þig í netklúbb Heimsferða á heimsferdir.is



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

 **Heimsferðir**

HELGIN



Skarphéðinn Guðmundsson, dagskrárstjóri RÚV

Út að borða og í leikhús

„Ég verða að vinna í dag, þarf að lesa handrit. Svo ætla ég að bjóða konunni óvænt út að borða á Bambus áður en við förum í leikhús að sjá Jónsmessunótt eftir Hávar Sigurjónsson.“



**Sigurður Guðmundsson
tónlistarmaður**

Með tærnar upp í loft

Ég var að spila í Hollandi með Ásgeiri Trausti og ætla að liggja í sófanum með tærnar upp í loft um helgina.



**Elín Hirst frambjóðandi
í þrettándaboð**

Ég byrja daginn í dag á fundi í Valhöll, svo held ég erindi á fundi Þjóðræknisfélagsins og enda á þrettándaboði hjá mömmu.



**Elín Lilja Jónasdóttir
ritstjóri**

Tekur niður jólin

Ég ætla í sund með fjölskyldunni, taka svo niður jólin og vonandi kemst ég á Hobbittann um kvöldið.

Pakklát fyrir að vera leikkona

Ilmur Kristjánsdóttir hljómar ánægð en óvenju lágróma í símanum. Það er fyrsti tökudagur á sjónvarpsseríu númer tvö um Ástríði, skrifstofukonu sem hún túlkar, og þetta stutta viðtal er tekið með nokkrum hléum þegar hún er kölluð „á sett“.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Tökur eru nýhafnar á nýrri þáttaröð sem nefnist Ástríður. Það er sería númer tvö með því nafni. Ilmur Kristjánsdóttir leikur titilhlutverkið eins og í fyrri seríunni. Hún var tilnefnd til Edduverðlauna 2010 sem leikkona ársins í aðalhlutverki fyrir frammistöðu sína þá. Því er fyrsta spurning sem leikkonan fær þessi:

Ilmur, er gaman að rifja upp kynnin af Ástríði?

„Já, það er mikil gleði hér á tökustað og allir spenntir.“

Þér hefur auðvitað fundist Ástríður eiga framhaldslíf skilið.

„Algerlega. Við vorum fjögur sem skrifuðum handritið saman, Sigurjón Kjartansson, María Reynald, Hannes Pálsson og ég. Silja Hauks leikstýrir núna eins og síðast og Björn Hlynur bætist við leikarahópinn. Hans persóna spilar stóran þátt í lífi okkar Bjarna sem Kjartan Guðjónsson leikur. (Hvíslar: Á ég að þegja? Nei, ókei.) Aðeins hærra: Ég er aðeins of nálægt upptökuvélunum.“

Ástríður orðin yfirmaður

Gerist serían á sama stað og sú fyrri?

„Nei, það hafa orðið breytingar. Fyrri serían gerðist í banka. Óskilgreindum banka. Hann er auðvitað farinn á hausinn þannig að fólkið sem þar vann er núna að vinna fyrir skilanefnd. Ástríður er orðin yfirmaður þannig að hún er orðin aðeins finni með sig en í fyrri seríunni.“

Hvað geturðu sagt mér um einkalífið hjá Ástríði?

„Þar er fullt í gangi, að sjálf-sögðu. Ég ætla ekki að segja þér hvernig það endar en það byrjar að minnsta kosti ekki vel.“

Verða þetta margir þættir?

„Þetta eru tíu þættir og sýningar byrja með vorinu, jafnvel í mars. En serían er búin að vera í þróun lengi. Við tókum okkur góðan tíma í að skrifa og ræða handritinu saman.“

Allt í bland

Ertu í fleiri leiklistarverkefnum núna?

„Nei, ég tók mér frí í leikhúsum í vetur en var að leika í bíómynd hjá Ágústi Guðmundssyni fyrir jólin, Ófeigur gengur aftur, sem verður frumsýnd í bíóhúsum um páskana. Það er draugagrínmynd, við Gísli Örn leikum þar þar og Laddi leikur þabba minn. Ég er sem sagt bara að sinna sjónvarps- og kvikmyndaleik núna. Svo er framtíðin óskrifað blað og ég kann því mjög vel.“

Hvort fellur þér betur að vinna á sviði eða í kvikmyndum?

„Ég vil hafa þetta allt í bland.“

Ljósmyndarinn komst að því að Ástríður er með eigin skrifstofu í nýju seríunni. Spurð hvort henni finnist það svo heillandi vinnu-umhverfi að hún gæti lagt leiklist á hilluna fyrir skrifstofustörf svarar Ilmur:

„Njá, ég er bara þakklát fyrir að vera leikkona, fá að vera viss týpa í stutta stund og geta síðan svissað yfir í eitthvað annað. Þannig fæ ég smjörþefinn af mörgu. Ég er svo mikill sveimhugi að mér hentar mjög vel að vera í þessu starfi.“




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

→ „Björn Hlynur bætist við leikarahópinn. Hans persóna spilar stóran þátt í lífi okkar Bjarna sem Kjartan Guðjónsson leikur.“

UMFERÐ UM HRINGVEGINN DRÓST LÍTILLEGA SAMAN

Umferðartölur Vegagerðarinnar sýna minniháttar breytingu milli ára. Samdráttur á umferð er mun minni en árið 2011 og 2010.



Umferðin á hringvegnum allt árið 2012 reyndist 0,4 prósentum minni en árið 2011. Þetta segir á vef Vegagerðarinnar, en í þessum tölum er miðað við sextán lykilteljara á hringvegnum.

Þetta er mun minni samdráttur en árið 2011 þegar umferð dróst saman um 5,3 prósent frá árinu áður, en árið 2010 nam samdrátturinn 2,3 prósentum.

Umferð hefur dregist mikið saman frá hruni, en er nú svipuð og var á árunum 2005 til 2006. Fyrir hrun mældist gjarnan fimm til sex

prósenta aukning á umferð milli ára.

Síðasta ár jókst umferð lítillega á Suðurlandi og við höfuðborgarsvæðið, og um heil 5,4 prósent á Austurlandi. Umferð dróst hins vegar saman á Vesturlandi, um 3,5 prósent og á Norðurlandi um 4,1 prósent.

Sé eingöngu litið til desember síðastliðins í samanburði við desember 2011 er um talsverða aukningu að ræða, eða um 5,7 prósent á landsvísu.

Mesta aukningin í desember mælist á Suðurlandi, tæplega tólf prósent.

-þj

5,7%

aukning varð á umferð í desember 2012 miðað við umferð í desember árið 2011.



Í dag opnum við

Heimili upplýsingatækninnar

Nýja verslunin okkar sameinar móttöku, fundarstað, sýningarsal og kaffihús.

Skemmtileg umgjörð fyrir góð samskipti

Versluninni er ætlað að vera þægilegur vettvangur fyrir samskipti starfsfólks okkar og viðskiptavina. Hún er staðurinn þar sem við greinum þarfirnar og veitum ráðgjöf. Þar gegnir kaffihúsið lykilhlutverki. Te & Kaffi sér um að töfra fram ljúffenga kaffidrykki.

Upplýsingatækni á einum stað

Verslunin er skipulögð til að spanna þarfir atvinnulífsins í upplýsingatækni frá A til Ö: vélbúnaður, hugbúnaður, ráðgjöf og rekstrarþjónusta. Vöruúrvalið er fjölbreytt, enda flest þekktustu vörumerki veraldar á sviði upplýsingatækni meðal samstarfsaðila okkar.

Velkomin í nýju verslunina okkar við Guðrúnartún og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig

Spennandi opnunartilboð



Inspiron fartölva áður 159.900 kr. núna **124.900 kr.**



Kingston flash minni **30% afsláttur**



Samsung Galaxy Tab 2 10.1" **59.990 kr.**



Freecom flakkari **20% afsláttur**



Urbanears heyrnartól **10% afsláttur**



Ásgeir Trausti

heldur léttu síðdegistónleika kl. 15.

Te & Kaffi býður upp á ilmandi Macchiato.



advania

Welcome to IT

HOLLUSTAN RAUÐI PRÁÐURINN Í LÍFINU

Elísabet Margeirsdóttir er þekktust sem veðurfrétta- maður á Stöð 2 en hún rekur líka næringarráðgjöf og er ástríðufullur hlaupari sem stefnir á 168 kílómetra fjallahlaup í haust. Hvernig stóð á því að hún gerði hreyfingu og mataræði að uppistöðu í lífi sínu og hvaða ráð á hún fyrir þá sem dreymir um að taka upp hollari lífsstíl á nýju ári?

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is



A huginn á heilsu kviknaði í menntaskóla, kannski svona sautján ára. Þá tók ég mataræðið dálítið föstum tökum, fór að lesa mér til og fékk mikinn áhuga á heilbrigðu lífni. Fór þó ekki út í neinar öfgar, fann bara hvað það var gott að hafa hollustuna sem rauðan þráð í gegnum lífið. Það er allt í lagi að fara aðeins út af sporinu annað slagið en gott að hafa skýr markmið.

Hvenær byrjaðirðu svo að hlaupa? „Í kringum átján ára aldurinn byrjaði ég í líkamsrækt og fór fljótlega eftir það út að skokka. Byrjaði svo að hlaupa markvisst í MR þegar við vorum látin taka hlaupapróf og hlaupa 2 kílómetra á tíma. Þá fór ég að fara reglulega út að hlaupa og æfa mig í að ná hraða. Smátt og smátt hafa hlaupin svo verið að lengjast. Byrjaði á að hlaupa 10 kílómetra, svo hálfmaraþon og fyrsta maraþonið hljóp ég í kringum tvítugt. Árið 2009 próf- aði ég að hlaupa Laugavegin og það opnaði á ýmsar þælingar. Þá kom hvatinn til að hlaupa lengra og lengra.“

Þig dreymir um að taka þátt í hlaupi sem er um 168 kílómetra, ekki satt? „Já, það heitir Ultra Trail du Mont Blanc og er í Ölpunum. Ég er búin að sækja um að fá að taka þátt í því í sumar og fæ svar núna 18. janúar. Þetta er mjög vinsælt hlaup og erfitt að komast inn, en ég vona það besta.“

Sagan segir að það sé ekki hægt að fara út úr húsi í Reykjavík án þess að sjá þig á hlaupum, er eitt- hvað til í því? „Það er ábyggilega eitthvað til í því. Mér finnst gaman að hlaupa alls staðar, bæði úti í náttúrunni og á götum borgarinnar. Ég er ekkert feimin við að fólk sjái mig úti að hlaupa í hvers konar galla sem er.“

Frelsstilfinning og hugleiðsla

Hvað er svona æðislegt við að hlaupa? Er þetta ávanabindandi? „Já, það er rosalega ávanabindandi að hlaupa. Í fyrsta lagi er gott að hafa einhverja ákveðna hreyfingu sem maður getur stundað hvar sem er og hvenær sem er. Mér finnst líka gaman að hafa eitthvert stórt markmið og það hjálpar mér rosalega mikið í öllu sem ég geri. Það setur aðeins meiri spennu í lífið. Hlaupin gefa manni líka svo mikla frelstilfinningu; að geta bara farið út, ekki með símann, og einhvern veginn tjúnað sig alveg út úr heiminum í smástund. Þetta er eiginlega hugleiðsla í leiðinni.“

Hvernig kemur þetta niður á heimilislífinu, hleypur maðurinn þinn með þér? „Nja, stundum, en honum finnst skemmtilegt að gera ýmislegt annað en að hlaupa. Hann fer að lyfta og er í fótbolta en hann er farinn að hlaupa meira en hann gerði þegar við kynntumst og ætlar að skrá sig í Laugavegs- hlaupið í ár. Ég ætla að aðstoða hann við það og er mjög spennt, þótt ég verði bara á hliðarlínunni.“

Taka öll frí mið af því hvort hægt sé að hlaupa á viðkomandi áfangastað? „Ekki alveg, ég reyni að fara að minnsta kosti eina ferð á ári sem tengist ekki hlaupum, kannski einhverja helgarferð. En það er líka hægt að hlaupa hvar sem er, maður þakkar bara niður hlaupaskónum, hlaupagallanum og GPS-tækinu og þá getur maður til dæmis kynnst nýjum borgum á mjög skemmtilegan og öðruvísi hátt. Ég hef gert mikið af því að hlaupa þar sem ég er að ferðast. Svo er líka óskaplega gaman að fara í maraþonferðir með góðum hópi.“

Eitt skref í einu

Þú gerir fleira en að hlaupa, lærð- ir lífefnafræði og næringarfræði og rekur næringarráðgjöf. Kom aldrei annað til greina en að fara í nám sem tengdist áhuganum á hollustu? „Eiginlega ekki. Ég fór í lífefnafræðina strax eftir MR og ákvað svo að taka master í næringarfræði. Markmiðið var alltaf að fara þessa braut og með því að fara í lífefnafræðina hafði ég val um að taka annaðhvort matvælafræði eða næringarfræði í mastersnáminu. Þegar til kom varð næringarfræðin ofan á því mig langaði að starfa við næringar- ráðgjöf.“

Og nú ertu komin með hana, hvað er langt síðan þú opnaðir þjónustuna Betanæring? „Það er tæpt ár síðan, ég byrjaði í mars 2012. Það hefur bara gengið mjög vel og mér finnst spennandi að takast á við það og gaman að sjá þegar fólk sem leitar til mín nær árangri.“

Hvað ráðleggurðu fólki sem leit- ar til þín og vill breyta lífsstílnum? „Það eru nokkur atriði sem mér finnst að sem flestir ættu að reyna að tileinka sér. Svona beisik hlutir eins og að reyna að borða mikið af grænmeti og ávöxtum á hverjum degi. Borða fisk að minnsta kosti tvisvar í viku og passa upp á fjölbreytnina í fæðinu. Hreyfingin verður auðvitað líka að vera inni í lífsstílnum hvort sem fólk er að reyna að léttast eða ekki, hún er alveg nauðsynleg. Það þarf bara að finna sinn takt. Feillinn sem margir gera er að reyna að taka of stór skref í einu. Það er miklu vænlegra til árangurs að breyta mataræðinu smátt og smátt. Taka



NÆRING OG HLAUP
Elísabet getur ekki hugsað sér öðruvísi lífsstíl.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Græn orkubomba

Léttur morgunverður eða millibiti

- 1 bolli vatn eða hreinn safi
- Hálf epli
- Hálf pera
- ¼ lítil lárpera
- ½ frosinn banani
- ½ bolli frosið mangó eða ananas
- Fersk engiferrót eftir smekk
- Stór lúka af fersku eða frosnu spínati

Allt sett í góðan blandara.

5 RÁÐ TIL AÐ BÆTA LÍFSSTÍL

- 1 Taktu fá og auðveld skref í einu í áttina að heilbrigðari lífsstíl.
- 2 Finndu skemmtilega líkamsrækt og settu þér raunhæf en krefjandi markmið.
- 3 Borðu úr öllum fæðu- flokkunum daglega.
- 4 Kynntu þér réttar skammta- stærðir.
- 5 Stjórnaðu blóðsykrinum og hungrinu betur með hollum millibitum.

kannski eina viku þar sem þú sleppir sætindunum, það getur gert heilmikið gagn. Næstu viku er svo hægt að skipta út hvítu hveiti fyrir annað grófara og forðast mikið unna matvöru. Þannig finnur fólk smátt og smátt eitthvað sem hentar því og það á auðvelt með að viðhalda. Svo er alltaf hægt að gera betur með tímanum. Ekki byrja á einhverju sem þú veist innst inni að þú munt ekki halda út. Finndu einhverja línu sem þú getur hugsað þér að halda við. Það sama gildir um hreyfingu. Í fyrsta lagi þarf að finna eitthvað sem hæfir viðkomandi og byggja svo ofan á það. Fyrst og fremst þarf fólk að þjálfa sig í því að viðhalda þessum síðum þangað til þeir verða að föstum venjum og á endanum verður þú kominn með hollari lífsstíl.“

Spurning um jafnvægi

Tók þú þig langan tíma að breyta lífsstílnum? „Já, ég held það hafi tekið mig nokkur ár að finna þetta jafnvægi. Það eru ákveðnir hlutir sem maður breytir ekki út af en svo er allt í lagi að svindla aðeins inn á milli svo lengi sem maður heldur sig við rauða þráðinn. Það þarf bara að passa að ætla sér ekki um of. Það er til dæmis ekkert sniðugt að hafa bara einn allsherjar nammidag í viku og úða þá í sig sælgæti og óhollustu í staðinn fyrir að leyfa sér að borða nammi

í hófi þegar mann virkilega langar eða við sérstök tilefni. Það er miklu erfiðara að borða ekkert sælgæti daginn eftir ef þú leyfir þér að fara yfir strikið í nammi- áttinu einn dag í viku. Þetta er allt spurning um jafnvægi.“

Margir velja því kannski fyrir sér hvernig á því standi að kona með þína menntun skuli vinna sem veðurfréttamaður, hvernig kom það til? „Ég sótti um þetta sumarstarf á meðan ég var að klára lífefnafræðina. Krafan var menntun í raungreinum á háskóla- stigi en ég vissi svo sem ekkert nákvæmlega hvað ég var að fara út í. Fyrst og fremst er þetta auðvitað blaðamennska og framkoma í sjónvarpi en ég fór í gegnum undirbúningstímabil áður en ég byrjaði til að vera með öll grundvallaratriði á hreinu og mér fannst það mjög áhugavert og spennandi. Mig grunaði samt aldrei að ég yrði svona lengi í þessu. Ég verð búin að vera fimm ár á skjánum í júní og mér finnst það mjög skemmtilegt, býst við að halda áfram á meðan ég hef gaman að því.“

Sérðu fyrir þér að þú viðhaldir þessum lífsstíl það sem eftir er? „Já, vonandi. Ég held það þurfi að koma eitthvað mikið upp á til að ég hætti því. Mér finnst það algjör forréttindi að geta stundað mína uppáhalds líkamsrækt sem eru hlaupin og haft svona gaman af því. Það er algjörlega ómetanlegt.“

1



HM VEISLA FYRIR **N1 KORTHAFI**

10 KR.

AFSLÁTTUR AF ELDSNEYTI Í DAG!



N1 styður íslenskan handbolta allan ársins hring, gegnum súrt og sætt. Í tilefni þess að HM er að hefjast þá bjóðum við N1 korthöfum 10 kr. afslátt af eldsneytislítranum í dag, laugardag.*

Þessu til viðbótar safna N1 korthafar að sjálfsögðu tveimur punktum af hverjum lítra eins og venjulega en einn N1 punktur jafngildir einni krónu í öllum viðskiptum við N1.



Stjórnurnar verða
til í N1 deildinni

Við sýnum HM leikina á völdum
þjónustustöðvum. Sjá nánar á n1.is

*Athugið að heildunin ásláttarkjör þarast ekki erin á sérliðað dagsins.

PIKON / SIA

HM 1958**13-11 sigur á Rúmenum**

Magdeburg, 1. mars 1958

ÞJÁLFARI: Hallsteinn Hinriksson**MIKILVÆGI:** Fyrsti sigurleikur Íslands á stórmóti.**HETJA LEIKSINS:** Ragnar Jónsson. Skoraði fimm mörk og fór síðan í markið í lokin þegar markvörðurinn Guðjón Ólafsson var rekinn af velli. Ragnar hélt hreinu síðustu mínúturnar.**MARKAHÆSTIR:** Ragnar Jónsson 5 og Gunnlaugur Hjálmarsson 4.

“Frammistaða íslenska liðsins hefur vakið óskipta athygli því á daginn hefur komið að liðið á fullt erindi til slíkrar keppni. Það reyndist fært um að standa stærri þjóðum sem hafa fullkomnar aðstæður til iðkunar í þróttarinnar á sporði,” sagði í frétt um leikinn í Morgunblaðinu.

HM 1964**12-10 sigur á Svíþjóð**

Bratislava, 7. mars 1964

ÞJÁLFARI: Karl G. Benediktsson**MIKILVÆGI:** Fyrsti sigurleikur Íslands gegn Norðurlandþjóð á stórmóti.**HETJA LEIKSINS:** Ingólfur Óskarsson. Var markahæstur í íslenska liðinu með fimm mörk en hann hvíldi í fyrsta leik liðsins og var sannkallað leynivopn í þessum leik.**MARKAHÆSTIR:** Ingólfur Óskarsson 5, Gunnlaugur Hjálmarsson 3, Hörður Kristinsson 3.

“Leynivopn okkar í þessum leik var Ingólfur Óskarsson. Roland Mattsson, sem hér var um tíma síðastliðið sumar, hafði gefið löndum sínum nákvæma skýrslu um íslensku piltana. Hann hafði séð þá alla-nema Ingólf, sem aldrei kom á æfingu hjá honum vegna vinnu úti á landi. Við syndum Ingólf því ekki í fyrsta leiknum móti Egyptum og kom það í ljós gegn Svíum að sú ráðstöfun var rétt,” sagði í frétt um leikinn í Morgunblaðinu.

HM 1986**25-23 sigur á Rúmeníu á HM 1986**

Bern, 28. febrúar 1986

ÞJÁLFARI: Bogdan Kowalczyk**MIKILVÆGI:** Leikur sem varð að vinnast til að komast í milliriðilinn.**HETJA LEIKSINS:** Atli Hilmarsson var frábær á úrslitastundu. Skoraði tvö mörk og átti tvær stoðsendingar í 4-0 spretti Íslands í lok leiksins.**MARKAHÆSTIR:** Atli Hilmarsson 6, Kristján Arason 6/1, Sigurður Gunnarsson 5/1, Þorbjörn Jensson 3, Guðmundur Guðmundsson 3.

“Strákarnir hafa verið undir sannkölluðum heraga, nánast í fangabúðum hjá mér, en svona þarf að vinna til að ná árangri. Þessi sigur Íslands er sá besti og óvæntasti sem lið frá Vestur-Evrópu hefur unnið í sögu handknattleiksins,” sagði Bogdan Kowalczyk við Þjóðviljann.

HM 1986**25-16 sigur á Danmörku**

Luzern, 4. mars 1986

ÞJÁLFARI: Bogdan Kowalczyk**MIKILVÆGI:** Fyrsti sigurleikur Íslands á Dönun á stórmóti og þá sá stærsti á HM.**HETJA LEIKSINS:** Einar Þorvarðarson. Stóð sig frábærlega í markinu, varði fimmtán skot, þar á meðal tvö vítaskot. Einar varði 9 af 15 skotum Dana í seinni hálfleik eða 60 prósent skotanna.**MARKAHÆSTIR:** Atli Hilmarsson 8, Kristján Arason 6/1, Páll Ólafsson 4.

“Danir leika alltaf eins. Nú marka sigur okkar segir allt um getumuninn á liðunum. Einar spilaði frábærlega og vörnin var stórgóð. Allir börðust, hver einasti maður lagði allt sitt í leikinn. Þetta var stórkostlega góður sigur hjá liðinu,” sagði Bogdan Kowalczyk við Þjóðviljann.

**HM 2003****32-27 sigur á Júgóslavíu**

Lissabon, 2. febrúar 2003

ÞJÁLFARI: Guðmundur Guðmundsson**MIKILVÆGI:** Íslenska liðið tryggði sér sæti á ÓL í Aþenu 2004.**HETJA LEIKSINS:** Ólafur Stefánsson. Skoraði 11 mörk úr 16 skotum og átti einnig sex stoðsendingar á félagra sína.**MARKAHÆSTIR:** Ólafur Stefánsson 11/3, Patrekur Jóhannesson 4, Aron Kristjánsson 4, Einar Örn Jónsson 4.

“Eftir að Guðmundur þjálfari var búinn að halda sínu ræðu þá stóð Óli upp og bað okkur um að koma í hring og hélt tölu sem ég ætla ekki segja hvert innihaldið var í en þessi orð hans verkuðu geysilega vel á okkur og ég fann þegar við gengum til leiksins að við vorum tilbúnir allir sem einn,” sagði Sigurður Bjarnason í viðtali við Morgunblaðið.

Eftirminnilegustu sigrar Íslands á HM í handbolta

Íslenska handboltalandsliðið er að hefja keppni á sínu sautjanda heimsmeistaramóti. Strákarnir okkar eru búnir að spila hundrað leiki á HM og Fréttablaðið rifjar upp tíu eftirminnilegustu sigrana.

Óskar Ó.

Jónsson

ooj@frettabladid.is



Íslenska karlalandsliðið í handbolta lék sinn hundr- aðasta leik í úrslitakeppni HM í lokaleik sínum á HM í Svíþjóð fyrir tveimur árum og því er kjörlið tækifæri til að rifja upp tíu eftirminnilegustu sigurleiki karlaliðs Íslands

á sextán heimsmeistaramótum strákanna okkar. Íslenska liðið hefur alls unnið 44 leiki á HM, allt frá fyrsta sigrinum á móti Rúmenum á HM í Austur-Þýskalandi 1. mars 1958 til þess síðasta sem var á móti Noregi 20. janúar 2011 í lokaleik riðlakeppninnar á HM í Svíþjóð. Þeir tíu leikir sem Fréttablaðið telur að skeri sig út eru valdir bæði út frá sögulegu mikilvægi og mikilvægi þeirra fyrir íslenska landsliðið á viðkomandi móti.

HM 1997**32-28 sigur á Noregi**

Kumamoto, 27. maí 1997

ÞJÁLFARI: Þorbjörn Jensson**MIKILVÆGI:** Úrslitaleikur um sæti í átta liða úrslitunum.**HETJA LEIKSINS:** Geir Sveinsson. Skoraði 7 mörk úr 7 skotum og átti stór-leik í bæði vörn og sókn.**MARKAHÆSTIR:** Geir Sveinsson 7, Róbert Julian Duranona 7, Patrekur Jóhannesson 6, Valdimar Grímsson 5/1, Gústaf Bjarnason 4, Ólafur Stefánsson 3.

“Það var þvítíkur straumur og gleði sem fór um mann í lokin, hreint ólýsanlegt. Ég hélt að við ætluðum aldrei í gang en þetta hafðist sem betur fer með dugnaði og baráttu. Við vorum búnir að læra heima,” sagði Geir Sveinsson, fyrirliði íslenska landsliðsins í viðtali við DV.

HM 1997**32-23 sigur á Spáni**

Kumamoto, 30. maí 1997

ÞJÁLFARI: Þorbjörn Jensson**MIKILVÆGI:** Úrslitaleikur um sæti í leiknum um fimmta sætið.**HETJA LEIKSINS:** Guðmundur Hrafnkelsson. Kom inn í markið í stöðunni 10-10, byrjaði á því að verja víti og varði á endanum 16 af 29 skotum sem á hann komu eða 55 prósent.**MARKAHÆSTIR:** Geir Sveinsson 6, Róbert Julian Duranona 5/2, Björgvin Björgvinsson 4, Patrekur Jóhannesson 4, Ólafur Stefánsson 4.

“Við ætluðum okkur ekki að tapa–höfðum engan áhuga að leika um sjöunda til áttunda sæti. Þessi sigur var nauðsynlegur eftir hið sára tap gegn Ungverjum. Það var aðeins spurningin um hvort liðið langaði meira að leika um fimmta til sjötta sætið. Það kom í ljós að okkur langaði meira til þess en Spánverja,” sagði Þorbjörn Jensson, þjálfari íslenska liðsins, við Morgunblaðið.

HM 1997**27-18 sigur á Júgóslavíu**

Kumamoto, 22. maí 1997

ÞJÁLFARI: Þorbjörn Jensson**MIKILVÆGI:** Úrslitaleikur riðilsins og fyrsti sigurinn á Júgóslövu á stórmóti.**HETJA LEIKSINS:** Bergsveinn Bergsveinsson. Bergsveinn varði 17 skot í leiknum, eða 48 prósent skota sem komu á hann, og aðeins fjögur þeirra fóru til mótherja.**MARKAHÆSTIR:** Valdimar Grímsson 11/3, Dagur Sigurðsson 4, Patrekur Jóhannesson 4, Ólafur Stefánsson 3.

“Ég trúði því alltaf að við gætum lagt Júgóslava að velli en ef ég á að vera hreinskilinn verð ég að segja að ég átti aldrei von á níu marka sigri. Ég er viss um að flestir sem sjá úrslitin telja að um prentvillu sé að ræða–að tölur okkar og Júgóslava hafi víxlast,” sagði Geir Sveinsson, fyrirliði íslenska liðsins við Morgunblaðið.

HM 2011**29-22 sigur á Noregi**

Linköping, 20. janúar 2011

ÞJÁLFARI: Guðmundur Guðmundsson**MIKILVÆGI:** Íslenska liðið tryggði sér sigur í riðlinum og fullt hús inn í milliriðilinn.**HETJA LEIKSINS:** Björgvin Páll Gústavsson. Varði 21 skot í leiknum, þar af 12 af 21 skoti í seinni hálfleiknum sem Ísland vann með sjö mörkum.**MARKAHÆSTIR:** Snorri Steinn Guðjónsson 7/3, Alexander Petersson 5, Aron Pálmarsson 4, Guðjón Valur Sigurðsson 3, Ólafur Stefánsson 3, Þórir Ólafsson 3/1.

“Þetta var sigur liðsheildarinnar og gaman var að sjá Bjögga í markinu. Norðmennirnir urðu bara hræddir við hann,” sagði Ingimundur Ingimundarson í viðtali við Fréttablaðið.

HM 2007**32-24 sigur á Frakklandi**

Magdeburg, 22. janúar 2007

ÞJÁLFARI: Alfreð Gíslason**MIKILVÆGI:** Íslenska liðið varð að vinna leikinn til þess að komast upp úr riðlinum.**HETJA LEIKSINS:** Birkir Ívar Guðmundsson. Liðsheildin var frábær en Birkir Ívar sýndi stórkostlega markvörslu, ekki síst í fyrri hálfleik þegar hann varði 12 af 20 skotum sem á hann komu.**MARKAHÆSTIR:** Ólafur Stefánsson 6/4, Guðjón Valur Sigurðsson 5, Logi Geirsson 5, Alexander Petersson 4, Snorri Steinn Guðjónsson 4.

“Við vorum óheppnir að mæta Íslandungum í þeirri stöðu sem þeir voru komnir í, það er að verða að vinna okkur. Fyrir vikið voru þeir sem óðir frá fyrstu mínútu og við fengum ekkert við ráðið. Ég get ekki annað en óskað Alfreð og íslensku landsliðsmönnum til hamingju með sigurinn,” sagði Claude Onesta, landsliðsþjálfari Frakka, á blaðamannafundi eftir leik.

Útsala í Betra Baki!

25% afsláttur af Chiro Collection heilsudýnum



Chiro Deluxe dýna (aukahlutir á mynd botn og lappir)

Verðdæmi: 160x200 cm. Verð nú kr. 131.205 • 180x200 cm. Verð nú kr. 162.000,-

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrenngi

Vandaðir hægindastólar

20% afsláttur



Verðdæmi

LEVANTO

hægindastóll
með skemli

Kr. 111.840

Verð kr. 139.800

Til í svörtu, hvítu
og rauðu leðri.

Stillanleg heilsurúm í sérflokki!

20%-45% afsláttur



HOLLANDIA

stillanlegt að þínum þörfum!

Sængurver í sérflokki!

20% afsláttur



JOOP!

elegante
bed linen fashion

bruno banani

30%
afsláttur



McGREGOR
ESTABLISHED NEW YORK 1921

Úrval af baðsloppum
- allar stærðir -
fyrir dómur og herra

Tempur® Original SMALL heilsukoddi!

50% afsláttur

Útsöluverð **kr. 8.950**

Verð kr. 17.900



Allir aðrir Tempur® heilsukoddar 25% afsláttur

Temprakon dúnsæng

30% afsláttur

140x200

kr. 33.162

Verð kr. 47.375



TEMPRAKON

Vandaðar C&J heilsudýnur!

25% afsláttur

Verðdæmi

C&J Platinum heilsurúm

| | |
|-----------------------|---------------------------|
| Dýna botn og lappir | TILBOÐ |
| 160x200 - kr. 173.900 | 129.900 |
| 160x200 - kr. 112.773 | 84.500 (Bara dýna) |
| 180x200 - kr. 189.900 | 139.900 |
| 180x200 - kr. 124.170 | 93.100 (Bara dýna) |

C&J Gold heilsudýna

| | |
|-----------------------|----------------------------|
| Dýna botn og lappir | TILBOÐ |
| 160x200 - kr. 199.900 | 149.925 |
| 160x200 - kr. 139.679 | 104.760 (Bara dýna) |
| 180x200 - kr. 219.900 | 164.800 |
| 180x200 - kr. 154.371 | 115.770 (Bara dýna) |



Charlotte **S** Julien
Dream your world™

Frábært verð!

Edward svefnsófi

50% afsláttur



EDWARD svefnsófi

Afsláttarverð **kr. 104.500**

Verð kr. 209.000

www.betrabak.is

Betra
BAK

Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

Ofbeldi þagnarinnar

Mál Karls Vignis Þorsteinssonar er það nýjasta í röð umfangsmikilla kynferðisbrotamála sem komið hafa upp á undanförunum árum og eiga það sammerkt að hafa viðgengist í áraradír þrátt fyrir vísendingar um eða jafnvel beina vitneskju um að ekki hafi allt verið með felldu. Hverju sætir að kynferðisbrot hafa verið látnin liggja í þagnargildi og hvers vegna stíga sífelld fleiri þolendur fram?

Bergsteinn Sigurðsson
bergsteinn@frettabladid.is



Segja má að flóðgátt hafi brostið um miðjan síðasta áratug því síðan hefur komið upp fjöldi mála þar sem þolendur kynferðisofbeldis stíga fram og segja sögu sína. Eitt af því sem mörg þessara mála eiga sammerkt er að þau voru látnin viðgangast um langt skeið, jafnvel þótt grunur léki á að ekki væri allt með felldu. Kynferðisleg misnotkun á börnum er álitin með verstu ódæðum sem hægt er að drýgja. Hvað veldur því að venjulegt fólk lætur undir höfuð leggja að koma barni til hjálpar ef grunur leikur á að á því hafi verið brotið?

„Ástæður þöggunar eru ýmsar, til dæmis virðing fyrir valdi. Börnin sjálf bera virðingu fyrir fullorðnum,“ segir Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands. Hann segir að oft hafi þolendur kynferðisbrota mátt þola að vera álitnir meðsekir og mætt ýmsum fordómum í samfélaginu, sem dragi úr því að þolendur stíga fram og tilkynni brotin. „Vantrú á að brotin eigi sér yfirleitt stað var örugglega lengi til staðar sem ýtti undir þagnargildi. Jafnvel þó grunur um að eitthvað misjafnt væri á ferðinni var smáin og skömmin sem fylgir brotum af þessu tagi svo mikil að brotin komu ekki og koma ekki enn upp á yfirborðið.“

Varðandi aðra sem verða þess áskynja að

eitthvað óeðlilegt eigi sér stað gagnvart börnum spilar því saman vantrú á brotin sjálf, alvarleika þeirra og mikil skömm á sama tíma og gerendur eru oft viðurkenndir aðilar í samfélaginu sem eiga mikið undir sér meðan börnin eru áhrifalaus, uppfull af sektarkennd og jafnvel ekki trúá. Athæfi af þessu tagi voru stundum jafnvel höfð í flimtingum sem sýnir að alvarleikinn var ekki kunnur.“

Meiri skilningur í garð þolenda

Helgi tekur undir að svo virðist sem eins konar uppgjörsbylgja sé í gangi. Hún sé þó ekki bundin við Ísland, hennar sjáist líka merki til dæmis í Bretlandi og á Norðurlöndum. Þetta á sér ýmsar skýringar að mati Helga. Langt er um liðið frá mörgum atburðanna og gerendurnir oft látnir, sem kann að auðvelda fólk uppgjörið, auk þess sem skilningur samfélagsins hafi aukist. Þolendur þurfi ekki að sitja undir fordómum um meðsekt, að minnsta kosti í sama mæli og áður, og það auðveldi þeim að tilkynna brotin. Slíkt krefjist engu að síður mikils hugrekks af hálfu viðkomandi.

„Það er heldur ekki ólíklegt að efnahagshrunið ýti enn meira undir uppgjör við fortíðina, þó merkin sjáist fyrir,“ bætir Helgi við. „Við viljum sjá reikningsskil á ólíkum sviðum samfélagsins og með talsverðri hörku. En hversu langvinnt það er og hverju það skilar er svo annað mál. Við höfum áður fengið stór hneykslismál yfir okkur sem hafa síðan bara lyppast niður og allt að því gleymt. En þunginn bak við uppgjörið er hugsanlega meiri núna og heilög vé ekki lengur jafn ósnertanleg.“

Gerendur enn þögull hópur

Helgi bendir á að sá fjöldi játninga sem komið hefur fram á undanförunum árum einkorðast við þolendur og að margvísleg úrræði standi þeim nú til boða. Samfélagið eigi enn fyrir höndum mikið verk til að koma í veg fyrir brotin, þar þurfi líka úrræði fyrir gerendur, ekki síður en fyrir þolendur.

„Gerendur eru enn hinn þögli hópur. Það þarf engan að undra að þeir þori ekki að koma fram og viðurkenna kenndir sínar. Þeir eru fyrirleitnir og fordæmdir, ófreskjur og niðingar sem fremja sálarmorð á þeim sem okkur eru kærust; börnunum okkar. Röddin sem heyrðist í Kastljósinu í vikunni var óvænt, enda vissi gerandinn ekki af upptökunni.“

Miklu máli skiptir hins vegar að mati Helga að ná til þeirra sem haldnir eru barnagirnd til að koma í veg fyrir brotin.

„Þótt fjöldi þeirra sem haldnir eru barnagirnd á háu stigi sé ekki mikill sýnir málið í Kastljósi að fjöldi þolenda á móti hverjum geranda getur skipt tugum. Fæst málanna koma þó upp á yfirborðið. Almennt er talið líklegra að upp komist um mál þegar gerandinn er ókunnur þolandanum. Kynferðisbrot gegn börnum eru þó algengari meðal þeirra sem tengjast börnunum fjölskyldu- og vinnuböndum. Það skiptir þannig öllu að einstaklingar sem finna kenndir af þessu tagi komi fram til að hægt sé að vinna með þeim og draga úr áhættunni – ella eru þeir einfaldlega virkir og geta verið stórhættulegir eins og dæmin sanna. Hætta á útskýfun úr samfélaginu auðveldar þeim ekki að stíga fram heldur getur þvert á móti ýtt undir frekari brot.“



Við viljum sjá reikningsskil á ólíkum sviðum samfélagsins og með talsverðri hörku. En hversu langvinnt það er og hverju það skilar er svo annað mál.

Helgi Gunnlaugsson

FJÖLDI UPPGJÖRSMÁLA TENGD KYNFERÐISLEGU OFBELDI HAFU KOMIÐ UPP Á UNDAFÖRUNUM ÁRUM

Thelma og systur hennar

Um fáar bækur var meira rætt fyrir júlín 2005 en viðtalsbókina Myndin af pabba – saga Thelmu Ásdísardóttur eftir Gerði Kristnýju. Þar rakti Gerður Kristný óhugnanlega sögu Thelmu og systur hennar fjögurra. Systurnar ólust upp í Hafnarfirði á 7. og 8. áratugnum og urðu fyrir grimmilegu kynferðisofbeldi af hendi föður síns um árabil og seldi hann jafnvel öðrum barnanefndingum aðgang að þeim. Sérstakan óhug vakti að Hæstiréttur sýknaði föður Thelmu á sínum tíma, þrátt fyrir sakfellingu héraðsdóms, og mældist hann á dætrum sínum á meðan á málarekstrinum stóð. Þá gerðu skólayfirvöld lítið sem ekkert til að grípa inn í gang mála þrátt fyrir sterkar vísendingar um að ekki væri allt með felldu á heimili systranna.

Byrgismálið

Byrgismálið komst í hámaeli í desember árið 2006 þegar fréttaskýringabátturinn Kompás upplýsti að Guðmundur Jónsson forstöðumaður hefði orðið uppvís að kynferðisofbeldi gegn skjólstaðingum sínum og bókhaldsóriðu. Konur í Byrginu lýstu því hvernig Guðmundur hefði tælt þær til kynlífsathafna í krafti stöðu sinnar og haldið því fram að guð líknaði í gegnum hann. Byrgið, sem var kristilegt meðferðarheimili, hafði fengið fjárveitingar frá ríkinu síðan árið 1999. Í ljós kom að árið 2002 hafði Pétur Halldórsson geðlæknir vakið athygli Landlæknisembættisins á því að grunur léki á að þrjár konur væru barnshafandi eftir starfsmenn Byrgisins. Sama ár lét varnarmálaráðgjafi utanríkis- og innviðamála skýrslu um Byrgið, þar sem athygli var vakin á bókhaldsóriðu og að heimilið uppfyllti ekki ýmis ákæðið þjónustusamnings. Ekki var brugðist við þessum ábendingum, þvert á móti var samningur við Byrgið framlengdur og fjárveitingar til þess fóru hækkandi. Það var ekki fyrr en eftir umfjöllun Kompás sem ráðist var í rannsókn á starfsemi ríkisins, sem leiddi til þess að Guðmundur var ákærður og síðar dæmdur fyrir kynferðisbrot og skattsvik.

Breiðavík

Ódæðisverk sem framin voru á

betrunarheimilinu Breiðavík voru dregin fram í dagsljósið snemma árs 2007 þegar Kastljós og DV hófu umfjöllun um málið. Alls voru 158 drengir vistaðir á heimilinu á árunum 1953 til 1979. Fyrrum vistmenn lýstu dvölinni sem helvíti á jörð. Starfsemi heimilisins var oft gagnrýnd á starfstíma þess. Á sjötta áratugnum gagnrýndi skólastjóri í Breiðavík aðbúnað drengjanna og lagði til að heimilið yrði lagt niður. Árið 1975 vann Gísli Guðjónsson réttarsálfræðingur skýrslu þar sem hann fann margt að heimilinu og sendi athugasemdir sínar til barnaverndarnefndar. Í hvorugu tilfellinu var brugðist við. Þá voru dæmi um að drengir struku á nærliggjandi bæi og sögðu ábúendum sögu sína, en einatt var farið með þá til baka. Sævar Ciesielski rifjaði upp harðræðið á Breiðavík í bók sem kom út árið 1980 en hún vakti engin viðbrögð. Stjórnvöld brugðust við upprifjun fjölmíðla með því að setja á laggirnar rannsóknarnefnd til að kanna starfsemi Breiðavíkurheimilisins. Í skýrslu nefndarinnar var Breiðavík lýst sem mistökum í kerfinu, sem stjórnvöld bæru ábyrgð á. Illa hefði verið farið með börn, þau vanrækt og það haft hrikaleg áhrif á líf þeirra.

Önnur vistheimili

Í kjölfar skýrslunnar um Breiðavík fól forsætisráðherra rannsóknarnefndinni að fjalla um önnur meðferðar- og vistheimili fyrir börn. Rannsókn hennar náði til vistheimilanna Kumbaravogs og Knarrarvogs, Heyrnleysingjaskólans, stúlkaheimilisins Bjargs, heimavistarskólanna Reykjahlíðar og Jaðars, Upptöku/Unglingaheimilis ríkisins og uppeldisheimilisins Silungapolls. Nefndin fann dæmi um börn sem sættu illri meðferð á sumum heimilanna, ýmist af hálfu starfsmanna, annarra vistbarna eða gestkomandi manna. DV greindi frá því 2007 að Karl Vignir Þorsteinsson hefði oft verið gestkomandi á Kumbaravogi og brotið á börnum. Í skýrslu nefndarinnar kom fram að fagmennsku barnaverndaryfirvalda hefði verið verulega ábótavant; ákvarðanir um vistun barna oft verið illa undirbúnar og lítið eftirlit hefði verið með starfi einstakra stofnana og heimila.



Biskups málið

Árið 2010 var sett á laggirnar rannsóknarnefnd til að kanna starfshætti kirkjunnar vegna ásakana um kynferðisbrot á hendur Ólafi Skúlasyni árið 1996. Gripið var til þessa ráðs í kjölfar upprifjunar á máli kvennanna þriggja sem báru upp sakagiftirnar á biskupinn á sínum tíma og eftir að Guðrún Ebba, dóttir Ólafs, greindi frá því að hann hefði misnotað sig um árabil.

Helstu niðurstöður nefndarinnar voru að viðbrögð kirkjunnar hefðu einkennst af ráðaleysi. Tilgreindi nefndin 22 presta sem hún taldi að hefðu orðið á mistök í starfi í málinu og gerst sekir um þöggun. Í þeim hópi var Karl Sigurbjörnsson biskup. Taldi nefndin að meta bæri framgöngu einstakra presta árið 1996 í ljósi þess að ásakanirnar beindust að æðsta yfirmanni þeirra. Ólafur hefði haft veruleg áhrif á samstarfsmenn sína.

Landakotsskóli

Kynferðisbrot innan kaþólsku kirkjunnar komu upp á yfirborðið sumarið 2011 þegar Fréttatíminn upplýsti um ásakanir um andlegt og kynferðislegt ofbeldi á hendur tveimur fyrrum starfsmönnum Landakotsskóla, séra Georg skólastjóra, og Margrétu Müller, kennara við skólann, en bæði voru þau látnir. Fréttatíminn birti viðtal við mann sem lýsti því hvernig Georg og Margrét hefðu brotið á sér kynferðislega þegar hann var aldrinum sjö til þrettán ára. Brotin áttu sér stað bæði í skólanum og í Riftúni, sumarhúsum fyrir kaþólsk börn. Fréttin vakti sterk viðbrögð og bárust í kjölfar hennar fleiri ásakanir um kynferðislegt ofbeldi, einelti og vanrækslu á hendur Georg og Margrét frá fyrrverandi nemendum skólans. Biskup kaþólsku kirkjunnar lét skipa rannsóknarnefnd til að fara í saumana á málinu. Hún skilaði skýrslu í nóvember síðastliðnum. Af þeim 85 einstaklingum

→ Í ljós kom að árið 2002 hafði Pétur Halldórsson geðlæknir vakið athygli Landlæknisembættisins á því að grunur léki á að þrjár konur væru barnshafandi eftir starfsmenn Byrgisins.

sem nefndin ræddi við sögðust 8 hafa sætt kynferðislegu ofbeldi. 27 lýstu andlegu ofbeldi og í fáeinum tilvikum líkamlegu. Kynferðislega ofbeldið virðist hafa staðið yfir á tímabilinu 1956 til 1988 en annað ofbeldi virðist hafa varað allt til ársins 2003. Dæmi voru um að nemendur hefðu þurft að leita læknis vegna þess. Þá komst nefndin að þeirri niðurstöðu að kaþólska kirkjan hefði tekið þátt í að þagga andlega ofbeldið niður, meðal annars með því að skrá hvorki né varðveita kvartanir sem bárust.

Opel Astra

Eyðsla 5,5L/100 km**

Verð nú 3.290.000 kr.*

Verð áður 3.690.000 kr.

7 stk.

Opel hlaut þann heiður að eiga bíl ársins árið 2009 og aftur árið 2012



BÍLABOMBA OPEL

LÆKKAÐ VERÐ Á VÖLDUM BÍLUM!

Einstakt tækifæri í janúar.



Komdu og upplifðu örugg þýsk OPEL gæði!
Takmarkað magn – komdu STRAX.



Wir leben Autos.

facebook.com/opelvinir

Opel | Ármúli 17 | 108 Reykjavík | 525 8000

*Verðdæmi miðast við bíla sem til eru á lager. Aukabúnaður bíla á mynd getur verið frábrugðinn þeim sem eru á tilboði.
**Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri er samkvæmt stöðlum frá framleiðanda.

HEILSA Í HAGKAUP



20%
AFSLÁTTUR
Á KASSA



NOW VÍTAMÍN
NOW vörurnar bera GMP stimpilinn (Good Manufacturing Practices). Hann þýðir að allt framleiðsluferlið er undir ströngu innra sem ytra eftirliti.

AKTÍV KYNNINGAR
í Kringlunni í dag laugardag kl. 14-18



10%
AFSLÁTTUR
Á KASSA

AKTÍV- PRÓTEINBITAR
Með 20% hágæða mysupróteini, hjúpaðir með dökku súkkulaði.

MYSMOOTHIE KYNNING
í Kringlunni í dag laugardag kl 13-17



MYSMOOTHIE
Hreinir ávextir án aukaefna.

NÝTT



BUDDY FRUITS
Ekkert nema ávextir í gómsætum bitum. Engin aukaefni.



ARNAR OG ÍVAR KYNNA
í Garðabæ í dag laugardag kl 16-18

10%
AFSLÁTTUR
Á KASSA

ALLT Í EINNI - FJÖLVÍTAMÍN
Góð fjölvítamín- og steinefnablanda. Hjálpar til við að mæta næringarþörf einstaklinga.

NÝTT



20%
AFSLÁTTUR
Á KASSA

BIO-KULT CANDÉA
hefur reynst vel bæði til að fyrirbyggja og meðhöndla Candida sveppasýkingu. 100% náttúruvara.

NÝTT



20%
AFSLÁTTUR
Á KASSA

LATIBAER- VÍTAMÍN
Frábær vítamín fyrir hressa krakka.



20%
AFSLÁTTUR
Á KASSA

CLIPPER LÍFRAEN TE
Bragðgóð græn te frá Clipper.

NÝTT

20%
AFSLÁTTUR
Á KASSA



ANNA RÓSA MIXTÚRUR
Fjallagrös og fiflarót: styrkir lifur og hreinsar meltingu. Fiflablöð og birki: dregur úr bjúg og stíðleika í liðum. Sólhattur og hvönn: styrkir ónæmiskerfið. Fæst í Spönginni, Garðabæ og Smáralind



20%
AFSLÁTTUR
Á KASSA

ZONE PERFECT
Bragðgóðar og næringarríkar máltíðarstangir á góðu verði. Handhæg millimáltíð sem inniheldur minnst 14 g af próteinum. En það besta er auðvitað bragðið!

NÝTT



ÍSLENSKAR KRYDDSPÍRUR
• Íslensk framleiðsla
• Lífrænt ræktað
• Engin aukaefni

Blaðlauksspírur, alfa alfa spírur, brokkolí og smáraspírur, grænar ertuspírur, mungbaunaspírur, radísur og china rose spírur



PROFIT
Megrunarfæði, prótein og mysuprótein
2.897KR
VERÐ AÐUR 3.979



TRÓPÍ SJÁ
7 ávextir - 7 vítamín
299KR
VERÐ AÐUR 319



DALOON RULLUR
3 tegundir

20%
AFSLÁTTUR
Á KASSA

Gildir til 20. janúar á meðan birgðir endast.



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

KÍKTU Á
BOOZT UPPSKRIFTIR Á
GOTTIMATINN.IS

ALLT FYRIR BOOZTIÐ

JARÐARBERJA BOOZT

Jarðarberjaskyr 170g
Frosin jarðarber 120g
Döðlur frá Himneskt 3 stk.
Super berrys safi 100ml
(Berry company)
Klakar

MANGÓ EY FERSKJU BOOZT

Ferskjuskýr 170g
Mangó bitar frosnir 120g
Ferskja 1 stk.
Himnesk chia fræ 1 tsk.
Super berrys safi 80ml
(Berry company)
Klakar



ENGIFER EY CHILI BOOZT

Peruskýr 170g
Ferskt engifer 6g
Rauður chilipipar ferskur 4g
Döðlur frá Himneskt 4 stk.
Bláber 50g
Super berrys safi 80ml
(Berry company)
Klakar



20%
AFSLÁTTUR
Á KASSA

PHILIPS BLANDARI

350W Philips blandari
með 1,5 lítra glerkönnu.

ORANGE MIX

Hleðsluskýr hreint 200g
Orange mix blanda 120g
(mangó-epli-mandarínur-gojiber)
Goji berjasafi 80ml (Berry company)
Döðlur frá Himneskt 3 stk.
Klakar



10%
AFSLÁTTUR
Á KASSA

NÝR GIRNILEGUR
GOTT Í MATINN
UPPSKRIFTA-
BÆKLINGUR
MEÐ HEILSURÉTTUM

NÝTT



HEILSURÉTTIR
AF GOTTIMATINN.IS

100% KJÚKLINGAKJÖT
ÁN ALLRA AUKEFNA
Holtabringur og Holta lundir, minna en
1% fita. Hollara en Holta verður það ekki!

KJÚKLINGALAERI

fersk og úrbeinuð



25%
AFSLÁTTUR
Á KASSA

1.799KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2.398.-

KJÚKLINGALUNDIR

ferskar



25%
AFSLÁTTUR
Á KASSA

2.249KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2.998.-

KJÚKLINGABRINGUR

ferskar



25%
AFSLÁTTUR
Á KASSA

2.249KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2.998.-

PIPARSTEIK



25%
AFSLÁTTUR
Á KASSA

2.744KR/KG
VERÐ ÁÐUR 3.659.-

UNGNAUTAHAKK



4% FITA

1.698KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2.098.-

GRAENT OG GÓMSÆTT

HÄLSANS SOJARÉTTIR Í ÚRVALI



20%
AFSLÁTTUR
Á KASSA

Kjúklingur • Borgarar • Falafel bollur • Bollur • Sesam naggar • Pylsur • Snitsel

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Séntilmenn veiða í Þýskalandi

Steinarr Lár er nýkominn úr veiðiferð af æfingasvæði þýska hersins. Hann þurfti að klæða sig upp fyrir veiðarnar enda mikið haft við. Lúðrasveit vottar dýrunum meðal annars virðingu sína. Veiðarnar hafa gengið svo vel að Steinarr gengur nú undir nafninu Sir Huntalot.

Kristján Hjálmarsson
kristjan@frettabladid.is



Ég veiddi krónhjört, villisvín og rauðref í þessari ferð," segir Steinarr Lár, framkvæmdastjóri bíla-leigunnar Kúku Campers, sem nýkominn er úr heldur óvenjulegri veiðiferð á æfingasvæði þýska hersins suður af Hamborg. Fyrir veiðarnar þurfti Steinarr meðal annars að klæða sig upp í séntilmannaföt og heilsa öllum þeim sem komu að veiðunum með virktum.

Steinarr Lár starfaði eitt sinn fyrir viskíframleiðandann Jack Daniels og stýrði dreifingu fyrir-tækisins í Evrópu og Afríku. Í gegnum starf sitt kynntist hann Þjóðverjanum Georg Tunsmeier en faðir hans er umsjónarmaður æfingasvæðisins. Að sögn Steinars er svæðið um 60 þúsund hektarar á stærð, skógi vaxið, og dýrin sem þar þrífast sækja í nærliggjandi bóndabæi með tilheyrandi óþægindum fyrir bændurna.

„Það þarf því að grísa skóginn reglulega og því eru haldnar svokallaðar rekstrarveiðar tíu sinnum yfir vetrinn. Um fimmtíu veiðimenn taka þá þátt í hvert sinn. Þeir koma sér fyrir uppi í trjám en svokallaðir rekstrarmenn koma dýrunum á hreyfingu með aðstoð hunda. Síðan eru dýrin skotin þegar þau flýja undan rekstrarmönnum. Þetta er töluvert ólíkt veiðinni heima þar sem þú ert jafnan einn á ferð," segir Steinarr þar á þessu tímabili hafa verið skotnir um 1.000 hirtir og 900 villisvín.

Mikil kúnt að skjóta dýrin

Steinarr segir það mikla kúnt að skjóta dýrin enda eru þau á mikilli ferð. „Allir veiðimennirnir fara í svokallað „shooting cinema“ þar sem bíómynd er varpað á vegg og veiðimennirnir skjóta úr sínum eigin rifflum á það sem fyrir augu ber. Svo er reiknað út hvernig þú ert að skjóta og hvað þarf að bæta. Þannig vinnur þú upp hraða og tækni," segir hann.



Á VEIÐUM Um hundrað manns taka þátt í veiðunum á æfingasvæði þýska hersins. MYND/STEINARR LÁR

Þetta er fimmta árið í röð sem Steinarr tekur þátt í veiðunum og þær hafa heldur betur gengið vel – í raun svo vel að félagar hans eru farnir að kalla hann Sir Huntalot.

Lúðrasveit spilar fyrir dýrin

Miklar hefðir fylgja þessum heldri manna veiðum. „Menn mæta ansi reffilegir til veiðanna, allir í leðurstígvélum, veiðibuxum og jökkum, með bindi og hatta," segir Steinarr.

Hátt í hundrað manns koma að veiðunum og þurfa allir að heilsast með virktum. „Þú kynnis þig fyrir hverjum einasta manni, tekur ofan og heilsar," segir Steinarr. „Þegar búid er að fella dýrin og hreinsa úr þeim er þeim raðað upp í hálfgerðan blómsveig sem er gerður úr grenigreinum. Síðan vottar lúðrasveit þeim virðingu sína með lagi. Þeir veiðimenn sem fella dýr fá svo blóm í hattinn sem virðingavott.“

Samkvæmt reglum eignast sjálft svæðið allt það kjöt sem til fellur en veiðimennirnir mega þó kaupa sér hlut. Ef veiðimaður fellir stórt dýr greiðir hann svokallað bráðargjald. „Ég skaut til að mynda ansi stórt villisvín í fyrri og þurfti að punga út nokkur hundruð þúsund krónum vegna þess," segir Steinarr.

Þýskt veiðisamkomulag

Steinarr og Georg, þýski vinur hans, hafa gert með sér samkomulag, svokallað „closed pocket policy“. Í því felst að

Steinarr kemur á hverju ári til Þýskalands þar sem Georg sækir hann á flugvöllinn og græjar allt sem viðkemur heim-sókninni. „Hann sækir mig út á völl, sér um byssur og skot, leyfin, mat og þess háttar. Ég þarf aldrei að taka upp veskið á meðan á dvöl minni þar stendur.“

Georg kemur síðan til Íslands einu sinni á ári til hreindýraveiða og þá gilda sömu reglur, hann þarf aldrei að taka upp veskið. „Þannig fáum við tvo veiðitúra á verði eins og mikla upplifun fyrir alla. Georg kom einn í fyrstu ferðina en síðan þá hefur pabbi hans komið, tengdapaðbi og þrír vinir hans.“

Breyta þarf skotveiðileyfinu

Steinarr er mikill veiðimaður og fór fyrst á rjúpu með karli föður sínum þegar hann var tíu ára. „Hann kenndi mér að veiðimaðurinn skilur aldrei neitt eftir sig nema sporin," segir Steinarr sem hefur því verið við veiðar í tæpan aldarfjórðung. Hann segir margt mega bæta hjá íslenskum veiðimönnum. „Í Þýskalandi tekur það níu mánuði að fá veiðileyfi. Veiðimennirnir þar eru virkilega reyndir og vita nákvæmlega hvað þeir eru að gera. Á Íslandi eru þetta þrjú kvöld og svo eru menn sendir af stað með haglabyssurnar. Íslenskir veiðimenn kunna margir hverjir ekki að gera að dýrunum og þekkja þau varla í sundur. Því þarf að breyta.“



SIR HUNTALOT Veiðarnar hjá Steinari Lár hafa gengið svo vel að þýskir vinir hans kalla hann Sir Huntalot. MYND/ÚR EINKASAFNI



Á GRÆNNI GREIN Dýrunum er raðað á blómsveig úr grenigreinum að veiði lokinni. MYND/STEINARR LÁR



BLÁSIÐ Í LÚÐRA Veiðarnar hefjast með lúðrablaestri. MYND/STEINARR LÁR



DÝRUNUM VOTTUÐ VIRÐING Lúðrasveit vottar dýrunum virðingu sína. MYND/STEINARR LÁR

Nýr

MAZDA6 frumsýndur

KOMDU Á FRUMSÝNINGU Á NÝJUM MAZDA6 Í DAG, LAUGARDAGINN 12. JANÚAR MILLI KL. 12 OG 16.



Sparneytnari og öruggari Mazda6 á frábæru verði

Nýr Mazda6 sameinar glæsilega hönnun, ótrúlega sparneytni og byltingarkenndar nýjungar í öryggisbúnaði, meðal annars:

- Snjallhæmlunarkerfi (Smart City Break Support)
- Blindpunktsaðvörunarkerfi (Rear Vehicle Monitoring)

Nýja SkyActiv-tækni Mazda skapar fádæma sparneytni fyrir stóran fjölskyldubíl. Þar sameinast ný vélar- og sjálfskiptitækni ásamt léttum en ofursterkum málmum sem léttu bílinn. Eldsneytisnotkun SkyActiv bensínvélarinnar með sjálfskiptingu er einungis 6,0 lítrar í blönduðum akstri. Fæst einnig með dísilvél.

Mazda6 kostar aðeins frá 4.390.000 kr. kominn á götuna og vel búinn staðalbúnaði m.a. 17" álfelgum, Bluetooth, nálægðarskynjurum, upplýsingasnertiskjá í mælaborði, hraðastilli (cruise) og regnskynjara í framrúðu.



ZOOM-ZOOM

Færri treysta stjórnmalaflokkum

Sjálfstæðisflokkurinn nýtur mests trausts landsmanna til að hafa forystu í fjórtán af fimmtán mikilvægum málaflokkum samkvæmt könnun MMR. Vinstri græn njóta enn mests trausts þegar kemur að umhverfismálum en traustið dalar þó.

Brjánn Jónasson
brjann@frettabladid.is



Landsmenn telja Sjálfstæðisflokkinn best til þess fallinn að hafa forystu í fjórtán af fimmtán mikilvægum málaflokkum sem spurt var um í skoðanakönnun MMR. Aðeins þegar spurt var um umhverfismál telja landsmenn Vinstri græn henta betur til forystu.

Almennt virðast færri treysta stjórnmalaflokkunum til að vinna að þeim verkefnum sem spurt var um. Aðeins um 60,5 prósent þeirra sem tóku þátt í könnuninni sögðust treysta einhverjum ákveðnum stjórnmalaflokkum til að leiða að minnsta kosti einn málaflokk. Í sambærilegri könnun sem MMR gerði í apríl 2009 var hlutfallið mun hærra, eða 78 prósent.

Í könnun MMR, sem gerð var snemma í desember, voru þátttakendur spurðir hvaða flokki þeir treystu best til að leiða fimmtán mismunandi málaflokka. Meðal þess sem spurt var um voru heilbrigðismál, menntamál, skattar, endurreisn atvinnulífsins og nýting náttúruauðlinda.

Þetta er í fimmta skipti sem MMR gerir sambærilega könnun, en sú fyrsta var gerð í apríl 2009. Í nýjustu könnuninni bæstast við þrjú málaflokka sem ekki hefur verið spurt um áður; skuldamál heimilanna, málefni Íbúðalánasjóðs og endurskoðun á stjórnarskránni. Hægt er að kynna sér niðurstöður könnunarinnar í einstökum málaflokkum með því að skoða myndirnar hér til hliðar og á síðu 36. Þar má einnig sjá þróunina frá fyrri árum.

Gríðarlegar breytingar sjást frá árinu 2009 á áliti landsmanna á því hvaða flokkar séu best til þess fallnir að leiða mikilvæga málaflokka. Þá sýndi könnun MMR að landsmenn treystu Vinstri grænum best til að leiða sex af þrettán málaflokkum sem spurt var um. Í fjórum málaflokkum treystu landsmenn Sjálfstæðisflokknum best og Samfylkingunni í þremur. Stjórnarflokkarnir nutu á þeim tíma mests trausts til að leiða níu af þrettán málaflokkum.

Í nýjustu könnuninni er annað

uppi á teningnum. Sjálfstæðisflokkurinn ber höfuð og herðar yfir hina flokkana, á meðan traustið á stjórnarflokkunum hrapar. Aðeins þegar kemur að umhverfismálum nefndu flestir Vinstri græn, 29,2 prósent, en 28,3 prósent nefndu Sjálfstæðisflokkinn. Munurinn er raunar vel innan skekkjumarka.

Minna traust á stjórnarflokkum

Í apríl 2009 nefndu yfir 50 prósent annan hvorn stjórnarflokkanna, Samfylkinguna eða Vinstri græn, í öllum málaflokkunum þrettán. Nú komast flokkarnir samanlagt ekki nema rétt yfir fjórða tug prósent í þeim málaflokkum þar sem þeir njóta mests trausts, og yfirleitt njóta þeir samanlagt trausts tæplega 35 prósent samanlagt. Þessi þróun helst í hendur við mikið fylgistap stjórnarflokkanna í öllum skoðanakönnunum.


Traust landsmanna á því að Sjálfstæðisflokkurinn sé best til þess fallinn að leiða mikilvæga málaflokka hefur aukist jafnt og þétt frá því fyrsta könnunin var gerð, í apríl 2009. Þá naut flokkurinn að meðaltali 28,1 prósent trausts til að leiða þá málaflokka sem spurt var um. Í nýjustu könnuninni nefna að meðaltali 41,2 prósent þeirra sem afstöðu tóku Sjálfstæðisflokkinn.

Álfka margir treystu Samfylkingunni til að leiða þá málaflokka sem spurt var um í apríl 2009 og treystu Sjálfstæðisflokknum. Að meðaltali naut Samfylkingin trausts 29,1 prósent þeirra sem afstöðu tóku. Traustið dalaði í næstu könnunum á eftir og mældist 18,9 prósent í desember 2011. Í nýjustu könnuninni hefur traustið aukist örlítið frá síðasta ári og mældist nú 19,9 prósent.

Ólíkt Samfylkingunni hefur Línan legið beint niður hjá Vinstri grænum. Um 29,2 prósent landsmanna treystu flokknum að meðaltali til að leiða málaflokkana árið 2009. Það traust hefur síðan minnkað jafnt og þétt, og nú er svo komið að um 14,8 prósent að meðaltali nefna flokkinn sem vænlegan forystusauð í málaflokkunum fimmtán.

Traustið á Framsóknarflokknum hefur aukist nokkuð frá árinu 2009. Þá töldu að meðaltali 7,4 prósent flokkinn best til þess fallinn að leiða þá málaflokka sem spurt var um. Nú er hlutfallið komið í 11,3 prósent.

FYLGFI FLOKKANNA



→ Tæp 29 prósent styðja stjórnarflokkana


Stjórnarflokkarnir njóta samanlagt stuðnings innan við 30 prósent landsmanna samkvæmt könnun MMR á fylgi flokkanna, sem gerð var samhliða könnun á málaflokkum snemma í desember.

Alls sögðust 17,5 prósent þeirra sem afstöðu tóku til einhvers stjórnmalaflokks mundu styðja Samfylkinguna, sem myndi skila flokknum 12 þingsætum. Þá sögðust 11,3 prósent mundu kjósa Vinstri græna yrði gengið til kosninga, sem myndi þýða að flokkurinn næði átta mönnum inn á þing. Sjálfstæðisflokkurinn nýtur samkvæmt könnuninni


stuðnings um 37,4 prósent landsmanna, og fengi 26 þingmenn. Alls styðja 13,7 prósent Framsóknarflokkinn, og fengi flokkurinn samkvæmt því níu þingmenn.

Eina nýja framboðið sem kæmist inn á Alþingi samkvæmt könnuninni er Björt framtíð, sem fengi samkvæmt henni stuðning 11,5 prósent landsmanna og næði átta mönnum á þing. Aðrir flokkar fá innan við fimm prósent atkvæða hver, en samanlagt sögðust 8,6 prósent mundu kjósa eitthvað af þeim öðru framboðum sem fram eru komin.


→ Heilbrigðismál




→ Innflytjendamál




→ Lög og regla almennt




→ Mennta- og skólamála




→ Skattamál




→ Atvinnuleysi



→ Umhverfismál



→ Efnahagsmál almennt



2012 Stúdentagarðar Sæmundargötu



2010 Sundlaug Hofsósi



1993 Fjölskyldugarðurinn



2006 Íþróttahús Akranes



2006 Ellingsen



2010 Egilshöll



Í tilefni 70 ára starfsafmælis Sveinbjörns Sigurðssonar hf. á árinu 2012 vilja eigendur fyrirtækisins þakka öllu starfsfólki, samstarfsfólki, birgjum, verkkaupum og öðrum sem starfað hafa hjá eða með fyrirtækinu síðastliðin 70 ár.

Við erum stolt af því að hafa náð þessum áfanga og horfum björtum augum til framtíðar

SS VERKTAKI **SVEINBJÖRN SIGURÐSSON hf.**
70 ára - Við byggjum upp -

1977-87 Borgarleikhúsið



2011 Lækjargata



1969 Das 2




1942 Bollagata



2008 Guðríðar kirkja




1999 Miklabraut



TENGL MILLI TRAUSTS Í MÁLAFLOKKUM OG FYLGI FLOKKA

| | FRAMSÓKNAR-FLOKKUR | SJÁLFTÆÐIS-FLOKKUR | SAMFYLKINGIN | VINSTRI GRÆN | BF BJÖRT FRAMTÍÐ |
|--|--------------------|--------------------|--------------|--------------|------------------|
| Heilbrigðismál | -1,6 | 2,6 | 10,6 | -0,6 | -6,7 |
| Innflytjendamál | -5,4 | 4,0 | | 5,6 | -4,7 |
| Lög og regla almennt | -3,5 | 9,2 | | 2,6 | -6,3 |
| Mennta- og skólamál | -3,8 | 2,0 | | 7,4 | -5,1 |
| Skattamál | -3,4 | 12,8 | | -1,2 | -5,3 |
| Atvinnuleysi | -2,9 | 12,0 | | -1,0 | -6,2 |
| Umhverfismál | 1,5 | -9,1 | -2,9 | 17,9 | -5,6 |
| Efnahagsmál almennt | -4,0 | 12,3 | -0,7 | 1,0 | -6,3 |
| Endurreisn atvinnulífsins | -4,7 | 15,2 | -0,2 | -1,2 | -5,9 |
| Rannsókn á tildrögum bankahrunsins | -2,6 | -9,6 | -1,9 | 12,7 | -0,4 |
| Nýting náttúruauðlinda | -2,8 | -0,7 | 0,9 | 10,1 | -4,8 |
| Samningar um aðild að Evrópusambandinu | -4,1 | 1,2 | 15,2 | -0,5 | -6,4 |
| Skuldamál heimilanna | | -1,2 | -1,8 | -1,9 | -1,0 |
| Málefni íbúðalánasjóðs | 0,2 | 4,7 | 1,0 | 0,1 | -4,3 |
| Endurskoðun á stjórnarskránni | -3,9 | 1,9 | 4,6 | 1,3 | -1,6 |



Fleiri treysta Sjálfstæðisflokki en ætla að kjósa flokkinn

Fylgi stjórn málaflókka og hlutfall þeirra sem treysta þeim til að leiða ákveðna málaflokka helst eðlilega nokkuð vel í hendur. Því fleiri sem segjast ætla að kjósa ákveðinn flokk, því fleiri telja þann flokk heppilegastan til að leiða málaflokka sem þeir telja mikilvæga.

Þess vegna er áhugavert að bera saman fylgi flokka og traustið í ákveðnum málaflókum. Í þeim málaflókum þar sem traustið er meira en fylgið treysta þeir sem ætla að kjósa ákveðna flokka engu að síður öðrum flokkum betur til að hafa forystu. Þar sem traustið er minna en fylgi flokks treysta ekki allir sem ætla þó að kjósa flokkinn honum til að hafa forystu í þeim málaflókki.

Almennt nýtur Sjálfstæðisflokkurinn meira trausts til að hafa forystu í málaflókunum en fylgi flokksins gefur til kynna. Í ellefu af fimmtán málaflókum er traustið meira en fylgið, mest þegar kemur að endurreisn efnahagslífsins, efnahagsmálum almennt, skattamálum og atvinnuleysi. Í fjórum málaflókum er traustið minna en fylgið. Mestu munar þegar spurt er um hvaða flokki sé best treystandi til að leiða rannsókn á tildrögum bankahrunsins, en munurinn er einnig umtalsverður í umhverfismálum.


Traust á Samfylkingunni til að leiða einstaka málaflokka er yfirleitt svipað og fylgi flokksins. Í

tveimur málaflókum er það þó mun meira, þegar kemur að annars vegar heilbrigðismálum og hins vegar því að leiða til lykta samninga um aðild að Evrópusambandinu.

Þrjú málaflök standa vel upp úr fylgi við Vinstri græn. Um 29,2 prósent treysta flokknum best til að hafa forystu í umhverfismálum, sem er vel yfir tvöföldu fylgi flokksins. Þá nýtur flokkurinn meira trausts í menntamálum og þegar kemur að rannsókn á tildrögum bankahrunsins en fylgi flokksins gefur til kynna.

Framsóknarflokkurinn nýtur í fæstum tilvikum stuðnings til að leiða málaflokka sem rímar við fylgi flokksins. Í flestum tilvikum mælist traust til að leiða málaflokka umtalsvert lægra en fylgi við flokkinn. Aðeins þegar kemur að skuldamálu heimilanna er traustið umtalsvert meira en fylgið.






Þjórt framtíð nýtur ákveðinn sérstöðu í könnun MMR. Fylgi flokksins mælist 11,5 prósent, en í engum málaflókum fimmtán treystir jafn hátt hlutfall flokknum til að leiða málaflokkinn. Minnstu munar þegar kemur að rannsókn á tildrögum bankahrunsins og skuldamálu heimilanna, en mestu í efnahagsmálum, heilbrigðismálum og samningum við Evrópusambandið.



AÐFERÐAFRÆÐIN

Könnun MMR var gerð dagana 7. til 11. desember 2012, og var um netkönnun að ræða. Alls tóku 877 manns á aldrinum 18 til 67 ára þátt í könnuninni. Svarhlutfall var á bilinu 45 til 55,2 prósent, misjafnt eftir spurningum. Að meðaltali tók 52,1 prósent afstöðu til hversrar spurningar.

Þátttakendur voru valdir handahófskennt út hópi líðlega 12 þúsund álitsgjafa MMR. Í þeim hópi eru einstaklingar sem voru valdir með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá, og samþykktu að taka þátt í net- og símakönnunum. Viðurkenndum aðferðum er beitt til að svörum endurspeglí lýðræðislega samsetningu þjóðarinnar.





TOPPAR ÞÚ?

66°NORÐUR OG ÍSLENSKIR
FJALLALEIÐSÖGUMENN
KOMA ÞÉR Á TOPP
HVANNADALSHNÚKS!

VIÐ KYNNUM DAGSKRÁNA MIÐVIKUDAGINN
16. JANÚAR KL. 20.00 Í VERSLUN 66°NORÐUR
FAXAFENI 12.



TILBOÐ Í FAXAFENI 12 TIL 17. JANÚAR:



BÁSAR
ULLARFATNAÐUR
20% AFSLÁTTUR



VÍK
FLÍSFATNAÐUR
20% AFSLÁTTUR



LA SPORTIVA
GÖNGUSKÓR
20% AFSLÁTTUR

EINNIG 20% AFSLÁTTUR AF BAKPOKUM, GÖNGUSTÖFUM OG ÖÐRUM FYLGIHLUTUM

WWW.66NORTH.IS/TOPPADU



LEIKSTJÓRINN
Egill Heiðar er floginn til Berlínar þar sem hann setur upp verk Argentínumannsins Rodrigos García, Eldhúsráð, sem meðal annars sækir innblástur í matreiðslubók sem sögð var vera eftir Leonardo da Vinci.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Of mikil frekja til að verða leikari

Egill Heiðar Anton Pálsson er einn okkar best menntaði og víðförlasti sviðslistamaður. Hann hefur starfað sem leikstjóri víða um Evrópu, er prófessor í leikstjórn við Statens Teaterskole í Kaupmannahöfn, kennir við Listaháskóla Íslands og leikstýrði eigin leikgerð af kvikmynd eftir Kaurismäki hjá LA í haust. Hann er nú í Berlín að setja upp sýningu sem tengist matarást Leonardos da Vinci.

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is



V arstu ákveðinn í því að verða leikstjóri strax á meðan þú varst í leikaranáminu? „Ég fann snemma út í leikaranáminu að ég er of mikil frekja til þess að það nægði mér. Mig langaði til þess að hafa um allt að segja: búninga, texta, leikmynd, ljós, og fannst það gaman. Var svo heppinn að búa með annan fótinn í Berlín á þessum tíma og sá þar mjög spennandi leikhús. Það kveikti mikinn áhuga hjá mér og ég sá að þegar maður er svona mikil frekja hentar leikstjórnin manni betur og að sennilega væri það eitthvað sem maður þyrfti að læra. Sótti um í Statens Teaterskole í Kaupmannahöfn, komst inn og hef verið meira og minna viðloðandi hann síðan og prófessor þar síðan 2005.“

Þú hefur alltaf bæði kennt og leikstýrt til skiptis, hver er helsti munurinn á því tvennu? „Þetta eru gjörólíkir heimar. Heimur listamannsins sem leikstjóra í atvinnuleikhúsi er svo síngjarn. Þar fjallar allt um það hvaða hugmyndir ég hef, mína sýn o.s.frv. sem er auðvitað að mörgu leyti mjög gott og eins og það á að vera. En á sama tíma er það alveg hrikalega óhollt því þá er hætt við að maður verði svo síngjarn, þannig að mér finnst mjög hollt að skipta um umhverfi og hef alltaf gert það. Farið að kenna til þess að láta „renna af mér“ eftir uppfærslu því kennslan er ósýngjörn

í eðli sínu. Hún fjallar um miðlun og að nemandinn eigi að verða betri en þú, sem er manni holl lexía. Í kennslunni er maður líka að endurskilgreina fræðin og þannig þjálfa þau, á meðan þú ert alltaf að nota þau í leikstjórninni. Það sem getur verið hættulegt við það að vera sífellt að leikstýra er að þú ert alltaf að nota sömu tækin, þau annað hvort þreytast í höndunum á þér eða verða þér svo daglegt brauð að þú gleymir hvað það í raun er sem þú ert með í höndunum. Leikhúsið er líka svo móðursjúkt í eðli sínu og valkvætt. Maður á ákveðinn tíma þar og svo er maður ekki nógu skemmtilegur lengur, eða ekki nógu „hot“ eða að síðasta sýning gekk ekki nógu vel eða hvað það nú er. Leikhúsið er dyntótt og skammsýnt á meðan skólarnir hugsa meira um framtíðina og sjá miklu lengra. Ef við viljum sjá leiklistina breytast og þroskast gerist það ekki með einni og einni sýningu inni í leikhúsunum. Það gerist í náminu og miðluninni og skilar sér í því að það sviðslistafólk sem kemur út hefur tileinkað sér aðrar leiðir. Það er meginástæðan fyrir því að mér fannst mjög mikilvægt að fara að kenna.“

Alls konar verk í ýmsum löndum

Þú hefur verið að leikstýra í Danmörku, Þýskalandi, Svíþjóð, Finnlandi, Íslandi og víðar. Er einhver munur á því að vinna í þessum löndum? „Já, það er mjög ólíkt. Milli þjóða er mikill munur, bæði á hinni svokölluðu þjóðarsál og því hvernig leiklist er búin til. Munurinn á þjóðarsálum smitast inn í vinnulag og vinnusíðferði og hvernig það sem sagt er í leiklistinni er sett fram. Það sem er sammerkt með þessum þjóðum hins

vegar og hefur breyst síðan ég útskrifaðist er að hin sterka hugmyndafræði frjáls-hyggjunnar smitaðist inn í allt rekstrar-fyrirkomulag leikhúsanna. Þetta varð okkur dálítið sjokk og þessi krafa um hagnað af miðasölu er oft erfið þegar við viljum vinna á sérviskulegan hátt, á það sem við köllum listrænan máta, þótt hitt sé auðvitað listrænt líka. Samtímis þessari þróun á sér stað öflug sprenging í öllum miðlum og hugmyndir um það hvernig manneskjan er kynnt í listinni gjörbreytast. Sjálfssköpunin verður ein-kennilega tengd einhverjum markaðslög-málum og einstaklingshyggju. Spurningin sem leikhúsin á Norðurlöndunum og í Þýskalandi, sem eru að mörgu leyti mjög framarlega á sínu sviði, standa frammi fyrir er: hvernig kynnum við þennan nýja veruleika? Það er á þessum tíma sem póstmóðernisminn fer að verka mjög sterkt á leikhúsið og það verða til ólíkar greinar innan þess, leiksyning verður ekki lengur bundin við dramað heldur verða til þessi brotakenndu verk sem gjarna byggja á beinum samskiptum við samfélagið. Gerast kannski ekki einu sinni í leikhúsinu lengur heldur eru bundin við ákveðna staði, það sem kallast „site-specific“ leiksyningar. Maður er ekki lengur að búa til heildstætt verk heldur fer að glíma við ákveðið þema.

Ég bjó til dæmis til kvintett af verkum sem hverfast um spurninguna: hvers lags geðheilsu býr hin vestræna Evrópa yfir? Við fórum að nota vestræna hugmyndafræði til að laga geðheilsu okkar og það gekk náttúrulega bara verr og verr. Annað verk kallaðist Democracy og byggir á hroll-vekjú Fukuyama um að nú sé kominn endir

„Leikhúsið er líka svo móðursjúkt í eðli sínu og valkvætt. Maður á ákveðinn tíma þar og svo er maður ekki nógu skemmtilegur lengur, eða ekki nógu „hot“ ...

tímans, baráttunni sé lokið og við höfum fundið að markaðslýðræðið er það sem koma skal. Þessi kvintett hélt svo áfram í Mind Camp hér á Íslandi þar sem við gerðum tilraun til að skoða tilveru manneskjunnar sem eingöngu skilgreinir sig út frá neyslu sinni og yfirborðskenndum hlutum eins og stjórnspeki og raunveruleikasjónvarpi. Svo gerðum við verk sem heitir Hungur og var sett upp í Gautaborg þar sem við veltum fyrir okkur hvað það sé sem okkur hungur eftir í dag. Öll þessi verk urðu til á æfingartímabilinu, svokölluð samsett verk, og sum „site-specific“ eins og Pretty Woman sem við settum upp með vændiskonum á Istedgade. Þar settum við upp lítið leikhús þar sem áhorfendur hittu vændiskonur sem voru að reyna að komast í spor vændiskonunnar í myndinni frægu Pretty Woman, sem er víst ein vinsælasta kvikmynd kvikmyndasögunnar, svo ótrúlegt sem það nú er. Ég setti líka upp töluvert af nýjum leikritum eftir áhugaverða höfundu, en hef í seinni tíð verið að færa mig meira í átt að dramatísku leikskáldunum; setti upp Tékov og svo Strindberg herna í LHÍ um daginn. Annar angi af minni vinnu tengist uppáhaldskvikmyndum mínum og kvikmyndaleikstjórum og ég hef til dæmis gert fjórar uppsetningar af kvikmyndum Johns Cassavetes um manneskjurnar, einmanaleikann og þrjú okkar eftir ást. Af sama meði er uppsetningin á I Hire a Contract Killer eftir Aki Kaurismäki sem ég setti upp hjá L.A. í haust undir nafninu Leigumórðinginn.“

Dugleg að pikka upp strauma

Þú kemur eiginlega sem gestur inn í íslenskan leikhúshæim annað slagið, hvernig finnst þér hann standa í samanburði við hin löndin sem þú vinnur í? „Við erum náttúrulega enn þá að glíma við afleiðingar þess að hafa verið nýlenda þannig að minnimáttarkenndin er gríðarleg og þegar hún grípur okkur tökum við heljarstökk og dettum ▶

Ferill Egils Heiðars í grófum dráttum

| 1999 | 2002 | 2004 | 2005 | 2008 |
|---|--|--------------------------------|---|---|
| Útskrifast sem leikari úr Leiklistarskóla Íslands | Útskrifast sem leikstjóri úr Statens Teaterskole í Kaupmannahöfn | Prófessor í leiktúlkun við LHÍ | Prófessor á leikstjórnarbraut Statens Teaterskole í Kaupmannahöfn | Hættir sem prófessor í leiktúlkun við LHÍ |

HELSTU UPPSETNINGAR

Arabíska nóttin Stockholms Stadtsteater
Electronic City Viirus Teatteri Helsinki
Invasion Nationaltheater Mannheim
Galskab Det Kongelige Teater København
Hunger Gøteborgs Stadsteater
Bogtyven Det Kongelige Teater København
Estemand Cassavetes Nationaltheater Mannheim
Kellermensch Schaubühne Berlin
Cassavetes 1.2.3. Mammut Teater København
Die Tiefe Schaubühne Berlin

HONDA
The Power of Dreams

HALLÓ. BESTI 4X4 BÍLL ÁRSINS.

VIÐ TÖKUM FAGNANDI Á MÓTI ÞÉR MEÐ FRUMSÝNINGU Á NÝJUM CR-V UM HELGINA



LAUGARDAG MILLI KL. 10:00 & 16:00
SUNNUDAG MILLI KL. 13:00 & 16:00

HALLÓ. MEIRA NÝTT.

Halló meira nýtt. Gerðu meira með besta 4x4 bíl ársins að mati Total 4x4 Magazine – fjórðu kynslóð Honda CR-V. Hann setur ný viðmið í ferðarægindum, gæði innréttinga og gagnsemi í akstri og umferð. Nýr CR-V er allt það sem þú áttir von á frá þeim besta. Endurhannaður frá grunni, rúmbettri, sparneytnari og ríkulegri en nokkru sinni fyrr. Komdu og sjáðu meira nýtt, segðu HALLÓ við nýjan CR-V og prófaðu besta 4x4 bíl ársins.



Umboðsaðilar:

Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800
Bilver, Akranesi, sími 431 1985
Höldur, Akureyri, sími 461 6020
Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535



Vatnagördum 24-26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

► allhressilega á rassinn. Listafólki er hins vegar eðlilegt að stíga varlega til jarðar og Íslendingar leita mjög fallega út fyrir sitt svæði til að spegla sig í stærra samhengi. Sviðslistirnar hér eru að sækja út á við, tungumálalandsmærin eru að opnast og aðgengi að upplýsingum er orðið gríðarlegt. Þannig að ég sé ekki annað en að hér sé að eiga sér stað sama þróun og hjá frændþjóðum okkar. Annað sem er mjög jákvætt hér er að leiðin frá því að hugmynd kviknar og þar til hún verður að veruleika er mjög stutt. Þetta er lítið samfélag og frændsemin sem ekki er sérstaklega holl í öðrum geirum íslensks samfélags er mjög holl í listaheiminum. Þar ríkir vilji til að hjálpast að og láta hlutina ganga upp. Við erum líka mjög dugleg að pikka upp strauma og stefnur, þannig að biðtíminn frá því að ég sé eitthvað nýstárlegt erlendis og þar til það birtist hér er alltaf að stytast. Stofnanaleikhús eru auðvitað í eðli sínu staður hinna sigíðu verka og þá fjallar þetta aðallega um endurnýjun þeirra en það á líka að vera staður þar sem dægurmálin eiga sér samastað, börnin koma og læra að njóta leiklistar og þar sem samtíminn er speglaður. Þessu eru menn að átta sig á og mér finnst hafa orðið mikil þróun í leikhúsunum hér heima – í jákvæða átt. Ég sé heldur ekki betur en að það sé breið flóra í íslenskri nýleikritun á öllum sviðum. Við eigum orðið rosalega vel menntað og gott sviðslistafólk og hlutfall þeirra sem sækja menningarviðburði er fáránlega hátt hér.“

Leiðinleg hvert við annað

Samt heyrir maður alltaf talað um það að hér sé bara sama fólk að gera sömu hlutina endalaust. „Auðvitað er þetta dálítið sama fólk, einfaldlega af því að við erum ekkert svo mörg. En við erum líka ofsalega leiðinleg hvort við annað. Okkur vantar örlætið og að geta klappað hvert öðru á bakið og verið hvetjandi. Auðvitað verðum við líka að vera gagnrýnin en sjálfsgagnrýni fellst ekki í niðurrifi, hún fellst í hollri athugun á því sem er gott og gagngerrí endurskoðun á því sem við skiljum ekki. Þar finnst mér að orðræðan öll mætti lagast. Við sjáum hvornig toppar samfélagsins tala hver við annan og það drýpur auðvitað niður. Sama



orðræðan á sér stað inni á heimilunum; hvað allt sé ömurlegt og leiðinlegt og bömm-erinn og þynnkan og fyllerið og sukkið. Þetta er óskaplega leiðinleg stemning og það væri rosalega fallegt ef fólk færi að temja sér heilbrigða gagnrýni, flagga því sem við gerum vel og skoða heildarlega það sem miður fer. Ég upplifi orðræðuna hér sem gríðarlega svarta, neikvæða og agressífa og þetta er að kæfa fólk þannig að það sér ekki hlutina í samhengi. Við þurfum að fara að jafna okkur á þessari ókyrrð og átta okkur á að við þurfum að vinna saman, við erum hérna saman og það er enginn að fara neitt.“

Gabbók veitir leikskáldi innblástur

Þú ert að fara. „Já, ég er að fara til Berlínar til að setja upp sýningu. Byrja að æfa á mánu-dagsmorgun. Ótrúlega spennandi verk eftir nútímahöfund sem er Argentínumaður sem vinnur á Spáni og heitir Rodrigo García. Hann er mikill póstmóðern töffari, bæði höfundur og leikstjóri, og þráðurinn í þessu verki binst saman með tveimur mönnum sem keppast við að elda upp úr bók sem kom út um aldamótin og var sögð eftir Leonardo da Vinci. Átti að hafa fundist á Hermitage-safninu í Pétursborg og þótti mjög merkileg uppötun. Síðar kom í ljós að þetta var auð-

vitað gabb en við það varð bókin bara frægari. Þessir náungar í verkinu keppast sem sagt um hylli konu með því að elda rétti frá endurreisnartímanum í Flórens, en auðvitað er það vonlaust verk þar sem í ljós kemur að það er ekkert hjarta eftir í manneskjunni.“

Þú ætlar að frumsýna þá sýningu 18. mars. Hvað tekur svo við? „Þá kem ég heim og kenni fyrsta árs nemum í leiklist við LHÍ. Svo liggur leiðin bara áfram. Fer að setja upp Ibsen í Borgarleikhúsinu í Gautaborg næsta haust þar sem við ætlum að sviðsetja Frúna frá hafinu. En að öðru leyti gef ég ekkert upp um framtíðina.“

ÍBÚAFUNDIR MEÐ BORGARSTJÓRA Í ÖLLUM HVERFUM

Jón Gnarr borgarstjóri mun funda með íbúum í öllum hverfum borgarinnar í tengslum við verkefnið Betri Hverfi. Farið verður yfir verkefni síðasta árs og óskað eftir hugmyndum að nýjum verkefnum til að bæta íbúahverfin í Reykjavík auk þess sem óskað verður eftir samráði við íbúa um eftirfylgni verkefna.

| | | | | |
|----------------------------|--------------|------------|-----------|---------------------|
| Laugardalur | Mánudagur | 14. janúar | kl. 17.00 | Laugalækjarskóli |
| Árbær | Miðvikudagur | 16. janúar | kl. 17.00 | Árbæjarskóli |
| Vesturbær | Fimmtudagur | 17. Janúar | kl. 17.00 | Hagaskóli. |
| Háaleiti - Bústaðir | Mánudagur | 21. janúar | kl. 17.00 | Réttarholtsskóli |
| Breiðholt | Þriðjudagur | 22. janúar | kl. 17.00 | Gerðuberg |
| Miðborg | Miðvikudagur | 23. janúar | kl. 17.00 | Ráðhúsi Reykjavíkur |
| Grafarholt – Úlfarsárdalur | Fimmtudagur | 24. janúar | kl. 17.00 | Sæmundarskóli |
| Kjalarnes | Fimmtudagur | 24. janúar | kl. 20.00 | Klébergsskóli |
| Hlíðar | Mánudagur | 28. janúar | kl. 17.00 | Kjarvalsstaðir |
| Grafarvogur | Þriðjudagur | 29. janúar | kl. 17.00 | Gufunesbær |



GERUM REYKJAVÍK ENN BETRI!

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



LÁRA RÚNARS Í VIÐEY

Tónlistarkonan Lára Rúnars verður með útgáfutónleika í Viðeyjarstofu í kvöld kl. 21. Nýjasta breiðskífa Láru, Moment, kom út nýlega og verða flutt lög af henni á tónleikunum. Lára hefur átt lag á vinsælda Rásar 2 undanfarnar vikur. Þá hefur hún vakið athygli á erlendri grundu.

Viltu ná góðum árangri í skólanum frá byrjun?
Við bjóðum þér

NÁMSAÐSTOÐ

til að styrkja grunninn. Öll skólastig.

Nemendapjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI

mayoral



IANA - DIMMALIMM

Laugavegi 53 • s. 552 3737

Opið mánudag til föstudag 10-18, laugardag 10-17

ÚTSALA ÚTSALA



30%-50% afsláttur

Verðdæmi:

Verð áður: ~~7.900 kr.~~ Verð nú: 4.900 kr.

Nýjar vörur farnar að berast.

10% afsláttur

meðan á útsölu stendur.

„Kryddaðu“ fataskápinn
með fötum frá ...

black pepper

FASHION

Kíkið á facebook síðuna okkar.

Opið virka daga kl. 11 - 18
Opið laugardaga kl. 11-16

Laugavegi 178 • Sími 555 1516

VINNUR GEGN ÞVAGFÆRASÝKINGU

ICECARE KYNNIR Bio-Kult Pro-Cyan er ný vara sem vinnur gegn þvagfærasýkingu. Varan hentar bæði börnum og fullorðnum.

Bio-Kult Pro-Cyan er nýjung á markaði sem vinnur gegn þvagfærasýkingu. Varan er háþrúð en hún inniheldur þrívirka formúlu sem hefur verið vísindalega þróuð og staðfest.

Með breyttum lífsstíl, auknu stressi í daglegu lífi, ýmsum sjúkdómum og aukinni lyfjanotkun, er oft gengið á bakteríuflóruna í þarmaflórunni. Það gerir E. coli-bakteríunni auðveldara fyrir að grassera og veitir henni greiðari aðgang að þvagrásinni sem getur valdið sýkingum.

Slíkar sýkingar geta skaðað slímhimnu þvagrásarinnar.

Trönuber hindra að E. coli-bakterían nái fötfestu við slímhúð þvagrásar og skola bakteríunni út með þvagini. Hlutverk gerlanna og A-vítamíns í Bio-Kult Pro-Cyan er að hjálpa líkamanum að viðhalda eðlilegu bakteríumagni í þörmum, einnig að viðhalda eðlilegri starfsemi í þvagrásarkerfinu.

Hylkin innihalda trönuberjapykkni (cranberry extract), mjólkursýrugerla (Lactobacillus acidophilus og Lactobacillus plantarum) og A-vítamín. Fjörutíu prósent af ráðlögðum dagskammti af A-vítamíni eru í dagskammtinum af Bio-Kult Pro-Cyan-hylkjunum en þau á að taka einu sinni til tvisvar á dag, tvö hylki í senn, til að minnka líkur á þvagfærasýkingu. Bio-Kult Pro-Cyan er sérstaklega hannað fyrir barnshafandi konur en þær ættu þó alltaf að ráðfæra sig við fagfólk áður en inntaka hylkjanna hefst. Hylkin henta líka fyrir börn en mælt er með hálfum skammti af ráðlagðri skammtastærð fyrir fullorðna fyrir börn undir tólf ára.

EINKENNI ÞVAGFÆRASÝKINGAR

- Tíð þvaglát.
- Aukin þörf fyrir þvaglát án þess að kasta af sér þvagi.
- Aukin þörf fyrir þvaglát um nætur.
- Verkir og brunatilfinning við þvaglát.
- Óeðlileg lykt og litur af þvagini.
- Gröftur í þvagi.



GÆÐAVÖRUR
Birna Gísladóttir, sölu- og markaðs-
stjóri hjá Iccare.



Útsala Útsala Útsala Útsala Útsala

Verðdæmi:

Borðstofustólar 4.900
Tungusófar 75.400
Hornsófar 119.450
Sófasett 130.900
Kommóður 15.000
Höfðagaflar 5.000
Náttborð 5.000

Heilsukoddar Sófasett Púðar Hornsófar Borðstofustólar
Sjónvarpsskápar Borðstofuhúsgögn Tungusófar
Rúm Fjarstýringavasar Hægindastólar Kommoður Höfðagaflar

70% 10% 30% 70% 30% 60% 40% 20%

Patti
HÚSGÖGN

Patti verslun | Dugguvogi 2, 104 Reykjavík
Sími: 557 9510 | Vefsíða: www.patti.is

Öll kínvesk leikfimi

- Heilsu Qi Gong 5000 ára tækni
- Heilsuþætandi Tai chi
- Kung Fu í samstafi við Kínveskan íþróttaháskóla

Fyrir alla aldurshópa

Einkatímar og hópatímar

HEILSU DREKINN

禅悦

Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekin.is

ÓSKUM EFTIR SJÁLFBODALIÐUM Í FATABÚÐIR RAUÐA KROSSINS

Rauði krossinn óskar eftir sjálfbodaliðum til starfa í fatabúðum Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu.

Rauða kross búðirnar á höfuðborgarsvæðinu eru fjórar:

- Laugavegi 12
- Laugavegi 116
- Mjódd
- Strandgötu 24, Hafnarfirði

Áhugasamir eru vinsamlega beðnir um að hafa samband við Rauða krossinn í Kópavogi í síma 5546626 eða með tölvupósti á sandra@redcross.is.

Hjálpaðu okkur að hjálpa öðrum



Rauðakrosshúsið Hamraborg 11 • Sími: 554 6626 • kopavogur@redcross.is • raudlikrossinn.is/kopavogur

Myglusveppir

Fyrirbyggjandi aðgerðir

- **Purrktæki:** Draga úr raka og minnka líkur á að myglusveppurinn vaxi.
- **Lofthreinsitæki:** Hreinsa gró úr loftinu og minnka óæskileg efni frá myglusveppum.

Gríptu strax til aðgerða!

Íshúsið

www.ishusid.is | Smiðjuvegi 4a | 566 6000

HJARTNÆMT HJAL

Á NÆTURVAKTINNI Keflvíklingurinn Ingi Þór Ingibergsson vakir með þjóðinni fram á nótt á laugardagskvöldum. Hann segir hlustendur orðna vini sína.

Næsheit og nærgætni eru eiginleikar sem maður þarf að vera gæddur til að standa næturvaktina. Maður þarf að taka öllum eins og þeir eru, muna að hver og ein manneskja er mikilvæg og hefur frá ýmsu að segja,“ segir Ingi Þór Ingibergsson, tækni- og hljóðmaður hjá Ríkisútvarpinu, sem var óvænt ýtt út í starf útvarpsmanns þegar hann tók við stjórnartaumum á næturvakt Rásar 2 á laugardagskvöldum fyrir tveimur árum.

„Nafn mitt bar á góma þegar Óli Palli og Ágúst Bogason leituðu að eftirmanni Snorra Sturlusonar. Ég var viss um að þeir væru að gera at í mér en lifi samkvæmt lífsspekinni að grípa lífsins tækifæri og sló til,“ segir Ingi og sér sannarlega ekki eftir því.

„Mér þykir einstaklega gaman í útvarpinu, starfið er þakklátt og ég hef gaman af því að tala við fólk,“ segir Ingi, sem telur næturvaktina nauðsynlega þjóðarheilsunni.

„Laugardagskvöld eru sparikvöld, flestir í fríi og vaka fram eftir. Þá er notalegt fyrir hlustendur að finna fyrir félagsskap útvarpsmannsins og að einhver vaki með þeim. Margir eru einir og ekki síður vinalegt að heyra í fleira fólk sem einnig vakir á sama tíma.“

Ingi hefur næturvaktina að loknum tíufréttum og hálflefu eru opnaðar símalínur þar sem hlustendur geta hringt inn til að spjalla og biðja um óskalög.

„Á þessum tíma dags og vikunnar eru hlustendur lítið fyrir að tuða og fjasa yfir þjóðmálunum. Margt liggur á hjarta og umræðuefnið er oft fólkið sjálft, lífið og tilveran. Andrúmsloftið er langoftast létt þótt vitaskuld komi fyrir að hlustandi sé niðurlútur, í ástarsorg eða einmana. Hjalið getur því orðið hjartnæmt á köflum,“ upplýsir Ingi, sem yfirleitt fær marga fasta gesti á símalínurnar.

„Ragna Sólveig á Þingeyri, Birgir í Þorlákshöfn og Sigtryggur leigubilstjóri eru dæmi um dygga hlustendur sem hringja reglulega. Ég lít á næturvaktina sem þátt okkar allra; þátt sem við búum til saman. Við höfum enda flest eitthvað til málanna að leggja og einnig er gott fyrir fólk að geta létt á sér þegar komið er fram á nótt og ekki er almenn kurteisi að hringja í hvern sem er.“

Ingi segir tengsl óhjákvæmilega skapast á milli útvarpsmanns og einarðra hlustenda.

„Ég lít á suma af föstu hlustendum mínum sem vini þótt ég hafi ekki hitt þá í eigin persónu. Við frúin hittum



reyndar Sigtrygg leigubilstjóra óvænt þegar við tókum bíl frá Airwaves í haust og það urðu fagnaðarfundir. Mér þykir því vænt um hlustendurna og þykir vinalegt að heyra raddir þeirra aftur og aftur.“

Hlustendur næturvaktarinnar búa víða um heim, eins og Bandaríkjamaður sem hlustar til að læra íslensku og er farinn að biðja um óskalög með SS Sól. „Þá fæ ég reglulega bréf á dönsku frá eiginmanni íslenskrar konu í Danmörku og les þau upp á dönsku í þættinum. Þar er enda öll fjölskyldan farið að hlusta og kasta kveðjum á víxl,“ segir Ingi um einstaka stemningu þáttarins, sem orðinn er hluti af laugardagskvöldi hjá svo mörgum.

„Það kom mér á óvart hversu fáir hringja inn góðglaðir. Þeir virðast meira í rólegheitum heima og dettur kannski í hug að biðja um óskalag. Ég þykist kunna að greina á milli hvort fólk sé drukkið eða málhalt vegna veikinda en auðvitað er engum útskúfað svo lengi sem hann er kurteis.“

■ thordis@365.is

NÆS NÁTTUGLA

Ingi er fæddur og uppallinn í Keflavík. Hann er giftur tveggja barna faðir en segir næturvaktina ekki bitna á fjölskyldulífina enda dekki þeir Guðni Már Henningsson stundum næturvaktir föstudags og laugardags hvor fyrir annan. „Ég er náttugla að eðlisfari og eftir þáttinn líður mér oft eins og ég sé að koma úr gleðskap og þarf að trappa mig niður. Ég sofna því oftast ekki fyrr en undir hálfimm.“

MYND/GVA

SALAT MEÐ MANGÓ OG GRÁÐAOSTI

Ljúffengt, hollt og létt salat sem passar bæði sem aðalréttur og meðlæti með kjöti eða fiski. Þetta er sérstaklega gignilegt salat fyrir aðdáendur gráðaosts.

UPPSKRIFTIN MIÐAST VIÐ FJÓRA

- 4 epli
- 1 límóna
- 1 dós hrein jógúrt
- 200 g gráðaostur
- 2 msk. fljótandi hunang
- 2 mangó
- 2 msk. ólífuolía
- 1 tsk. balsam-edik
- 1 poki blandað salat
- 2 msk. saxaðar valhnetur eða pekanhnetur



Afhýðið eplin og fræhreinsið, skerið í litla bita, grófsaxið hneturnar. Setjið eplabitanana í skál og kreistið límónusafa yfir. Blandið helmingnum af ostinum út í jógúrtina og bragðbætið með hunangi. Bætið

nokkrum vatnsdropum út í og blandið allt vel. Skerið mangó í tvennt og fjarlægjið steininn. Skrælið ávöxtinn og skerið kjötið í bita. Blandið eplabitanum saman við.

Setjið salat á fjóra diska og dreifið epla- og mangóbitum yfir. Því næst er jógúrtblandan sett yfir og loks afgangurinn af ostinum. Blandið saman ólífuolíu og balsam-ediki og dreifið einnig yfir salatið. Að lokum er valhnetukjörnum stráð yfir.



FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

LOKADAGUR ÚTSÖLU

Barnavörur 30-50% afsláttur

Straufriir dúkar frá 2.990 kr

Handklæði 40% afsláttur

Rúmföt frá 5.990 kr

Lök 30% afsláttur

Púðar 2.994 kr

**25-60% afsláttur
af öllum vörum**

Opið laugardag 11-18

Lín
DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

BRAGGALIÐ NÆR GÓÐUM ÁRANGRI

GAMLAR KEMPUR Íslenska landsliðið í handbolta tók fyrst þátt í HM í handbolta fyrir 55 árum. Liðið æfði við frumstæðar aðstæður en náði góðum árangri.

Íslenska landsliðið í handbolta kepptir í sínum fyrsta leik á heimsmeistaramótinu á Spáni í dag þegar liðið mætir Rússlandi. Það eru liðin 55 ár síðan landsliðið í handbolta keppti á fyrsta heimsmeistaramóti sínu í Austur-Þýskalandi árið 1958. Hallsteinn Hinriksson þjálfaði landsliðið sem var skipað fjórtán leikmönnum, þar af sjö úr FH og fjórum úr KR. Karl V. Jóhannsson, leikmaður KR, var varafyrirliði landsliðsins á mótinu og segir hann þetta fyrsta stórmót landsliðsins hafa verið mikla upplifun fyrir alla þá sem tóku þátt.

„Mótið var mikil upplifun fyrir okkur leikmenn og þá sem fóru með, aðallega því æfingaaðstaða okkar var svo léleg á þessum tíma. Við þurftum að æfa í Hálogalandi en líka að keyra upp á Keflavíkurlugvöll tvisvar í viku og æfa í íþróttahúsi bandaríska hersins. Það var mikil upplifun að æfa í svo stórum sal.“

Landsleikirnir í Austur-Þýskalandi voru fyrstu landsleikir allra leik-

manna liðsins. Aðstæður ytra voru nokkuð frumstæðar að sögn Karls. „Við ferðuðumst með lest til Magdeburg og vorum mjög lengi á leiðinni. Hermenn stoppuðu lestina reglulega og kíktu inn til okkar. Þegar komið var á staðinn kom í ljós að íþróttahúsið sem við spiluðum í var einnig braggi en þó töluvert stærri en við vorum vanir. Við æfðum á 17 x 34 metra velli heima en völlum í Magdeburg var 20 x 40 metra langur. Gólfíð var þó svipað því sem við vorum vanir.“

ÞEKKTU EKKI MÓTHERJANN

Ísland lenti í níunda sæti á mótinu en sextán lið tóku þátt. Landsliðið lék þrjá leiki, vann Rúmena en tapaði á móti Tékkum og Ungverjum. Sigurinn gegn Rúmenum var jafnframt fyrsti sigurleikur íslenska landsliðsins í handbolta. „Við vissum ekkert hverju við áttum von á þarna úti og höfðum engar sérstakar væntingar,“ segir Karl V. Jóhannsson, fyrrverandi landsliðsmaður. „Við vissum ekkert hverju við áttum von á þarna úti og höfðum engar sérstakar væntingar. Við þekktum ekki leikmenn hinna liðanna en vissum þó af



TILBÚNIR! Íslenska liðið stillir upp fyrir fyrsta leik mótsins gegn Tékkum. Karl er annar frá hægri í neðri röð. MYND/ÚR EINKASAFNI



ÓVISSA

„Við vissum ekkert hverju við áttum von á þarna úti og höfðum engar sérstakar væntingar,“ segir Karl V. Jóhannsson, fyrrverandi landsliðsmaður. MYND/STEFÁN

einum góðum tékkneskum leikmanni sem hét Eretz. Eftir leikinn við Tékkum spurðum við reyndar hver þessi Eretz væri því við tókum aldrei eftir honum. Níunda sæti á þessu fyrsta heimsmeistaramóti var bara ágætis árangur hjá okkur, sérstaklega þegar tillit er tekið til þess að við vorum að koma frá litlum velli yfir á stóran völlum.“

Birgir Björnsson, fyrirliði liðsins og leikmaður FH, var markahæsti leikmaður liðsins á mótinu með 13 mörk. Sjálfur skoraði Karl tvö mörk á mótinu en hann spilaði stöðu skyttu vinstra megin og á miðjunni.

Karl átti langan feril sem leikmaður héraðsliðs auk þess að starfa sem milliríkjadómari á mörg ár. Hann hefur því fylgst vel með handboltanum undanfarna áratugi. En hvernig líst honum á íslenska liðið sem hefur leik í dag? „Mér líst ekki nógu vel á þá. Ég sá leikinn á móti Svíum fyrir í vikunni. Mér fannst nýju leikmennirnir eitthvað taugaveiklaðir og skiluðu ekki því sem ég bjóst við. Það var þó frábært að sjá Aron í markinu. Ég spái okkur tveimur sigrum en held að við vinnum ekki Rússa og Dani auk þess sem Makedóníumenn hafa alltaf verið okkur erfiðir.“

10.000 METRA ÁSKORUN!

KYNNINGARFUNDUR Í SPORTHÚSINU Í KÓPAVOGI ÞRIÐJUDAGINN 15. JANÚAR KL. 20

Kynnt verður ný og metnaðarfull fjallgönguáætlun með yfir 10.000 metra hæðarhækkun. Hvannadalshnúkur eða Hrútsfjallstindar sem lokatakmark. Allir velkomnir!

Nánari upplýsingar
á www.fjallafelagid.is

FJALLAFÉLAGIÐ



Á HJÓLASTÍG Útivist stendur fyrir ókeypis hjólaferðum annan hvern laugardag í vetur.

HIST OG HJÓLAÐ

Hjólað á höfuðborgarsvæðinu kallast fastur liður hjá ferðafélaginu Útivist.

Hópur hjólafélks hittist annan hvern laugardagsmorgun og hjólar saman í nokkra klukkutíma. „Við höfum staðið fyrir þessum hjólaferðum í nokkur ár,“ segir Skúli H. Skúlason, framkvæmdastjóri Útivistar, en ferðirnar eru opnar öllum og ekki er greitt þátttökugjald fyrir.

Hjólahópurinn hittist á tilteknum stað og tekin er ákvörðun um hjólaleiðina. „Það fer eftir veðri og aðstæðum hverju sinni hvert er hjólað. Stundum er hjólað í tvo tíma en ferðirnar geta tekið allt upp í fimm tíma ef veður er gott og allir í stuði,“ segir Skúli og tekur sem dæmi að stundum hjóli hópurinn upp í Mosfellsbæ og tylli sér jafnvel á kaffihús.

Skúli segir ferðirnar miðaðar við hinn almenna hjólamann. „Þetta eru ekki garpaferðir,“ bætir hann kíminn við. Inntur eftir fjölda þátttakenda svarar Skúli að yfirleitt mæti um tíu til tuttugu manns til að hjóla en í hópnum sem hafi stundað ferðirnar séu um fjörtíu manns.

En er ekkert mál að hjóla á veturna? „Nei, það er oft fínt og þurrt færi á veturna en vissulega þurfa menn að vera með nagladekk ef það er hálka.“

Hópurinn hittist í dag klukkan 10 en næsta hjólaferðin verður farin laugardaginn 26. janúar frá Toppstöðinni í Elliðaárdal. Nánari upplýsingar um styttri og lengri hjólaferðir er að finna á vefnum www.utivist.is.



WWW.DOMINOS.IS

SÍMI 58 12345

DOMINO'S APP



ÞETTA BAKAR SIG EKKI SJÁLFT

DOMINO'S LEITAR AÐ MEGAHRESSU FÓLKI

Við leitum að alls konar fólki til að starfa í nýjum Domino's verslunum sem opna fljótlega, m.a. í Mosfellsbæ. Við bjóðum fín laun, góða þjálfun, öruggt og þægilegt umhverfi og svo er stemningin hjá okkur brílljant.

Störf í boði

- Verslunarstjórar
- Vaktstjórar
- Bílstjórar
- Bakarar

Sendu okkur ferilskrá með upplýsingum um menntun og fyrri störf á ingibjorg@dominos.is fyrir 20. janúar.

Ef þú hefur einhverjar spurningar, þá skaltu ekki hika við að hafa samband við Ingibjörgu Gunnarsdóttur, starfsmannastjóra í síma **585 0800**.

ATH!
NÆG VINNA
FRAMUNDAN!



Markaðsstjóri

Rótgróin heildverslun leitar að öflugum einstaklingi til að stýra markaðsmálum fyrirtækisins

Starfssvið

- Ábyrgð á daglegum rekstri deildarinnar
- Umsjón með markaðsmálum
- Gerð kostnaðar- og söluáætlanar
- Umsjón með heimasíðu og vefverslun
- Markaðsrannsóknir og greining á sölutækifærum
- Umsjón með gerð kynningarefnis

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði markaðsmála er æskileg
- Starfsreynsla á sviði markaðsmála er skilyrði
- Áhugi og þekking á smásölumarkaði
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Vinnusemi

Nánari upplýsingar um starfið veita Helga Rún Runólfssdóttir (helga@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511 1225.

Umsóknarfrestur er til og með 21. janúar nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is.

Farið verður með allar fyrirsurnir sem trúnaðarmál. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá.

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir



Virðing hf. er löggilt verðbréfafyrirtæki, stofnað árið 1999, sem leggur áherslu á að þjónusta fag- og stofnanafjórfa. Félagið starfar í því skyni að veita viðskiptavinum sínum virðisaukandi þjónustu og aðstoða við uppbyggingu og auka fjárhagslegan styrk þeirra.

Virðing er í eigu lífeyrissjóða, tengdum félögum og nokkurra einstaklinga. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu fyrirtækisins www.virding.is

Verðbréfamiðlari

Virðing hf. óskar eftir að ráða verðbréfamiðlara

Starfssvið

- Miðlun innlendra og erlendra verðbréfa
- Uppbygging og efling viðskiptatengsla
- Samskipti við viðskiptavini
- Umsjón með skulda- og hlutabréfaútboðum
- Önnur verkefni sem tengjast verðbréfamiðlun

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla úr sambærilegu starfi er æskileg
- Áhugi og þekking á fjármálamörkuðum
- Hæfni og heilindi í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, nákvæmni og samvirkusemi

Nánari upplýsingar um starfið veita Helga Rún Runólfssdóttir (helga@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511 1225.

Umsóknarfrestur er til og með 21. janúar nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar fyrirsurnir og**

umsóknir sem trúnaðarmál. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá.

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir



Sölustjóri

ÍSAGA var stofnað árið 1919 í samstarfi við AGA, sem eignaðist meirihluta í fyrirtækinu 1991. Árið 1999 var AGA keypt af Linde frá Þýskalandi sem er eitt stærsta gasfyrirtæki heims með starfsemi í yfir 100 löndum og 50 þúsund starfsmenn. ÍSAGA ehf hefur aðsetur að Breiðhófa í Reykjavík. Þar eru súrefnis- og köfnunarefnis verksmiðja fyrirtækisins, áfyllingastöð, skrifstofa, verslun o.fl. Einnig rekur ÍSAGA koldíoxíðverksmiðju að Hæðarenda í Grímsnesi. Þess utan er ÍSAGA ehf með 7 afgreiðslustaði viðsvegar um landið. Hjá fyrirtækinu starfa um 28 manns. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess www.aga.is

ÍSAGA ehf. óskar eftir að ráða reyndan og öflugan sölustjóra til að sinna stórum viðskiptavinum fyrirtækisins. Leitað er eftir einstaklingi með mikinn drifkraft sem náð hefur góðum árangri í fyrri störfum.

Starfssvið

- Utanumhald og sala til stærri viðskiptavina, þvert á atvinnugreinar
- Greining og yfirferð ferla út frá notkun viðskiptavina á vörum frá AGA og ráðgjöf því tengt
- Þátttaka í markaðsvinnu söluteymis sem sölustjóri tilheyrir
- Tilboðs- og samningagerð

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist vel, til dæmis á sviði verk-, tækni- eða vélfræði
- Reynsla af samningagerð
- Reynsla af vinnu með teikningar og ferla er æskileg
- Hæfileiki til að vinna sjálfstætt og með öðrum
- Frumkvæði og vilji til að ná miklum árangri
- Geta og vilji til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð og að vinna eftir skilgreindum verkferlum
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Helga Rún Runólfssdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225.

Umsóknarfrestur er til og með 21. janúar nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar umsóknir og**

fyrirsurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá.

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

Capacent Ráðningar

FRAMKVÆMDASTJÓRI



Klak ehf., nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins, er stuðnings- og frumkvöðlafyrirtæki fyrir nýsköpun í atvinnulífinu. Markmið Klaksins er að vera vettvangur sem leiðir saman frumkvöðla, fyrirtæki, fjárfesta og háskóla á Íslandi til þess að skapa verðmæti í krafti nýsköpunar.

Starf framkvæmdastjóra Klaks ehf., nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins, er laust til umsókna. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi.

Starfssvið:

- Ábyrgð á rekstri og stjórnun verkefna á vegum Klaks nýsköpunarmiðstöðvar
- Rekstur og kennsla í Viðskiptasmiðjunni, sem er fræðslu- og þróunaraðstoð til frumkvöðla
- Undirbúningur og rekstur á Sprotabingi Íslands í samstarfi við Seedforum International, Sprotabing Íslands og Seed Forum Iceland
- Umsjón og ábyrgð á Startup Reykjavík í samstarfi við Arion banka og Innovit
- Skipulagning, umsjón og frumkvæði um fjölþætta viðburði á sviði nýsköpunar s.s. Nýsköpunarhádegi Klaks, útgáfu Nordic Innovation,
- Samskipti við erlend nýsköpunarfyrirtæki, þátttaka í ráðstefnum og fundum um nýsköpun og samstarf við fyrirtæki og stofnanir á sviði nýsköpunar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Viðtæk tengsl við háskólaumhverfið og atvinnulífið hér á landi og erlendis
- Reynsla á sviði nýsköpunar og frumkvöðlastarfsemi
- Reynsla af kennslu og ráðgjöf
- Leiðtoga- og skipulagshæfni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 22. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja itarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsókna og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

Capacent Ráðningar

DEILDARSTJÓRI
LAUNAEILDAR

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsókna starf deildarstjóra launaeildar. Deildarstjóri er í forsvari fyrir launavinnslu og launa- og mannahaldsáætlun stofnunarinnar. Deildarstjóri heyrir undir fjármálastjóra.

Starfssvið:

- Stýring og þátttaka í launavinnslu stofnunarinnar
- Yfirumsjón með Vinnustund, viðverkerfi Oracle E-Business Suite
- Gerð launa- og mannahaldsáætlunar
- Framkvæmd kjarasamninga
- Úrvinnsla tölulegra upplýsinga á sviði launa- og kjaramála
- Önnur verkefni í samráði við fjármálastjóra

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræða eða sambærilegt nám
- Haldgóð reynsla af launaumsýslu og áætlanagerð
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði verkefnastjórnunar.
- Haldgóð reynsla af úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga
- Reynsla af notkun gagnagrunna (t.d. Excel, Access)
- Þekking á kjarasamningum ríkisins æskileg

Færni og aðrir eiginleikar:

- Nákvæmni í vinnubrögðum og geta til að starfa sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum og til samvinnu
- Skipulags- og greiningarhæfni auk töluskilnings
- Geta til að tileinka sér nýja þekkingu
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti

Hlutverk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er að veita íbúum höfuðborgarsvæðisins aðgengilega, samfellda og alhliða heilsugæsluþjónustu. Þjónustan grundvallast á sérþekkingu á sviði heimilislækninga, hjúkrunar og heilsuverndar og byggir á viðtæku þverfaglegu samstarfi. Hún samanstendur af fimmtán heilsugæslustöðvum í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsumdæmi, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði, þróunarstofu heilsugæslunnar, Þroska- og hegðunarstöð, Göngudeild sóttvarna, Geðheilsu- eftirfylgd/iðjuþjálfun og stjórnsýslu Heilsugæslunnar.

Umsjón með ráðningunni hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 28. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja itarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsókna og fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

www.vinna.is

UMBOÐSMAÐUR BORGARBÚA



Reykjavíkurborg auglýsir nýtt starf umboðsmanns borgarbúa. Um er að ræða tímabundna ráðningu til a.m.k. eins árs og fær viðkomandi tækifæri til að útfæra, móta og þróa starfið. Hér er því spennandi tækifæri sem felur í sér áskorun fyrir metnaðarfullan einstakling.

Meginverkefni umboðsmanns borgarbúa:

- Að leiðbeina íbúum í samskiptum þeirra við embætti og stofnanir borgarinnar og veita þeim ráðgjöf um rétt sinn. Markmiðið er að opna gátt, tryggja leið og aðkomu borgarbúa að stjórnarsýslunni
- Að leiðbeina borgarbúum og fyrirtækjum sem telja á sér brotið við meðferð mála hjá Reykjavíkurborg auk þess að sinna almennum kvörtunum og ábendingum varðandi þjónustu
- Að veita ráðgjöf um endurupptökuheimildir og/eða kæruleiðir vegna þeirra mála sem til hans koma
- Að hafa eftirlit með stjórnarsýslunni í umboði forsætisnefndar og heimild til rannsóknar að eigin frumkvæði
- Að veita mannréttindaskrifstofu lagalega aðstoð vegna erinda borgarbúa sem snúa að mismunun

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði
- Reynsla úr opinberri stjórnarsýslu er kostur
- Haldbær þekking á stjórnarsýslurétti, upplýsingarétti og sveitarstjórnarrétti er nauðsynleg
- Afburða hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt
- Greiningarhæfni og geta til að tileinka sér nýja þekkingu
- Metnaður og framtíðarsýn

Skrifstofa umboðsmanns borgarbúa verður í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Umsjón með ráðningunni hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 28. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

RÁÐUNEYTISSTJÓRI



Meðal málaflokka umhverfis og auðlindaráðuneytisins eru: Náttúruvernd, friðlýsingar, veiðistjórn, mengunarvarnir, eiturefnaeftirlit, loftslagsmál, líffræðileg fjölbreytni, skógrækt, landgræðsla, skipulagsmál, landmælingar, byggingarmál, brunavarnir, veðurþjónusta, vatnamælingar, ofanflóð, vöktun á náttúruvá, umhverfis- og auðlindarannsóknir, umhverfisvöktun svo og fræðsla á sviði umhverfismála.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti ráðuneytisstjóra. Hæfnisnefnd skipuð þremur einstaklingum mun meta hæfni umsækjenda og skila greinargerð til ráðherra, sem skipar í starfið. Launakjör ráðuneytisstjóra eru byggð á ákvörðun Kjararáðs. Skipað er í embættið til fimm ára.

Ráðuneytið, sem stofnað var 1. september 2012, fer með mál er varða umhverfisvernd og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Ráðuneytið fer einnig með alþjóðlegt samstarf á sviði umhverfismála í samvinnu við utanríkisráðuneytið. Á vegum ráðuneytisins eru 14 stofnanir, sex lögskipuð verkefni og ein úrskurðarnefnd.

Starfsmenn umhverfis- og auðlindaráðuneytisins eru rúmlega 40 og skiptist starfsemi ráðuneytisins í fjórar megin skrifstofur: Skrifstofu landgæða, skrifstofu hafs, vatns og loftslags, skrifstofu umhverfis og skipulags og skrifstofu fjármála og rekstrar. Ráðuneytið leggur ríka áherslu á náið samráð við Alþingi, sveitarfélög, atvinnulíf og félagasamtök þegar unnið er að gerð laga, reglugerða og stefnumótandi áætlana.

Ráðuneytisstjóri leiðir og stýrir starfi ráðuneytis undir yfirstjórn ráðherra og stuðlar að faglegri og metnaðarfullri starfsemi þess í almannapágu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólaþróf sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla á verkefnasviði ráðuneytisins
- Stjórnunarreynsla
- Þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnarsýslu
- Leiðtogaþæfni og skýr framtíðarsýn
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tungumálakunnátta ásamt hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Nánari upplýsingar um starfið veita Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri (magnus.johannesson@uar.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent. Umsóknarfrestur er til og með 28. janúar. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um menntun og starfsferil og kynningarbréf þar sem umsækjandi rökstyður hæfni sína í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent



Heilsugæslulæknir við Heilsugæsluna Hamraborg

Laus er til umsóknar ný 100% staða heilsugæslulæknis við Heilsugæsluna Hamraborg frá 1. mars 2013 eða eftir nánara samkomulagi.

Heilsugæslan Hamraborg er í nýju húsnæði sem er í alla staði hið glæsilegasta. Þar eru sex stöður sérfræðinga í heimilislækningum en starfssvið þeirra er m.a.:

Krafist er að umsækjendur hafi sérfræðimenntun í heimilislækningum. Ef ekki tekst að ráða lækni með sérfræðiviðurkenningu í heimilislækningum til starfa kemur til greina að ráða tímabundið almennan lækni.

Nánari upplýsingar um stöðuna veita Kristjana Kjartansdóttir yfirlæknir Heilsugæslunni Hamraborg, kristjana.kjartansdottir@heilsugaeslan.is, sími 594 0500.

Umsóknir ásamt staðfestum upplýsingum um læknismenntun, læknisstörf og vísinda- og rannsóknarstörf sendist til starfsmannasviðs Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins Álfabakka 16, 109 Reykjavík, fyrir 11. febrúar 2013.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins
www.heilsugaeslan.is
Álfabakka 16
109 Reykjavík

Störf hjá Hraðlestinni



www.hradlestin.is

Indverska veitingahúsið Austurlanda-hraðlestin óskar eftir starfsfólki í eldhús og sal, bæði í fulla vinnu og hlutastörf, jafnt á daginn sem á kvöldin. Hraðlestin opnar innan skammst nýjan veitingastað í miðbæ Reykjavíkur og stöðurnar miðast við vinnu þar með möguleika á vinnu og vaktaskiptum á hinum stöðum Hraðlestarinnar í Kópavogi og Spönginn Grafarvogi. Vinsamlegast sendið inn ítarlegar persónuupplýsingar og óskir um starf og vinnutíma á netfangið hradlestin@hradlestin.is

Capacent Ráðningar

GÆÐA- OG UPPLÝSINGA- ÖRYGGISSTJÓRI



Fyrirtækið Veritas Capital óskar eftir að ráða sérfræðing í verkefni sem tengjast gæðamálum með áherslu á upplýsingaöryggi og gildingu hugbúnaðarkerfa. Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra fjármálasviðs og nær til Veritas Capital og fjögurra dótturfélaga þess.

Verksvið:

- Uppbygging gæðakerfis Veritas og skjalastýring
- Vinna að upplýsingaöryggisvottun skv. ISO27001 fyrir alla samstæðuna
- Gilding tölvukerfa í samstarfi við upplýsingatæknideild og notendur innan samstæðunnar
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking af vinnu við gæðakerfi og skilningur á kröfum lyfjaiðnaðarins æskilegur
- Áhugi og vilji til að vinna að uppbyggingu og umbótum í gæða- og upplýsingaöryggismálum ásamt mjög góðu tölvulæsi
- Góðir samskiptahæfileikar og hæfni til að vinna í teymi

Veritas er móðurfélag fyrirtækjanna Vistor hf, Distica hf, Artasan ehf. og MEDOR ehf. sem öll eru sérhæfð í þjónustu við heilbrigðisgeirann.

Umsjón með starfinu hafa Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 20. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

VERKEFNASTJÓRI MANNAUÐSMÁLA Í NOREGI



Ístak óskar eftir að ráða verkefnastjóra til að vinna að starfsmannamálum fyrirtækisins í Noregi. Verkefnastjóri heyrir undir starfsmannastjóra og vinnur náið með yfirverkfræðingi og staðarstjórum Ístaks í Noregi. Starfið krefst þess að viðkomandi geti dvalið og starfað tímabundið erlendis.

Verksvið:

- Samskipti og samvinna við aðila á vinnumarkaði s.s. samtök vinnuveitenda, stéttarfélag og vinnueftirlit
- Mat á mannaflaþörf, skipulag og umsjón með ráðningum
- Starfslokasamtöl
- Umsjón með móttöku nýliða og þjálfun starfsmanna
- Umsjón með fræðslu- og símenntunarmálum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af vinnumarkaðsmálum, t.d. kjarasamningum, vinnurétti og samskiptum við hagsmunaaðila
- Gott vald á norsku eða öðru Norðurlandamáli, ásamt góðri enskukunnáttu
- Góð samskiptahæfni og hæfni til að vinna í krefjandi umhverfi
- Frumkvæði, drifkraftur og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Umsóknarfrestur er til og með 20. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Skaftholt

Búseta og starf í sveit

Óskar eftir að ráða þroskþjálfara og stuðningsfulltrúa til leiðbeiningar og aðstoðar við íbúa í daglegu lífi bæði á heimili og í vinnu. Reynsla af starfi með einstaklinga með þroskahömlun og einhverfu er æskileg. Leitað er að jákvæðum og framtaksömum manneskjum með góða hæfni í mannlegum samskiptum. Áhugasamir sendi fyrirspurnir og/eða umsókn með ferilskrá á sskaftholt@gmail.com.

Á Skaftholti búa 8 einstaklingar með þroskahömlun. Starfsemin byggir á hugmyndafræði Rudolf Steiner. Í Skaftholti er stunduð lífefld ræktun og landbúnaður á félagslegum forsendum. Hollusta, heilbrigðir lífnaðarhættir, sjálfbærni og jákvæð umgengni við náttúruna eru í hávegum höfð í daglegu lífi.

Hefur þú áhuga á starfa hjá ungu og spennandi fyrirtæki á sviði ferðapjónustu á Íslandi og Grænlandi?

Við erum að leita að metnaðarfullum og hæfileikaríkum einstaklingum til að slást í hópinn. Ef þú ert með brennandi áhuga á viðskiptum og ástríðu fyrir ferðapjónustu, þá skaltu endilega hafa samband við okkur. Sendu okkur ferilskrá þína ásamt því hvað þú hefur fram að færa til Iceland Unlimited á job@icelandunlimited.is.

Umóknarfrestur er til 26. janúar nk.

Við hlökkum til að heyra frá þér!

Team Iceland Unlimited



Vélstjóri

Faxaflóahafnir sf óska að ráða til starfa vélstjóra frá og með 2. apríl 2013. Starfið felst aðallega í vélstjórn og viðhaldsverkefnum á dráttarbátum Faxaflóahafna sf., móttöku skipa og öðrum tilfallandi störfum.

Nauðsynlegt er að umsækjandi uppfylli eftirfarandi skilyrði:

- Hafi vélstjóraréttindi - VF III
- Hafi sótt námskeið í Slysavarnarskóla Sjómannna
- Hafi góða kunnáttu í íslensku og ensku
- Hafi góða tölvukunnáttu

Faxaflóahafnir sf. eru með starfsemi í Reykjavík, á Akranesi, á Grundartanga og í Borgarnesi og sinna starfsmenn Faxaflóahafna sf. verkefnum á þeim stöðum. Unnið er alla virka daga 07:00–17:00.

Umsóknir sendist Faxaflóahöfnum sf. Tryggvagötu 17, 121 Reykjavík merkt **VÉLSTÓRI** fyrir 1. febrúar n.k. Þar sem í gildi eru ákvæði laga um hafnavernd þá er óskað eftir að umsókn fylgi sakavottorð.

Nánari upplýsingar gefur yfirhafnsögumaður í síma 525 8900.



SPENNANDI STÖRF Í BOÐI

Borg Restaurant mun opna í húsaýnum Hótel Borgar í febrúar. Erum að leita að metnaðarfullum og duglegum einstaklingum sem vilja taka þátt í ógleymanlegu ævintýri.

Við leitum að:

- Bókara
- Kokkum
- Þjónum (bæði í fullt starf og hlutastörf)

Umsóknir sendist á:

Bókari - Haukur / haukur@borgrestaurant.is
Kokkar - Völundur Snær / volli@borgrestaurant.is
Þjónar - Óli / oli@borgrestaurant.is

KOKKANEMAR / ÞJÓANEMAR

Óskum einnig eftir metnaðarfullum, duglegum og áreiðanlegum nemum. Frábært vinnuumhverfi og samkeppnishæf laun í boði fyrir rétta fólkíð:

Þjónanemar hafi samband við Óla / oli@borgrestaurant.is

Kokkanemar hafi samband við Völundur Snær / volli@borgrestaurant.is

Borg Restaurant | Pósthússtræti 7 | s. 578-2008

ALLT BRJÁLAÐ AÐ GERA KOMDU AÐ VINNA MEÐ OKKUR

Við þurfum kraftmikið fólk í samheldinn hóp Talsmanna

Tal hefur frá upphafi haft frumkvæði að því að bjóða nýjar þjónustuleiðir og stuðlað þannig að aukinni samkeppni á fjarskiptamarkaði. Hjá Tali er lögð mikil áhersla á góðan starfsanda, öfluga liðsheild ásamt hvetjandi og skemmtilegu starfsumhverfi.

SÖLURÁÐGJAFAR ÓSKAST

Starf söluráðgjafa er fyrir árangursdrifna einstaklinga með reynslu af sölustörfum. Starfið felst í að fjölga nýjum viðskiptavinum Tals. Söluráðgjafar Tals leggja áherslu á að veita faglega ráðgjöf í samræmi við fjarskiptaparfarir viðskiptavina.

Menntun og hæfniskröfur

- Farsæl reynsla af sölu er skilyrði
- Brennandi áhugi á sölu er skilyrði
- Sannfæringskraftur og hæfni í mannlegum samskiptum eru nauðsynleg
- Keppnisskap og metnaður til að ná árangri í starfi
- Almenn tölvufærni æskileg
- Frumkvæði, drifkraftur og skipulagshæfni eru skilyrði
- Góð laun í boði fyrir réttan aðila og sveigjanlegur vinnutími

Frekari upplýsingar um starfið veitir:

Arthúr Vilhelm Jóhannesson, forstöðumaður sölusviðs, í síma 445 1646 eða á arthur@tal.is

TÆKNIFULLTRÚAR ÓSKAST Í ÞJÓNUSTUVER

Starf tæknifulltrúa gengur út á að tryggja úrlausn mála fyrir viðskiptavinum. Leitast er við að koma til móts við þarfir, til móts við þarfir og óskir viðskiptavina og fara fram úr væntingum þeirra. Í þjónustuveri er leyst úr tæknilegum atriðum og fyrirspurnum viðskiptavina er varða internet, heimasíma og farsíma. **Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf.**

Menntun og hæfniskröfur

- Þú verður að hafa gaman af því að veita góða þjónustu
- Þú verður að vilja umgangast fólk, hafa metnað og frumkvæði
- Þú verður að kunna á tölvum
- Það er fínt ef þú ert með stúdentspróf eða sambærilega menntun
- Það er mjög mikilvægt að þú hafir áhuga á tækni, tölum og nýjungum

Frekari upplýsingar um starfið veitir:

Guðný Halla Hauksdóttir, forstöðumaður þjónustusviðs, á gudny.halla@tal.is

Umhverfið er krefjandi og spennandi og við erum skemmtileg – svona á samband að vera!

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Vinsamlegast fyllið út umsókn um störf og látið ferilskrá fylgja á www.tal.is/atvinna



SKRÁÐU NAFN ÞITT Á SPJALD SÖGUNNAR

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingum sem eru tilbúnir til að leggja sig alla fram í starfi. Viðkomandi verða að hafa ríka þjónustulund, vera útsjónarsamir, heiðarlegir, hafa gott auga fyrir gæðum og vera tilbúnir til að taka þetta auka skref sem þarf til að gera gestinn ánægðan.

Á Radisson BLU Hótel Sögu störfum við eftir alþjóðlegum stöðlum virtrar hótélkeðju. Við erum sterk liðsheild sem setjum metnað okkar í fagleg vinnubrögð.

YFIRMATREIÐSLUMEISTARI

Erum að leita eftir matreiðslumeistara í fullt starf. Yfirmatreiðslumeistari hefur yfirumsjón með veislueldhúsi og veitingastaðnum Skrúði.

Helstu verkefni:

- Allur daglegur rekstur eldhúss
- Pantanir
- Starfsmannahald eldhúss

Menntun og hæfni:

- Meistararéttindi
- Rík þjónustulund
- Heiðarleiki
- Íslensku- og enskukunnátta skilyrði.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mikil samskiptahæfni og sveigjanleiki

Nánari upplýsingar veitir Anna Jónsdóttir, starfsmannastjóri, í síma 525 9803. Umsóknarfrestur er til 21. janúar 2013 og eru umsækjendur beðnir að senda umsókn á netfangið: anna.jonsdottir@radissonblu.com.

MATREIÐSLUMAÐUR

Erum að leita eftir matreiðslumanni á vaktir í veislueldhús.

Menntun og hæfni:

- Menntaður matreiðslumaður
- Rík þjónustulund
- Heiðarleiki
- Íslensku- og enskukunnátta skilyrði
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mikil samskiptahæfni og sveigjanleiki



Radisson BLU Saga Hotel • Hagatorg • 107 Reykjavík • Ísland

Fjármálafulltrúi óskast í hlutastarf

UNICEF á Íslandi (Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna) leitar að ábyrgum og samvisskusömum fjármálafulltrúa í hlutastarf. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst einkum í vinnu við fjármála-, launa-, birgða- og sölubókhalld.

Gerð er krafa um almenna menntun og góða þekkingu á og reynslu af notkun DK og Ax bókhaldskerfa, sem og af notkun Word og Excel. Góð enskukunnátta er nauðsynleg. Frekari upplýsingar veitir Dröfn Guðmundsdóttir, fjármálastjóri UNICEF, í síma 552 6302 á milli 9–12 alla virka daga. Umsóknir með ferilskrá berist til UNICEF á netfangið drofn@unicef.is eigi síðar en 28. janúar nk.



HAFNARFJÖRÐUR

www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

TÆKNITEIKNARI

Hafnarfjarðarbær auglýsir eftir tækniteiknara á skipulags- og byggingarsviði. Meðal helstu verkefna má nefna kortavinnslu og gerð mæliblaða og lóðablaða.

Krafist er menntunar í tækniteiknunar- og kunnáttu í tölvuvinnslu með AutoCad forritinu, svo og almenn tölvukunnátta. Reynsla af sambærilegum störfum er æskileg.

Um er að ræða fullt starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Starfsmanna-félags Hafnarfjarðar og Launanevndar sveitarfélaga.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um.

Upplýsingar um starfið veita Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs, og Elsa Jónsdóttir tækniteiknari í síma 585 5500.

Umsóknnum skal skila til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, eigi síðar en 31. janúar n.k.

Capacent Ráðningar

SKRIFSTOFUSTARF TOLLSKÝRSLUGERÐ

Stórt sölu- og markaðsfyrirtæki óskar eftir að ráða nákvæman og samvisskusaman einstakling til að sinna skrifstofustörfum á vörustjórnunarsviði fyrirtækisins.

Starfssvið:

- Tollskýrslugerð
- Bókanir og afstemmingar
- Yfirferð innkaupareikninga
- Utanumhald með tjónamálum í farmflutningum og samskipti við tryggingarfélag
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af tollskýrslugerð
- Reynsla af skráningum/bókunum, afstemmingum og innflutningi
- Ögun og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góð enskukunnátta æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Umsóknarfrestur er til og með 21. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

AFGREIÐSLUSTARF

Afgreiðslustarf í verslun okkar í Smáralind felst í því að afgreiða viðskiptavini og sinna öðrum verkefnum sem til falla í versluninni.

Við gerum þær kröfur til starfsmanna okkar að þeir séu snyrtilegir, jákvæðir, stundvísir og með mjög ríka þjónustulund.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið aslaug@lifoglist.is



Framtíðarstörf á Akureyri

- traustur vinnuveitandi og frábær starfsaðstaða.

Höldur ehf óskar eftir að ráða bifvélavirkja og bifreiðasmiði til starfa á nýtt og glæsilegt verkstæði við Þórsstíg á Akureyri. Við flytjum á vordögum verkstæði okkar í nýtt húsnæði þar sem allur tækjakostur og aðbúnaður verður í fremstu röð. Því viljum við bæta við konum og körlum í frábæran hóp starfsfólks okkar.

Bifvélavirki

Starfssvið:

- Almennar bílaviðgerðir.

Hæfniskröfur:

- Próf í bifvélavirkjun.
- Starfsreynsla æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Samvinna og rík þjónustulund.

Bifreiðasmiður

Starfssvið:

- Almennar bílaréttingar.

Hæfniskröfur:

- Próf í bifreiðasmiði, bifvélavirkjun eða lengra kominn nemi.
- Starfsreynsla æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Samvinna og rík þjónustulund.

Upplýsingar um störfin veitir Ari Þór Jónsson - þjónustustjóri í síma 840-6060 eða arij@holdur.is

Hægt er að sækja um störfin á slóðinni www.holdur.is/verk/storf

Höldur ehf var stofnað árið 1974. Hjá fyrirtækinu starfa um 140 manns á 16 stöðum á landinu. Verkstæðið er þjónustuaðili fyrir bílaumboðin Heklu, Bernhard og Öskju en annast viðgerðir á öllum tegundum bíla.

Höldur ehf • Tryggvabraut 12 • Sími 461-6000 • holdur@holdur.is • www.holdur.is

VANUR PRENTARI

Óskum eftir að ráða vanan prentara. Um er að ræða starf við prentun límímiða og plastfilmu í verksmiðju Pmt. Eingöngu fagmaður sem er vandvirkur, stundvísir, hefur góða reynslu við prentun og er þægilegur í umgengni kemur til greina. Starfsreynsla við flexóprentun eða prentun límímiða er æskileg.

Umsóknir og/eða fyrirspurnir sendist á oddur@pmt.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



Krókhálsi 1 • 110 Rvk • www.pmt.is



Viltu taka þátt í að byggja upp framsæknasta fyrirtækið? Toyota Kaupúni óskar eftir að ráða öfluga starfsmenn

Bifvélavirki

Starfssvið

Almennar bílaviðgerðir

Hæfniskröfur

Próf í bifvélavirkjun
Starfsreynsla og góð þekking á bílum
Hæfni í mannlegum samskiptum
Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi

Vinnutími: Mán.-fim. 08:00-17:00 og
föstudaga 08:00-15:30

Bifreiðasmiður

Starfssvið

Almennar viðgerðir við bílaréttingar

Hæfniskröfur

Próf í bifreiðasmiði
Starfsreynsla og góð þekking á bílum
Hæfni í mannlegum samskiptum
Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi

Vinnutími: Mán.-fim. 08:00-17:00 og
föstudaga 08:00-15:30

Móttaka og verslun - ráðgjafi

Starfssvið

Almenn sölu- og afgreiðslustörf
Þjónusta við viðskiptavini
Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

Reynsla af sölu- og þjónustustörfum
Skipulagshæfni, frumkvæði og vandvirkni
Hæfni í mannlegum samskiptum
Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi

Vinnutími: Mán.-fös. 07:30-18:00 og
laugardagar 10:00 - 16:00 (vaktir)

Starfsmaður á Hraðþjónustu

Starfssvið

Smurþjónusta bifreiða, þjónustuskoðanir og smærri viðgerðir

Hæfniskröfur

Starfsreynsla af smurstöð æskileg
Reynsla af smærri viðgerðum
Hæfni í mannlegum samskiptum
Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi

Vinnutími: Mán.-fös. 08:00-18:00 og
laugardagar 10:00-16:00 (vaktir)

Rétting og málun - aðstoðarmaður

Starfssvið

Undirbúningsvinna fyrir málningu
Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

Starfsreynsla æskileg
Hæfni í mannlegum samskiptum
Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi

Vinnutími: Mán.-fim. 08:00-17:00 og
föstudaga 08:00-15:30

Lagerstarfsmaður

Starfssvið

Almenn lagerstörf
Afgreiðsla pantana til verkstæða
Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

Skipulagshæfni, frumkvæði og vandvirkni
Hæfni í mannlegum samskiptum
Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi

Vinnutími: Mán.-fös. 08:00-17:00

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Sími: 570 5070
www.toyotakaupuni.is

Áhugasamir sendi umsókn fyrir 21. janúar á netfangið atvinna@toyota.is, merkt starfi sem sótt er um. Nánari upplýsingar veitir Metta Kristín Friðriksdóttir á netfangið metta@toyota.is



STÆRSTA TÍMARITAÚTGÁFUFÉLAG Á ÍSLANDI AUGLÝSIR EFTIR AUGLÝSINGASTJÓRA

Ertu hress og hefur áhuga á sölu- og markaðsmálum?

Birtingur útgáfufélag er umfangsmesta tímaritaútgáfa landsins og er í mikilli sókn. Fyrirtækið gefur út 9 tímarit og ýmis sérrit, en þau eru Gestgjafinn, Hús og híbyli, Heilsan, Júla, Mannlíf, Nýtt líf, Sagan öll, Séð og Heyrt og Vikan. Markmið Birtings er að bjóða upp á ánægjulega skemmtun og afþreyingu fyrir alla fjölskylduna með útgáfu vandaðra tímarita þar sem allir finna eitthvað við sitt hæfi.

Hæfniskröfur

Hressleiki
Hæfni í mannlegum samskiptum
Áhugi á markaðsmálum
Sjálfstæði
Söluhæfileikar

Áhugasamir sendið umsókn strax á arnithor@birtingur.is

Umsóknarfrestur er til 21 janúar 2013.

SÉÐ OG HEYRT VIKAN NÝTT LÍF HÚS OG HÍBYLI Gestgjafinn Júla SAGAN ÖLL MANNLÍF

BIRTINGUR ÚTGÁFUFÉLAG | LYNGÁSI 17 | 210 GARDABÆ | S: 515-5500 | WWW.BIRTINGUR.IS

BIRTINGUR
ÚTGÁFUFÉLAG

SKOLAR
NÆRING HREYFING LISTIR

Laus störf í leikskólum hjá Skólum ehf

Allir leikskólar Skóla ehf. starfa eftir Heilsustefnunni og leggja ríka áherslu á heilsueflingu, jákvæðan skólabrag og öflugt lærdómssamfélag þar sem samvinna og gleði ríkir. Því leitum við að samstarfsfólki sem:

- Er tilbúið til að tileinka sér starfsaðferðir leikskólans
- Hefur áhuga á heilsueflingu, umhverfismennt og umhyggjusömum samskiptum
- Er tilbúið til að taka þátt í öflugri starfsþróun
- Er stundvíst, samviskusamt og leggur sig fram um að velja sér jákvæð viðhorf í dagsins önn.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um!

Ungbarnaleikskólinn Ársól í Reykjavík

Auglýsir eftir:

- Leikskólakennara og/eða uppeldismenntuðum starfsmanni í 100% stöðu

Ungbarnaleikskólinn Ársól er 2ja deilda leikskóli með 48 börn.



Nánari upplýsingar veitir:

Berglind Grétarsdóttir leikskólustjóri, sími 563-7730.

Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á <http://www.leikskolinn.is/arsol/>

Heilsuleikskólar Skóla eru:

Hamravellir Hafnarfirði, Háaleiti Ásbrú
Reykjanesbæ, Kór Kópavogi, Krókur Grindavík og
Ungbarnaleikskólinn Ársól Reykjavík.

